# FRÉTTABLAÐIÐ

130. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 3. JÚNÍ 2016


Föstudagsviðtalið

LEIÐIN TIL BESSASTAÐA



# Hafa öll verið bænheyrð

**Forsetaframbjóðendurnir Andri Snær Magnason, Guðrún Margrét Pálsdóttir og Ástþór Magnússon hafa öll beðið bænir og fengið þeim svarað á einn hátt eða annan.**

SÍÐA 12

FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Málin streymdu í gegn á þingi

**ALÞINGI** Fjölmörg frumvörp urðu að lögum á þingi í gær. Samvinna og pólitísk sátt einkenndi störf á þessum síðasta þingdegi fyrir sumarfrí.

„Við erum hér að ljúka málum og ganga til atkvæða um þau. Það gengur mjög vel og þingstörf eru mjög skilvirk núna,“ sagði Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

Undir þetta tók Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar.

„Ber að þakka góðum nefndarformönnum þá vinnu sem þeir hafa unnið,“ sagði Brynhildur.

Málin, sem runnu í gegnum þingið eins og á færibandi væru í gær, voru meðal annars heildarlög um útlendinga og húsnæðislög félagsmálaráðherra. Þá náðist þverpólitísk samstaða um nýtt greiðsluþátttökukerfi heilbrigðisráðherra.

Einnig var samþykkt ályktun um að kanna þátt þýsks banka við sölu ríkisins á Búnaðarbankanum árið 2003.

Þá var búist við að samþykkt yrði fumvarp fjármálaráðherra sem draga á úr áhættu vegna mikils gjaldeyrisinnstreymis.

**– sa /** **sjá síðu 2.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hættulegir veðurfræðingar, skrifar Þórlindur Kjartansson. 17

**SPORT** Íslensku stelpurnar mæta Skotum í undankeppni EM. 20

**MENNING** Nýræktarstyrkir Miðstöðvar íslenskra bókmennta voru afhentir í gær. 28

**LÍFIÐ** Þingkonan Jóhanna María selur af sér spjarirnar á Fésbókinni. 38


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

Sumarsala í Múrbúðinni
Tilboðsbæklingur




MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Opið virka daga kl. 8-18

## Veður




Hæg breytileg átt eða hafgola í dag og léttskýjað, en allvíða líkur á þokulofti við sjávarsíðuna. Hiti 14 til 21 stig til landsins, en mun svalara í þokunni.

SJÁ SÍÐU 26



**Kúluskíturinn hefur fundist á þremur stöðum nýlega.** MYND/RAMÝ

# Kúluskítur finnst á ný í Mývatni

**NÁTTÚRA** „Kúluskítsbörn í Mývatni! Í stormviðrinu undanfarna daga hefur borist dálítið af þörungaló upp á strönd Mývatns við Vagnbrekku. Þetta er tegundin „Aegagropila linnaei“ eða vatnaskúfur, sú sem myndar kúluskítinn. Það eru góðar fréttir, en bestu fréttirnar eru þó að nokkur kúluskítsbörn fundust innan um upprekið. Þau voru tekin í gjörgæslu.“

Hér heldur á penna Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), í færslu sem birt var á Facebook-síðu RAMÝ í gærmorgun. Þess má geta að í vor hefur kúluskítur fundist í þrígang við vatnið.

Árni hefur engar skýringar á því ennþá af hverju kúluskíturinn finnst þetta vorið, en árið 2013 var talið að þetta vaxtarform grænþörungsins Aegagropila linnaei væri horfið úr vatninu.

Þörungurinn sjálfur var tekinn að vaxa lítillega seint í fyrra og mjög staðbundið, en ekki kúluskíturinn sjálfur, segir Árni.

„Þeir vaxa frekar hratt við rétt skilyrði, og þetta eru mjög ánægjuleg tíðindi og segir okkur það að tegundin getur þrifist, og grænþörungurinn sjálfur er ennþá í vatninu, eins og við reyndar töldum okkur vita fyrir víst,“ segir Árni og tekur undir hvað náttúran sé mikið ólíkindatól. **– shá**

# Styttist í afhendingu fangelsis



**Formleg opnun nýs fangelsis á Hólmsheiði verður 10. júní að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra. Nú stendur yfir lokafrágangur fyrir afhendingu byggingarinnar og verið er að koma upp öryggisbúnaði. Fyrstu fangarnir eru væntanlegir í hús í ágúst þegar frágangi verður lokið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Grænt ljós fyrir Airbnb á þingi

**ALÞINGI** Frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald var samþykkt á Alþingi á þriðjudag.

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að einfalda löggjöfina og uppfæra hana til samræmis við breyttan veruleika.

Framboð á gistimöguleikum í heimagistingu hefur stóraukist á Íslandi á undanförnum árum, þó hafa einungis 13 prósent þeirra aðila tilskilin leyfi til að stunda slíka starfsemi. Með einföldun á regluverki er stefnt að því að draga úr svartri atvinnustarfsemi og auka gegnsæi.

Samkvæmt lögunum verður einstaklingum nú heimilt að leigja út lögheimili sitt og aðra eign til viðbótar í allt að 90 daga á ári hverju, án þess að sækja um rekstrarleyfi. Þá verður einnig sett þak á tekjur af starfseminni.

Eftirlit með heimagistingu verður á hendi sýslumanna. **– þv**

# Þverpólitísk sátt náðist fyrir sumarfrí Alþingis

**Mörg mál urðu að lögum eða voru samþykkt sem ályktanir á Alþingi í gær. Þingflokksformenn þakka samstöðuna öflugu nefndastarfi. Þá voru samþykkt lög um ráðstafanir til að draga úr neikvæðum áhrifum gjaldeyrisinnstreymis.**

**ALÞINGI** Fjölmörg frumvörp urðu að lögum á þingi í gær. Samvinna og pólitísk sátt einkenndi þennan síðasta þingdag fyrir sumarfrí. Þing kemur saman á ný í ágúst til að ljúka nokkrum málum fyrir kosningar.

Þingflokksformenn Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar voru ánægðir með gang þingstarfa.

„Við erum hér að ljúka málum og ganga til atkvæða um þau. Það gengur mjög vel og þingstörf eru mjög skilvirk núna,“ sagði Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.

„Þegar fólk vinnur saman eins og gert hefur verið í nefndum og vinnur að því að nálgast verkefni með lausnir í huga þá verða störfin mun skilvirkari fyrir vikið og fyrir það ættum við að gleðjast.“

Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, sagði störfin hafa gengið vel.

„Ástæða þess að þetta rennur svo hratt í gegnum þingið í dag liggur í gífurlega mikilli vinnu þingnefnda og þeirrar sáttar sem hefur myndast í þeim. Atkvæðagreiðslan er í sjálfu sér minnsti hlutinn af þessu öllu saman og því lítur út fyrir að málin renni hér í gegn án umræðu,“ sagði Brynhildur. „Hér er verið að klára mörg ótrúlega flott mál sem sýnir gott samstarf.“

Meðal stórra mála sem voru afgreidd má nefna ný heildarlög um útlendinga sem unnin voru og samþykkt í pólitískri sátt. Er þó einsdæmi í Evrópu að lög um útlendinga fari í gegnum þjóðþing í sátt. Í öðrum ríkjum álfunnar hafa þing logað stafna á milli þegar frumvörp af þessu tagi eru til umræðu.

Húsnæðislög Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra fóru einnig í gegn og samstaða náðist um nýtt greiðsluþátttökukerfi Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.

Einnig var samþykkt ályktun um að kanna sölu Búnaðarbankans árið 2003.

Eftir að Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi var búist við að samþykkt yrði frumvarp Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um ráðstafanir sem draga eiga úr áhættu sem verulegt fjármagnsinnstreymi getur skapað. **sveinn@frettabladid.is**



**Bjarni Benediktsson mælti fyrir frumvarpi tengdu losun fjármagnshafta.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það gengur mjög vel og þingstörf eru mjög skilvirk núna.**
>
> Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins



> **Hér er verið að klára mörg ótrúlega flott mál sem sýnir gott samstarf.**
>
> Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar








**Áður óséð AURISatilboð í takmarkaðan tíma**
á öllum gerðum Auris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verðdæmi á við Auris Live 1.4 dísil á 15" felgum frá Toyota Kauptúni. Verð getur verið mismunandi milli viðurkenndra söluaðila.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Viðreisnarfólk ánægt með fylgiskönnun og stefnir í ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** Nýstofnaði stjórnmálaflokkurinn Viðreisn mælist með 4,3 prósenta fylgi í nýrri skoðanakönnun Gallup. Könnunin er sú fyrsta sem gerð hefur verið frá stofnun flokksins í lok maí. Viðreisn mælist nú með meira fylgi en Björt framtíð sem mælist með 4 prósent.

„Við erum ánægð með að þetta hafi þokast upp á við. Við fögnum því og vonum að þessi þróun haldi áfram,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, og segist kátur yfir niðurstöðunum þar sem flokkurinn var ekki stofnaður fyrr en síðustu dagana sem könnunin var gerð.



**Af stofnfundi Viðreisnar í Hörpu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Viðreisn mældist með 4,3 prósenta fylgi í könnun vegna kosninga til Alþingis.**

„Við höfum sett okkur það markmið að við viljum komast í þá aðstöðu að komast í ríkisstjórn eftir kosningar. Það er opinbert markmið,“ segir Benedikt. Ef til þess kæmi væri Viðreisn tilbúin að vinna með hverjum þeim sem vill vinna að stefnumálum Viðreisnar.

Samkvæmt könnuninni, sem framkvæmd var dagana 28. apríl til 29. maí, bæta bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar við sig fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 28,5 prósent en Píratar með 27,4.

Fylgi Framsóknarflokksins mælist í rúmum tíu prósentum. Vinstri græn mælast með tæp sautján prósent og Samfylkingin tæp átta prósent. **– þea**

## Borgi bætur fyrir meiðyrði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Austurlands yfir karlmanni fyrir meiðyrði gegn lögreglumanni á Eskifirði.

Maðurinn sakaði lögreglumanninn um að hafa sent kynferðisleg skilaboð til táninga. Hann skrifaði þetta í færslu á Facebook í maí 2013 og var dæmdur til þess að greiða lögreglumanninum 100 þúsund krónur í miskabætur að viðlagðri vararefsingu í fyrra. Hæstiréttur staðfesti dóminn og er manninum gert að greiða 100 þúsund krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna eða sitja í fangelsi í átta daga. Einnig þarf hann að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eða 571.027 krónur. **– bös**



**ISIS-liðar.** NORDICPHOTOS/AFP

## Tóku ISIS-menn í Þýskalandi

**ÞÝSKALAND** Þýska lögreglan handtók í gær þrjá sýrlenska menn vegna gruns um að hafa skipulagt hryðjuverk í Þýskalandi. Mennirnir eru taldir vera liðsmenn hryðjuverkasamtakanna Íslamska ríkisins (ISIS).

Fjórði maðurinn sem grunaður er um aðild að málinu hefur verið í haldi lögreglu í Frakklandi frá því í febrúar.

Talið er að átt hafi að ráðast á fólk á götum Düsseldorf með byssum og sprengiefnum. Árásirnar áttu að líkjast árásunum í París og Brussel.

Sagt er að mennirnir hafi ekki hafið eiginlegan undirbúning eða framkvæmd árásanna og að handtökurnar tengist ekki Evrópumeistaramótinu í fótbolta á neinn hátt. **– þv**

# Skólahljómsveitir synja nærri fjögur hundruð um inngöngu

**Tæplega fjögur hundruð börn sem sóttu um nám í skólahljómsveitum Reykjavíkur komust ekki að. Börnum af erlendum uppruna fjölgar meðal umsækjenda. Stjórnanda skólahljómsveitarinnar í Árbæ og Breiðholti þykir miður að svo mörg börn fái ekki tækifæri. Mörg þeirra hafi hæfileika sem fái ekki notið sín.**

**SAMFÉLAG** Tæplega fjögur hundruð börn sem sóttu um tónlistarnám hjá skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar á síðasta ári komust ekki að. Í ár stefnir aftur í mikla umframaðsókn í skólahljómsveitirnar. Nú þegar eru 170 börn á biðlista þótt umsóknarferlinu sé ekki lokið.

Alls hafa sveitirnar heimild til að kenna 441 nemanda á hverju ári eða sem samsvarar 445 klukkustundum á mánuði. Þannig geta sveitirnar hagrætt starfi sínu með það í huga. Um það bil átta hundruð börn sóttu um pláss. Markmið skólahljómsveitanna er meðal annars að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Snorri Heimisson, stjórnandi sveitar í Árbæ og Breiðholti, var með um 150 börn á biðlista í fyrra. Þá var hann með 118 nemendur.

„Mér finnst þetta sorglegt, það eru mörg börn sem hafa tónlistarhæfileika og komast ekki að. Það er okkar reynsla. Ég á erfitt með það hvað biðlistarnir eru langir,“ segir Snorri. Stjórnendur hafi óskað eftir því að fá að taka við fleiri börnum. „Draumurinn er auðvitað að koma öllum börnunum að.“

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir, skólahljómsveit Austurbæjar, skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar, skólahljómsveit Árbæjar, Norðlingaholts og Breiðholts og skólahljómsveit Grafarvogs, Úlfarsárdals og Grafarholts.

Allar sveitirnar hafa heimild upp á 110,25 tónlistarnemendur, samtals 441 nemanda. Stjórnendur báðu um að fjölgað yrði í sveitunum sem hefðu þá 120 nemendur hver. Þeir vilja líka kaupa búnað og bæta kennsluaðstöðu.



**Snorri Heimisson og skólahljómsveit Breiðholts og Árbæjar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Mér finnst þetta sorglegt, það eru mörg börn sem hafa tónlistarhæfileika og komast ekki að. Það er okkar reynsla. Ég á erfitt með það hvað biðlistarnir eru langir.**

Snorri Heimisson, stjórnandi skólahljómsveitar í Árbæ og Breiðholti

Reykjavíkurborg jafnaði nýverið fjölda plássa í hverri sveit eftir gagnrýni um mismunun eftir hverfum. Þannig var sveitin í Breiðholti og Árbæ aðeins með 90 pláss á meðan önnur hverfi höfðu mun fleiri. Plássum hefur hins vegar ekki fjölgað þrátt fyrir mikla aðsókn.

Stjórnandi skólahljómsveitarinnar í Grafarvogi, Einar Jónsson, tekur undir með Snorra.

„Umsóknarferlið er nýhafið og strax er komið töluvert umfram fjölda plássa. Aðsóknin fer vaxandi og ég tek eftir því að börn af erlendum uppruna sækja í meira mæli um. Það er jákvætt en ég myndi vilja bæta starfið fyrir þessi börn,“ segir Einar og segist myndu vilja stuðning vegna þessarar þróunar.

„Það væri skemmtilegt að spila tónlist frá fleiri heimshornum til dæmis,“ segir Einar. „Tónlistarnámið okkar býður ekki upp á neina aðlögun að fjölmenningarsamfélaginu. Við erum ekki með starfsfólk sem talar erlend tungumál. Við viljum teygja okkur að fjölmenningarsamfélaginu en viljum fá stuðning til þess. Ég væri til í að taka þátt í slíku verkefni,“ segir Einar.

Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu hjá skóla- og frístundasviði, segir rætt hjá borginni um breytar þarfir vegna mikillar aðsóknar.

„Við erum mörg sem myndum vilja að öll börn fengju að læra skipulega á hljóðfæri að lágmarki tvö til þrjú ár. Rannsóknir sýna að tónlistarnám hefur varanleg áhrif á almennan árangur,“ segir Sigfríður.

kristjanabjorg@frettabladid.is




# Útilokað að skilja að vændi og mansal

**MANNRÉTTINDI** „Þegar Amnesty International mælir með því að vændi verði gefið frjálst, er dólgum og vændiskaupendum gefin friðhelgi og mannréttindi kvenna í vændi fótum troðin,“ segir í yfirlýsingu frá Kvenréttindafélagi Íslands.

Tilefni yfirlýsingarinnar er að Amnesty International gaf út endanlega stefnu sem felur meðal annars í sér að vinna að afglæpavæðingu vændisþjónustu. Kaup, sala, milliganga um vændi og rekstur vændishúsa verður látið óátalið. Það telur Kvenréttindafélag Íslands alvarleg mistök sem gangi þvert á mannréttindabaráttu Amnesty.

Kvenréttindafélag Íslands bendir á að það sé ógjörningur að skilja á milli vændis og mansals.

„Kaupendur hafa ekki hugmynd um hvort þær konur sem þeir kaupa eru að selja sig af fúsum og frjálsum vilja eða þær eru gerðar út af mansölum. Ef Amnesty vill uppræta mansal, er mikilvægt að samtökin geri sér grein fyrir að það verður ekki gert nema með því að minnka eftirspurn eftir vændi. Samhliða því þarf að bjóða upp á félagsleg úrræði fyrir þau sem stunda vændi og leiðir út,“ segir í yfirlýsingu félagsins. **– kbg**



**Kvenréttindafélag Íslands deilir hart á afstöðu Amnesty International þegar kemur að vændi.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Er dólgum og vændiskaupendum gefin friðhelgi.**

Kvenréttindafélag Íslands

# UNITED SJÓNVÖRP

## TILVALIN Í BÚSTAÐINN EÐA FYRIR UNGLINGINN




**50" UNITED LED SJÓNVARP** UNI-LED50X17T2
Upplausn: 1920 x1080p punktar
3D Comb Filter
Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari
1 x USB tengi sem styðja AVI, MKV, H264, MPEG1/2/4 og aðra videostaðla
Styður MP3, WMA og AAC sem og JPEG ljósmyndir
16W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi
3 HDMI (1.4) tengi, Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf
Dig.coax út og heyrnatólatengi
USB upptökumöguleiki
Sérstök hótelstilling
Passar á Vogels 200 x 200 festingar (fylgja ekki)

**69.995KR**

**40" UNITED LED SJÓNVARP** UNI-LED40X17T2
Upplausn: 1920 x1080p punktar
3D Comb Filter
Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari
1 x USB tengi sem styðja AVI, MKV, H264, MPEG1/2/4 og aðra videostaðla
Styður MP3, WMA og AAC sem og JPEG ljósmyndir
16W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi
3 HDMI (1.4) tengi, Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf
Dig.coax út og heyrnatólatengi
USB upptökumöguleiki
Sérstök hótelstilling
Passar á Vogels 200 x 200 festingar (fylgja ekki)

**49.995KR**







**32" UNITED LED SJÓNVARP** UNI-LED32X16T2
Upplausn: 1920 x1080p punktar
3D Comb Filter
Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari
1 x USB tengi sem styðja AVI, MKV, H264, MPEG1/2/4 og aðra videostaðla
Styður MP3, WMA og AAC sem og JPEG ljósmyndir
16W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi
3 HDMI (1.4) tengi, Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf
Dig.coax út og heyrnatólatengi
USB upptökumöguleiki
Sérstök hótelstilling
Passar á Vogels 200 x 200 festingar (fylgja ekki)

**29.995KR**

Gildir til 30. júní. Fæst í öllum verslunum nema á Eiðistorgi og í Spöng.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Björgólfur Thor Björgólfsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Með alls 50 aflandsfélög

**PANAMASKJÖLIN** Í Panamaskjölunum kemur fram að feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson tengist að minnsta kosti um fimmtíu aflandsfélögum í skattaskjólum.

Fjallað var um viðskipti feðganna í Stundinni í gær og því haldið fram að þeir væru langumsvifamestir allra íslenskra fjárfesta í skjölunum.

Í umfjölluninni er fjallað um aflandsfélagið Ranpod Limited en feðgarnir fengu prókúruumboð fyrir félagið stuttu eftir hrun Landsbankans og var þeim veitt heimild til að stýra eignum félagsins í Barclaysbankanum í Sviss. Bú Björgólfs Guðmundssonar var tekið til gjaldþrotaskipta árið 2009 og segist skiptastjóri ekki kannast við umrætt félag og að það hafi ekki verið hluti af uppgjöri þrotabúsins. Gjaldþrotið var eitt það stærsta í sögu Íslands.

Björgólfur Thor segir að hann hafi fyrir löngu gert upp öll sín mál við kröfuhafa og segir að upplýsingar um félagið Ranpod Limited hafi legið fyrir við ítarlega rannsókn sem gerð var á fjármálum hans í tengslum við skuldauppgjör hans. – **þv**

## Fossandi rigning og flóð



**Minnst tíu hafa látist í flóðunum í Þýskalandi og Frakklandi og fjöldi fólks hefur þurft að yfirgefa heimili sín. Flóðin eru vegna gífurlegra rigninga. Opinberir neyðarsjóðir verða nýttir fyrir samfélög sem verst hafa orðið úti. Miklar skemmdir hafa orðið í Bæjaralandi.** NORDICPHOTOS/AFP

# Lögreglu auðvelduð upplýsingaskipti

**Fulltrúar Bandaríkjanna og Evrópusambandsins undirrituðu í gær samning um vernd persónuupplýsinga í lögreglumálum. Um leið og auðvelda á lögreglu í mismunandi ríkjum að skiptast á upplýsingum er ætlunin er að tryggja vernd upplýsinga um einstaklinga.**

**BELGÍA** Samningur milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um meðferð persónugagna í samskiptum lögregluyfirvalda var undirritaður í Hollandi í gær.

Í aðra röndina er samningnum ætlað að auðvelda samstarf lögregludeilda í Bandaríkjunum og aðildarríkjum Evrópusambandsins. Auðveldara verður að skiptast á upplýsingum milli landa í lögreglumálum.

Á hinn bóginn á samningurinn að tryggja vernd persónuupplýsinga í slíku samstarfi. Efasemdir hafa þó verið viðraðar um þennan þátt samningsins, meðal annars á vettvangi Evrópuþingsins.

Evrópuþingið á reyndar eftir að greiða atkvæði um samninginn, þannig að þótt hann hafi verið undirritaður hefur hann ekki verið staðfestur og tekur ekki gildi fyrr en eftir að því ferli er lokið.

Samninginn undirrituðu þau Loretta Lynch, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, og Vera Jourova, sem sér um dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ásamt Ard van der Steur, dómsmálaráðherra Hollands, en Holland fer nú með formennsku í framkvæmdastjórninni.

> **Hann mun efla samstarf milli lögregluyfirvalda í Bandaríkjunum og Evrópu í baráttunni gegn alvarlegum glæpum og hryðjuverkum**
>
> Ard van der Steur, dómsmálaráðherra Hollands

Van der Steur sagði samninginn standa fyrir þau siðferðilegu gildi, sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa í hávegum. „Hann mun efla samstarf milli lögregluyfirvalda í Bandaríkjunum og Evrópu í baráttunni gegn alvarlegum glæpum og hryðjuverkum,“ sagði hann, og bætti við: „Hann mun ýta undir það að full virðing verði borin fyrir grundvallarréttindum í hvert skipti sem skipst er á persónugögnum milli okkar.“



**Dómsmálaráðherrar Bandaríkjanna og Hollands, Loretta Lynch og Ard van der Steur, undirrita samninginn ásamt Veru Jourovu, sem fer með dómsmál, neytendamál og jafnrétti kynjanna í framkvæmdastjórn ESB.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samningurinn var gerður í september síðastliðnum, en samningaviðræður höfðu þá staðið yfir frá árinu 2010.

Þeim var svo hraðað eitthvað árið 2013 í kjölfarið á uppljóstrunum Edwards Snowden, sem sýndu að leyniþjónustustofnanir beggja vegna Atlantshafsins höfðu í stórum stíl safnað persónuupplýsingum með því að fylgjast með símtölum og netsamskiptum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Eftir að viðræðum lauk, í september síðastliðnum, áttu Bandaríkjamenn þó eftir að gera lagabreytingar sem tryggja að íbúar Evrópuríkja geti leitað réttar síns í Bandaríkjunum með sama hætti og heimamenn.

Bandaríkjaþing samþykkti þær lagabreytingar snemma á þessu ári, en mannréttindasamtök segja þær engan veginn ganga nógu langt.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Húnvetningar ljósleiðaravæða

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ljósleiðaravæða á Húnavatnshrepp.

Frá því er greint í fréttablaðinu Feyki að Húnavatnshreppur hafi fengið 84 milljóna króna styrk vegna ljósleiðara frá Fjarskiptasjóði. Styrkveitingin er sögð í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um útbreiðslu háhraðanettenginga.

Til viðbótar er sveitarfélagið sagt þurfa að afla 57 milljóna króna, auk greiðslu frá notendum.

Þá segir að ráðinn hafi verið sérstakur verkefnisstjóri til 15. október og forval á verktökum til að taka þátt í lokuðu útboði standi nú yfir. – **óká**

# Tyrkir kalla sendiherra sinn heim frá Þýskalandi

**ÞÝSKALAND** Þýska þingið samþykkti í gær ályktun þar sem þjóðarmorð Tyrkja á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar var fordæmt.

Þingmennirnir létu harða gagnrýni tyrkneskra stjórnvalda ekki stöðva sig, en Tyrkir hafa kallað sendiherra sinn heim og Recep Tayyip Erdogan hefur sagt að samskipti ríkjanna muni nú verða afar erfið.

„Tyrkland brást við eins og búast mátti við,“ sagði Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra í stjórn Angelu Merkel, í viðtali við útvarpsstöðina Deutsche Welle.

„Ég vona að við getum á næstu dögum séð til þess að viðbrögðin verði höfð í hófi,“ bætti hann við.

> **Ég vona að við getum á næstu dögum séð til þess að viðbrögðin verði höfð í hófi.**
>
> Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Tyrklands

Tyrkir í Þýskalandi mótmæla ályktun þingsins líka harðlega.

Tyrkir hafa aldrei viljað viðurkenna að þjóðarmorð hafi verið framið, heldur hafi verið mikið mannfall á báða bóga í átökum milli Tyrkja og Armena í Tyrklandi.

Í Tyrklandi hefur fólk ítrekað fengið fangelsisdóma fyrir að minnast á þjóðarmorð í þessu samhengi. – **gb**




**Armenar fylgdust með atkvæðagreiðslunni á þýska þinginu í gær og felldu sumir tár þegar niðurstaðan varð ljós.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




## Þú ferð lengra á Kia Soul EV Luxury

Kia Soul EV Luxury kemur þér og þínum á leiðarenda, með yfir **212 km drægni** við bestu aðstæður. Bíllinn er fagurlega hannaður og djarfur útlits. Hann gengur eingöngu fyrir rafmagni, er sérstaklega hljóðlátur og gefur **engan útblástur** frá sér. Þægilegt innanrými og ríkulegur staðalbúnaður tryggja ánægjulegan akstur — frá innkeyrslu að áfangastað.

**Helsti staðalbúnaður**

· Hiti í öllum sætum
· Kæling í framsætum
· Hiti í stýri
· Leðuráklæði
· Íslenskt leiðsögukerfi
· Bakkmyndavél og 8" snertiskjár
· Lyklalaust aðgengi
· LED ljós að framan og aftan
· Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
· Handfrjáls búnaður (Bluetooth)
· Hraðastillir (Cruise Control)
· og ótal margt fleira ...

**Kia Soul EV Luxury bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

Verð **4.490.777** kr.

Útborgun aðeins 10% eða **449.077** kr.

Kia Soul EV Luxury — rafbíll, sjálfskiptur.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Telur að hugmyndir Lars myndu veikja stöðu Landsvirkjunar

**VIÐSKIPTI** „Það sem mér finnst gagnrýniverðast við þessa umræðu er að um áttatíu prósent af sölu Landsvirkjunar eru til stóriðju og um 20 prósent inn á heildsölumarkaðinn," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, um nýja skýrslu um orkumarkaðinn sem Lars Christensen alþjóðahagfræðingur vann fyrir Samtök iðnaðarins.

Í skýrslu sinni varar Lars við því að Landsvirkjun sé með ráðandi stöðu á orkumarkaði. Þess vegna ætti að skipta fyrirtækinu í einingar.

„Í stóriðjuhlutanum erum við að keppa á alþjóðlegum markaði. Þar erum við að keppa við fyrirtæki eins og Statkraft í Noregi og Vattenfall í Svíþjóð. Við erum á mjög virkum samkeppnismarkaði með um 80 prósent af okkar raforkusölu," segir Hörður. Hann bætir því við að ef hugmyndir Lars myndu ganga eftir myndi það fyrst og fremst veikja samningsstöðu Landsvirkjunar á þessum markaði.


Lars Christensen kynnti skýrslu sína um orkumál í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Í stóriðjuhlutanum erum við að keppa á alþjóðlegum markaði. Þar erum við að keppa við fyrirtæki eins og Statkraft í Noregi og Vattenfall í Svíþjóð.
>
> Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

„Við erum þegar langminnsta fyrirtækið og samningsstaða okkar og sá arður sem færi til íslensku þjóðarinnar myndi án efa minnka við þetta," segir Hörður.

Lars leggur líka til að eignartengslin milli Landsvirkjunar, sem er orkuframleiðandi, og Landsnets, sem er orkudreifingaraðili á Íslandi, verði rofin. Hann segir einnig að ríkið geti selt bæði þessi fyrirtæki. Hörður segir að það sé eigandans, íslenska ríkisins, að ákveða hvort tveggja. **– jhh**

# Gróði ríkisins gæti orðið 160 milljarðar

**Ríkið hagnaðist um 76 milljarða króna á falli bankanna. Verði þátttaka mikil í gjaldeyrisútboði í þessum mánuði vænkast hagur ríkisins enn meira. Hagnaðurinn gæti orðið 160 milljarðar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið lét meta áhrif falls bankanna á útgjöld ríkisins.**

**EFNAHAGSMÁL** Endurheimtur ríkissjóðs af hruni bankakerfisins 2008 eru mun meiri en beinn kostnaður. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Ásgeir Jónsson hagfræðingur og Hersir Sigurgeirsson fjármálastærðfræðingur hafa unnið fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Endurheimtur ríkisins eru sagðar nema 55,3 til 76 milljörðum króna, eftir því hvort horft er til endurheimta sem hluta af vergri landsframleiðslu (2,6 prósent) eða krónutöluuppgjörs hvers árs miðað við verð í árslok 2015. Á verðlagi hvers árs er ábati ríkisins hins vegar sagður 286 milljarðar króna.

„Með endurheimtum af fjármögnun viðskiptabankanna, sérstökum sköttum á slitabúin og stöðugleikaframlögum slitabúanna hefur ríkissjóður því heimt til baka, og gott betur, allan þann beina kostnað sem féll á hann vegna lánveitinga Seðlabankans og lánamála ríkisins, ríkisábyrgða og falls sparisjóðanna," segir í skýrslunni. Hrunið falli því í flokk með bankakrísunum í Brasilíu, Úkraínu og Svíþjóð á árunum 1988 til 1991 sem ein af þeim krísum sem ríkissjóður hafi borið hvað minnstan hreinan kostnað af.

Í skýrslunni er ekki tekið tillit til mögulegs ábata Seðlabanka Íslands vegna fyrirhugaðs gjaldeyrisútboðs á aflandskrónum 16. júní næstkomandi, enda sé alls óvíst hversu mikil þátttaka verði í því.

„En ef allri snjóhengjunni, 320 milljörðum króna, verður skipt fyrir evrur verður gengið í viðskiptunum 190 krónur og mun hagnaður Seðlabankans þá nema um 84 milljörðum króna miðað við opinbert gengi evru," segir þar. Gangi það eftir er hagnaður ríkisins kominn upp í 160 milljarða króna.

Um leið er bent á að í versta falli verði engin þátttaka, en þá leiti 320 milljarðar króna í innstæðubréf Seðlabankans sem beri 0,5 prósenta vexti. Þeir séu 5,25 prósentum lægri en á bundnum innstæðum í Seðlabanka og því megi líta svo á að á meðan spari Seðlabankinn sér um 17 milljarða í árlegar vaxtagreiðslur af snjóhengjunni.

Vegna óvissunnar er hugsanlegur ábati af útboðinu sagður látinn liggja á milli hluta. „Meginmarkmið útboðsins er heldur alls ekki að afla tekna heldur að þurrka út eftirstöðvar af vaxtamunarviðskiptum fyrir hrun með því að eyða aflandskrónum úr íslensku fjármálakerfi," segir jafnframt í skýrslunni. **olikr@frettabladid.is**


Höfundar nýrrar skýrslu um bein áhrif falls bankanna á fjárhag ríkisins, Hersir Sigurgeirsson og Ásgeir Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Óbeinn kostnaður ekki með

Sleginn er sá varnagli í nýrri skýrslu Ásgeirs Jónssonar og Hersis Sigurgeirssonar um kostnað ríkisins af falli bankanna að einungis sé reynt að meta beinan kostnað og ávinning. „Ekki er hins vegar tekið tillit til óbeins kostnaðar, svo sem vegna tapaðra skatttekna og aukinna almennra ríkisútgjalda vegna þess skarpa efnahagssamdráttar sem sigldi í kjölfar hrunsins." Sagt er ljóst að ákaflega erfitt sé að festa hendur nákvæmlega á því hvað telst raunverulega vera óbeinn kostnaður vegna falls bankanna – enda sé niðurstaða fjárlaga hvort tveggja í senn, afleiðing af pólitískum ákvörðum á Alþingi sem og árferði í efnahagsmálum. „Þannig eru tilraunir til þess að meta óbeinan kostnað ríkissjóðs að miklu leyti ágiskanir um hvað hefði gerst og hvað ekki, hefði hrunið ekki orðið. Skal öðrum fróðari rannsakendum látið það verkefni eftir."

### Kostnaðarliðir og endurheimtur vegna falls bankanna

Upphæðir eru í milljörðum króna.

| Kostnaðar-/tekjuliður | Verðlag hvers árs | Verðlag 2015 | VLF% hvers árs |
|---|---|---|---|
| Veðlánaviðskipti Seðlabanka | -198 | -333 | -15,7% |
| Verðbréfalán ríkissjóðs | -56 | -94 | -4,4% |
| Fjármögnun viðskiptabankanna | 138 | 125 | 5,5% |
| Sparisjóðir | -22 | -24 | -1,3% |
| Ríkisábyrgðir | -28 | -34 | -1,8% |
| Lán Seðlabanka til Kaupþings | -39 | -62 | -2,6% |
| Sérstakir skattar á slitabú | 89 | 91 | 4,4% |
| Stöðugleikaframlög slitabúa | 386 | 386 | 17,5% |
| Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka | 17 | 20 | 1,0% |
| Alls | 286 | 76 | 2,6% |

**Heimild:** Skýrsla Ásgeirs Jónssonar og Hersis Sigurgeirssonar 2. júní 2016.

> **320**
> milljarðar króna eru nú í snjóhengjunni.

## Angelo áfram í farbanni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjaness um framlengt farbann yfir Hollendingnum Angelo Uijleman. Hann er einn ákærðra í umfangsmiklu fíkniefnasmyglmáli sem kom upp í september í fyrra. Farbannið gildir þar til dómur fellur en ekki lengur en til 28. júní.

Málið hefur vakið hefur mikla athygli. Ekki síst vegna þess að Angelo er greindarskertur og sat í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur. Þá var fjölskylda Angelos ekki látin vita af handtöku hans í fyrstu.

Alls eru fjórir ákærðir, þar af tveir Íslendingar. Ákærurnar snúa að skipulagningu innflutnings og smygli á ríflega tuttugu kílóum af sterkum fíkniefnum. **– bá**


Angelo Uijleman

# Slysið í Noregi snertir íslensku Gæsluþyrlurnar ekki

**ÖRYGGISMÁL** „Málið hefur engin rekstrarleg áhrif á þyrlur Landhelgisgæslunnar og ekkert sem bendir til þess að svo muni verða", segir Höskuldur Ólafsson, tæknistjóri flugrekstrardeildar Landhelgisgæslunnar, en norskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi teldi gögn benda til að orsök þyrluslyssins í Hörðalandi 29. apríl hafi verið bilun í gírkassa.

Eins og kunnugt er létust þrettán þegar Super Puma norska fyrirtækisins Statoil fórst við eyjuna Turøy ekki langt vestur af borginni Björgvin. Verið var að ferja starfsmenn fyrirtækisins af olíuborpöllum í Norðursjó þegar slysið varð og fljótlega var ljóst að um bilun í vélinni var að ræða – ekki mannleg mistök.

Þrjár af björgunarþyrlum Landhelgisgæslunnar eru Super Puma – en af annarri gerð en sú sem fórst. Hins vegar hafa norsk flugmálayfirvöld kyrrsett margar þyrlur vegna slyssins og Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, íhugar aðgerðir.

> Við störfum í hvívetna eftir fyrirmælum frá EASA.
>
> Höskuldur Ólafsson, tæknistjóri flugrekstrardeildar Landhelgisgæslunnar

Höskuldur segir að LHG fylgist náið með þessu máli, en rannsókn sé enn í fullum gangi á slysinu og ekki komin niðurstaða, aðeins getgátur um orsök slyssins.

Landhelgisgæslan rekur Super Puma þyrlur af AS332L1 gerð sem eru ólíkar þeim sem bannið í Noregi tekur til.

Spurður hvort flugvirkjar hafi skoðað þyrlur LHG sérstaklega með tilliti til kenninga Norðmanna um orsök slyssins, og hvort Gæslan sé í beinu sambandi við norsk yfirvöld segir Höskuldur: „Þar sem okkar vélar eru ólíkar þá er ekki ástæða til að skoða þær sérstaklega í tengslum við þetta slys. Við erum ekki í sambandi við norsku flugmálastjórnina. Við erum í góðu sambandi og samstarfi með Samgöngustofu og störfum í hvívetna eftir fyrirmælum frá EASA." **– shá**


TF-SYN er ein af Super Puma þyrlum Gæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



NÝ VERSLUN Á GRANDA
AÐ FISKISLÓÐ 15. FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!
FRÁBÆR OPNUNAR-TILBOÐ!
MEÐ SNÚNINGSHJÓLUM
30%
NÚ VERÐ FRÁ:
6.995
FERÐATÖSKUR
Léttar og góðar ferðatöskur á frábæru verði! Lítil: 46 sm. 1,7 kg 9.995 nú 6.995
Mið: 62 sm. 2,1 kg 16.950 nú 11.865
Stór: 73 sm. 2,8 kg 19.950 nú 13.965
Allt settið: 36.900 nú 25.830
Vnr. K12200110
KRONBORG OF DENMARK PLUS
Koddi
50 x 70 sm.
7.995
SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
12.990
ALLT AÐ 35% AF SÆNG
FALKETIND ANDADÚNSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. 19.990 nú 12.990 135 x 220 sm. 21.990 nú 14.990 200 x 220 sm. 29.990 nú 22.990
Vnr. 4026150, 4026151, 4026185, 4260004
HALDEN SÓLSTÓLL OG SÓLBEKKUR
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og rauðu. Einnig sólbekkur í stíl úr stáli og sterkum striga. Litur: Svartur.
Vnr. 3738500
FULLT VERÐ: 9.995
5.895
ALLT AÐ 44% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 8.995
4.995
KRONBORG OF DENMARK GOLD
BÓMULL
50%
PAULA SÆNGURVERASETT
Efni 100% bómull.
Stærðir:
140 x 200 sm. 3.995 nú 1.995
140 x 220 sm. 4.495 nú 2.245
140 x 220 sm. 5.995 nú 2.995
Lokað með tölum.
Vnr. 1279580
NÚ VERÐ FRÁ:
1.995
VELOURHERÐATRÉ
Fást í 2 litum. 10 stk. í pakka.
Vnr. 3982900
10 STK.
40%
FULLT VERÐ: 1.295
775
20%
NÚ VERÐ FRÁ:
1.995
SKÓHILLUR
Mikið úrval af góðum skóhillum í mörgum gerðum.
Vnr. 3658303, 3658305
56%
FULLT VERÐ: 695
299
HERRANÆRBUXUR
Fáanlegar í mörgun stærðum og litum á frábæru verði!
St. S - XXL. Vnr. 25000333
DURABEAM VINDSÆNG
Góð og vönduð uppblásanleg vindsæng með velouráklæði. Frábær lausn þegar þarf að taka á móti gestum. Innbyggð rafmagnspumpa. Stærð: B99 x L191 x H46 sm.
Taska fylgir. Vnr. 4702700
41%
FULLT VERÐ: 16.950
9.950
29 LTR. PLASTKASSI
Stærð: 46,5 x 35,5 x 25,7 sm.
Vnr. 2040
50%
29 LTR.
FULLT VERÐ: 1.995
995
ÁBREIÐA
43%
FULLT VERÐ: 3.495
1.995
LUND ÁBREIÐA
Falleg bútasaumsábreiða.
Stærð: 140 x 200 sm.
Vnr. 450740
50%
SUNDLAUG
Stærð: 132 x 210 sm. 420 lítra.
Vnr.41909001
420 LÍTRA
FULLT VERÐ: 5.995
2.995
FULLT VERÐ: 1.495
995
33%
LUND PÚÐAR
Stærð: 45 x 45 sm.
Vnr. 6805501, 6805701, 6805601
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA ÚT 05.06 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# Nýr formaður tekur við Samfylkingunni

**Flókið kosningakerfi Samfylkingarinnar gæti tryggt formann sem ekki fær flest atkvæði flokksmanna í fyrsta sætið. Oddný mælist best meðal almennings en fleiri kanónur innanflokks styðja Magnús Orra Schram.**

**STJÓRNMÁL** Enginn formannsframbjóðandi Samfylkingarinnar hyggst bjóða sig fram til varaformanns ef hann býður lægri hlut í formannskosningunni. Niðurstöður kosningarinnar verða kunngjörðar klukkan sex í dag. Fyrir liggur að tvær konur eru í framboði til varaformanns, þær Sema Erla Serdar og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Könnun Gallup síðan 21. apríl sýndi Oddnýju G. Harðardóttur með mest fylgi í stöðu formanns á meðal almennings. Þar á eftir kom Helgi Hjörvar, svo Magnús Orri Schram og að lokum Guðmundur Ari Sigurjónsson. Í hugum margs samfylkingarfólks næst engin samstaða um það innanflokks að kona gegni bæði stöðu formanns og varaformanns. Það liggur því fyrir að ef Oddný hefur betur í kjörinu þá muni karl bjóða sig fram í embætti varaformanns. Margir hafa horft til Magnúsar Orra í því samhengi.

„Ég er með ákveðna hugsun sem ég er að leggja á borðið og tel að flokkurinn þurfi að gera verulegar breytingar sem mig langar að leiða áfram. Á grundvelli þess mun ég ekki setjast í stól varaformanns,“ segir Magnús, aðspurður um þessa stöðu.

Kosningakerfið sem fylgt er í þetta sinnið er svokölluð írsk leið. Kerfið er ekki auðskiljanlegt fyrir fólk sem er að flýta sér en hér verður gerð tilraun til að útskýra kerfið.

Kjósendum býðst að raða frambjóðendum í fyrsta, annað, þriðja, og fjórða sæti á kjörseðlinum. Hljóti einhver frambjóðandi meira en 50 prósent atkvæða þá er málið útrætt og sá stendur uppi sem sigurvegari. Það verður hins vegar að teljast afar ólíklegt að einhver fái yfir helmings fylgi flokksmanna eins og staðan er nú.

**» Niðurstöður í formannskjöri Samfylkingarinnar eiga að liggja fyrir klukkan átján í dag.**

Fari svo að enginn nái 50 prósentum eru kjörseðlar þess frambjóðanda sem fæst atkvæði hlaut skoðuð. Atkvæði hans í fyrsta sæti falla niður. Með öðrum orðum þá er hann ekki lengur með í kapphlaupinu. Frambjóðendur sem eftir eru „græða“ þá atkvæði frá þeim sem tapaði en annað val hans kjósenda flyst yfir á þá sem heil atkvæði.

Sem dæmi: Ef Guðmundur Ari Sigurjónsson fær fæst atkvæði í kosningunni, eins og könnun Gallup gerir ráð fyrir, fellur hann úr kapphlaupinu. Kjósendur hans völdu hins vegar hina þrjá frambjóðendurna í annað sætið, í misjafnlega miklum mæli. Segjum sem svo að Magnús Orri Schram sé efstur frambjóðenda í formannskosningu en Oddný rétt á eftir honum. Ef kjósendur Guðmundar Ara settu Oddnýju í annað sætið í nógu miklum mæli til að tryggja henni meirihluta flokksmanna, þá vinnur hún. Þrátt fyrir að fleiri hafi stutt annan frambjóðanda sem sitt fyrsta val til formanns.

Oddný getur hæglega unnið formannskosninguna, en fari svo að hún verði með næstflest atkvæði sem fyrsta val er ekki ólíklegt að hún standi samt uppi sem sigurvegari vegna þess að tilhneiging samfylkingarfólks er að kjósa karl og konu til skiptis á kjörseðlinum.

Ef það bregst segir Oddný að ekki standi til að bjóða sig fram til varaformanns. Undir þetta tekur Helgi sem samkvæmt könnun Gallup nýtur næstmests fylgis almennings. „Ég er í formannsframboði og hef ekki hugsað út neitt annað.“

snaeros@frettabladid.is



Magnús Orri Schram.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-1268

# í dag



Guðmundur Ari Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Helgi Hjörvar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Oddný Harðardóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kanónur hafa gert grein fyrir stuðningi sínum

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, og þingkonurnar Sigríður I. Ingadóttir og Ólína Þorvarðardóttir hafa allar lýst yfir stuðningi við Oddnýju Harðardóttur. Hún þykir líkleg til að sækja fylgi lengra til vinstri í flokknum og á meðal kvenna. Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi ráðherra flokksins og formaður BHM, hefur sömuleiðis lýst yfir stuðningi við Oddnýju, sem og Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi.

Össur Skarphéðinsson, sem eitt sinn var formaður Samfylkingarinnar, segir sitt atkvæði fara til Magnúsar Orra Schram. Það hefur Dagur B. Eggertsson borgarstjóri líka gert sem og Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar. Þingkonan Valgerður Bjarnadóttir lofar Magnúsi einnig stuðningi. Formaður Ungra jafnaðarmanna, Eva Indriðadóttir, styður Magnús og henni fylgja margir ungliðar. Margrét Gauja Magnúsdóttir, sem býður sig fram til varaformanns flokksins, styður sömuleiðis Magnús.

Mörður Árnason, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, styður Helga Hjörvar, sem og Hrannar B. Arnarson, fyrrverandi aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur.

## Snuðuð í fjögur ár á Akranesi

**KJARAMÁL** Skólaliðar í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla fá launaleiðréttingu þar sem þeir hafa ekki fengið álagsgreiðslu sem nemur 55 prósentum af dagvinnutaxta eins og kveðið er á um í kjarasamningi á milli Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) og Akraneskaupstaðar. Þetta kemur fram í tilkynningu VLFA.

Félagið komst á snoðir um þetta er það var að skoða mál sem tengjast aðalhreingerningum skólaliða og gerði því athugasemd við forsvarsmenn Akraneskaupstaðar.

Munu skólaliðar því fá 55 prósenta álag endurgreitt fjögur ár aftur í tímann og nemur endurgreiðslan tæpum tvö hundruð þúsundum króna fyrir þá sem eiga fullan rétt. Í heildina nemur endurgreiðslan um 5,7 milljónum króna. **– þea**



**Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA**



FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ – LEIÐIN TIL BESSASTAÐA



Andri Snær, Guðrún Margrét og Ástþór komu saman og ræddu um ólíkar áherslur sínar í framboði til embættis forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Öll með sterka og háleita framtíðarsýn

**Forsetaframbjóðendurnir þrír sem kynntir eru til leiks í föstudagsviðtali Fréttablaðsins eru ólíkir en eiga það þó sameiginlegt að hafa sterka sýn á samfélagið. Einn vill virkja þjóðina í bæn, annar vill skjaldborg um hálendið og sá þriðji vill að á Íslandi verði friðarþorp.**


Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is




Þrír forsetaframbjóðendur mættust í föstudagsviðtali Fréttablaðsins sem er með breyttu sniði fram að kosningum.

Ástþór Magnússon sér fyrir sér friðarþorp í hrauni Hafnarfjarðar, Guðrún Margrét Pálsdóttir vill rækta bæði gróður og kristna trú og Andri Snær Magnason leggur meðal annars mikla áherslu á þjóðgarð á hálendinu, tungumálið og jöfnuð í íslensku samfélagi.

Þó að þau séu alls ekki öll jafn trúrækin hafa þau hvert á sinn hátt verið bænheyrð.

Ástþór segist hafa verið bænheyrður þegar hann vildi flytja veika stúlku frá Írak á vestrænt sjúkrahús. Guðrún Margrét þegar hún ferðaðist um Suður-Ameríku og lenti í alls kyns hættum. Andri Snær þegar hann bað með syni sínum fyrir hljómsveitinni Geirfuglunum. Hljómsveitin spilaði síðar í þriggja ára afmæli sonar hans.

**1. Styður þú breytingar á stjórnarskrá? Hvort styður þú frekar tillögur stjórnlagaráðs eða stjórnarskrárnefndar um breytta stjórnarskrá?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Núverandi stjórnarskrá er of veik hvað varðar hlutverk forseta og rétt þjóðarinnar til að kjósa um mikilsverð mál. Ferlið á bak við tillögur stjórnlagaráðs er skýrt og vandað. Við eigum að finna leið til að ljúka ferlinu.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Mikilvægast er að farið sé eftir stjórnarskránni og hún sé ekki túlkuð út og suður í einstökum málum. Sumt í stjórnarskrá þarf að uppfæra í takt við samtímann. Hvað varðar synjunarvald forseta og að skjóta málum til þjóðaratkvæðagreiðslu tel ég að tillaga Stjórnlagaráðs um 10 prósent fjölda undirskrifta sé eðlileg og ég myndi byggja á þeirri ágætu tillögu í starfsreglum sem ég myndi setja mér sem forseti.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Ég tel stjórnarskrá Íslands nokkuð góða í heildina en styð endurskoðun á henni, svo sem að skilgreina betur hlutverk forseta Íslands og að bæta við ákvæðum um eignarrétt þjóðarinnar á auðlindum, náttúruvernd og að 15 prósent þjóðarinnar geti, án aðkomu forseta, krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Ég styð eindregið starf stjórnarskrárnefndar við endurskoðun á stjórnarskránni.

**2. Hvaða hagsmunatengsl hefur þú eða þín fjölskylda við stjórnmál eða viðskiptalíf?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Nánast allt mitt fólk starfar í heilbrigðiskerfinu. Ég hef enga sérstaka hagsmuni hvað varðar flokka eða viðskiptalíf.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Ég á fyrirtækið islandus.is sem hefur um árabil boðið lægri verð á bílum með beinum innflutningi frá Bandaríkjunum og Evrópu. Við höfum einnig verið framarlega í rafbílum og hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Ég tengist engum stjórnmálaflokki.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Engin.

**3. Vilt þú að miðhálendið verði skilgreint sem þjóðgarður?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Já, þjóðgarðurinn verður að vera rekinn í nánu samstarfi við ferðafélög, sveitarfélög, jeppafólk, bændur, skotveiðimenn og aðra. Þjóðgarður snýst um að hlúa að náttúrunni með því að bæta aðstöðu og efla atvinnu í nærsveitum. Víðernin eru okkar helsti fjársjóður og við getum verndað þau best innan þjóðgarðs.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Mér finnst það ágæt hugmynd að skilgreina slíkar náttúruperlur sem þjóðgarða. Náttúruvernd er í raun undirstaða okkar stærstu atvinnugreinar í dag. Fólk sækir landið heim til að njóta óspilltrar náttúru, ljósmyndun og kvikmyndagerð hér fer einnig vaxandi. Íslendingar þurfa að vera vel vakandi og stíga varlega til jarðar í náttúrunni.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Ég er hlynnt náttúruvernd en ég tel að það þurfi að fara varlega í það að útiloka aðgang og sjálfbæra nýtingu á svo stórum hluta landsins. Ég vildi frekar sjá áætlanir um uppgræðslu lands og skógrækt og bætt aðgengi fyrir útivistarfólk og þá sem vilja ferðast um landið.

## 3 um þrennt

HVAÐA ORÐ KEMUR FYRST UPP Í HUGANN ÞEGAR ÞÚ HEYRIR EFTIRFARANDI HUGTÖK?

- Ást
- Trú
- Samfélag

### Andri Snær Magnason



- Magga, börnin og landið
- Fjöll, fossar og fuglar
- Frelsi, jafnrétti og bræðralag

**LAGIÐ Big Jumps** | Emilíana Torrini

### Ástþór Magnússon



- Kærleikur
- Kraftur
- Réttlæti

**LAGIÐ Valdið til fólksins**
Lag John Lennon. Texti: Sverrir Stormsker

### Guðrún Margrét Pálsdóttir



- Kærleikur, væntumþykja og vernd
- Fullvissa, friður og öryggi
- Fjölskylda, vinátta og hamingja

**LAGIÐ Sannleikurinn** | Hjalti Gunnlaugsson

**4. Ertu femínisti?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Já, það kemur ekkert annað til greina en fullur stuðningur við jafnrétti kynjanna.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Já, ég er jafnréttissinni.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Ég er hlynnt hugsjóninni um það samfélagslega réttlæti sem felst í jafnrétti kynjanna.

**5. Hvort skilgreinir þú þig til hægri eða vinstri á pólitíska ásnum?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Náttúran er hvorki til hægri né vinstri. Ég trúi á frelsi til athafna, náttúruvernd, jafnrétti, jöfnuð og samfélagslega ábyrgð.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Forseti þarf að geta sameinað fólk úr öllum áttum og flokkum í góðum málum. Ég er þverpólitískur og aðhyllist ekki kaldastríðshugsun, en þar tapaði fólk oft skynseminni í hægri og vinstri öfgahugsun.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Ég hef aldrei verið flokksbundin en skil bæði sjónarmið hægri- og vinstrisinna. Ég held að farsælast væri að halda því besta úr báðum stefnum, halda frelsi til framkvæmda og sinna sameiginlegum þjóðfélagslegum skyldum okkar vel, svo sem með góðu heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi.

**6. Vilt þú að settar verði siðareglur fyrir forsetaembættið? Hvað væri mikilvægasta atriði þeirra?**

**ANDRI SNÆR MAGNASON** Embættið á að setja sér siðareglur hvað varðar hagsmunatengsl og mannréttindi.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Tvímælalaust á forsetinn að setja embætti sínu siðareglur. Eitt þeirra atriða sem þar þarf að vera er ákvæði um fjölda undirskrifta sem þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu með atbeina forseta. Slíkt mun veita þingheimi aðhald og ef þjóðin veit fyrirfram hvað þurfi til mun það stuðla að meiri sátt um störf Alþingis og friði í samfélaginu.

**GUÐRÚN MARGRÉT PÁLSDÓTTIR** Ég tel að það sé gott fyrir alla að setja sér siðareglur og þar er forseti ekki undanskilinn. Ekki bara hafa óskrifaðar hefðir heldur einnig nokkrar skrifaðar meginreglur um grundvallarmál, s.s. það sem snýr að gagnsæi í fjármálum embættisins og sjálfstæði varðandi stefnu í utanríkismálum. Með nýjum forseta koma nýjar hefðir sem ekki eru endilega fyrirséðar. Það má þó ekki setja siðareglur þannig að þær hindri forseta í störfum hans.


The Body Shop
á Íslandi er
25 ára
25% afsláttur
af verði allra vörutegunda
dagana 2.-4. júní
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI
Finndu okkur á
Facebook og Snapchat

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**498** kr. kg
**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

**1.898** kr. kg
**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar

**698** kr. kg
**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

90kr verðlækkun
**295** kr. 770 g
**Myllu Heimilisbrauð**
770 g - Verð áður 385 kr.

**95** kr. 200 g
**ES Steiktur Laukur**
200 g

1,35kg
**359** kr. 1,35 kg
**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg

GOTT Á GRILLIÐ
**179** kr. stk.
**Maís**
Ferskur, ca. 250 g

**1.998** kr. kg
**Norðanfiskur Laxabitar**
Með roði, frosnir

1kg
**998** kr. 1 kg
**Gevalia Kaffibaunir**
1 kg

**198** kr. 350 g
**Bónus Hrásalat**
350 g

**249** kr. 270 ml
**Bónus Grillsósa**
270 ml, 2 teg.

Orkudrykkur
Líka til sykurlaus
**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml, 2 teg.

0,5L
**98** kr. 500 ml
**Egils Appelsín**
500 ml

1,5L
**198** kr. 1,5 l
**Coca Cola**
1,5 l

**298** kr. 275 ml
**Bónus Bernaisesósa**
275 ml

VALITOR




**998** kr. pk.

**Stjörnugrís Grillpylsur**
10 stk. í pakka, 900 g




**359** kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g,10 stk.




**169** kr. pk.

**Bónus Pylsubrauð**
260 g, 5 stk.

**Pylsa + brauð 70 kr/stk.**



# BIRGJUM OKKUR UPP Í BÓNUS

**100% Íslenskt ungnautakjöt**

**4stk** 80 g




**579** kr. 2x140 g

**598** kr. 4x80 g

**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

**80 g hamborgari+brauð 192 kr/stk.**

**120 g hamborgari+brauð 317 kr/stk.**

**140 g hamborgari+brauð 332 kr/stk.**






**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

**Foreldað**
Aðeins að hita




**998** kr. kg

**Ali Spareribs**
Foreldað, ferskt

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**




**3.898** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt




**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar




**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt



**1.598** kr. kg

**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Úrbeinaðar, kryddaðar



**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Hver á að græða?



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Glöggt er gests augað, er stundum haft á orði þegar utanaðkomandi benda á það sem betur mætti fara. Og oft er það þannig að þeir sem berja hlutina augum í fyrsta sinn hnjóta um eitthvað sem staðkunnugir eru löngu orðnir vanir og jafnvel hættir að velta fyrir sér.

En það getur líka verið að „gesturinn“ hafi ekki þá þekkingu á staðháttum sem til þarf til að draga réttar ályktanir. Fyrirlestur danska hagfræðingsins Lars Christensen hjá Samtökum iðnaðarins í gær ber með sér að hvort tveggja kunni að vera rétt hvað varðar athugasemdir hans um íslenskan raforkumarkað.

Í fyrirlestri sínum benti Christensen á að til lengri tíma litið kæmi það almenningi í landinu vel að ýta undir samkeppni á raforkumarkaði sem tryggði sem lægst orkuverð. Lágt orkuverð auki svo aftur samkeppnishæfi landsins.

Þá séu raforkuviðskipti ógagnsæ því hér fari þau fram með tvíhliða samningum milli kaupenda og seljenda. Um leið þurfi meiri aðskilnað milli Landsvirkjunar, sem framleiði orkuna, og Landsnets, sem annist dreifinguna. Landsvirkjun á tæp 65 prósent í Landsneti á móti RARIK (sem á tæp 23 prósent), Orkuveitu Reykjavíkur (með tæp sjö) og Orkubúi Vestfjarða (sem á tæp sex prósent).

Nær væri, að mati Christensens, að viðskiptin færu fram í raforkukauphöll, líkt og algengt sé í Evrópu.

Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og sérfræðingur um orkumál, tekur undir þessi sjónarmið í frétt Fréttablaðsins af fundinum í dag. Þótt markaðurinn hér sé frjáls þá sé hann ekki kvikur. Mikilvægt sé að myndist meira markaðsverð til almennra notenda.

Um leið slær Ketill varnagla þar sem Christensen virðist fara út af sporinu í ráðleggingum sínum og varar við einkavæðingu á Landsvirkjun og Landsneti, sem Christensen talaði fyrir í erindi sínu í gær.

Landsvirkjun er nefnilega í þeirri einstöku stöðu að vera við það að greiða upp skuldir sínar eftir að hafa síðustu áratugi virkjað og byggt upp flutningskerfi raforku í landinu. Í þessari eign eru gríðarleg verðmæti sem búist er við að geti skilað eiganda sínum, ríkinu, tugum milljarða í arðgreiðslur á ári hverju.

Í þeirri stöðu er kannski eðlilegt að einhver ásælist gullgæsina, en myndi einhver annar en vitleysingur selja hana frá sér?

Fari svo að Landsvirkjun verði seld, þá kemur á endanum að þeim tímapunkti að söluverðinu hefur verið eytt og kaupendurnir eru farnir að njóta góðs af arðinum af eign sinni. Sama hversu langan tíma það tekur er vandséður ávinningur í því fyrir land og þjóð. Betur færi á því að þjóðin fengi að græða á þessari eign sinni allan tímann og til allrar framtíðar.

> **Landsvirkjun er nefnilega í þeirri einstöku stöðu að vera við það að greiða upp skuldir sínar eftir að hafa síðustu áratugi virkjað og byggt upp flutningskerfi raforku í landinu.**




Halldór




## Frá degi til dags

**Er nóg gert?**
**Ragnheiður Elín Árnadóttir ferðamálaráðherra er ekki hrifin af leiðara Fréttablaðsins um verkleysi ríkisstjórnar í málefnum ferðaþjónustunnar. Ragnheiður segir að aldrei áður hafi meiri fjármunum verið varið til uppbyggingar á ferðamannstöðum. Það kann vel að vera. En ferðamönnum hefur fjölgað að meðaltali um 24 prósent á ári frá því að ríkisstjórnin tók við. Og ferðamönnum hefur ekki fjölgað eins mikið áður. Það er fagnaðarefni að eitthvað hafi verið gert til þess að búa í haginn fyrir þá ferðamenn sem streyma hingað. Spurningin er bara hvort nóg sé að gert.**

**Aðstoðin**
**Og meira af Ragnheiði Elínu. Hún réð sér nýjan aðstoðarmann í gær, Evu Magnúsdóttur, en fyrir starfar hjá henni Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Eva er án efa lukkuleg með nýja starfið sitt. Það má þó spyrja sig hversu mikið starfsöryggi hún býr við, enda kosningar áformaðar eigi síðar en í október. Til allrar hamingju hefur Eva víðtæka reynslu sem kann að nýtast stjórnmálamanni vel sem sér fram á að þurfa að endurnýja umboð sitt í prófkjöri og kosningum. Ef vel tekst til getur Eva verið áfram.**
**jonhakon@frettabladid.is**

# Reykjavíkurmódelið virkar



Magnús Már Guðmundsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Reykjavíkurborg hefur náð ótrúlegum árangri að undanförnu í að fækka í hópi þeirra Reykvíkinga sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda. Notendum í janúar til mars 2016 fækkaði um 23,6% miðað við sama tímabil árið 2015. Um er að ræða 455 einstaklinga sem er sambærilegur fjöldi og býr í Vík í Mýrdal og öllum í Mýrdalshreppi. Stærð hópsins er sömuleiðis sambærileg á við 7-8% stöðugilda hjá Reykjavíkurborg. Þannig að um umtalsverðan fjölda er að ræða og árangurinn augljós.

Eins og oft hefur komið fram þá er fjárhagsaðstoð neyðaraðstoð og samfélagslegt öryggisnet. Þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum eða eru óvinnufærir fá aðstoð. Það er mjög mikilvægt að fólk festist ekki á fjárhagastoð og brýnt að veita því góðan stuðning svo aðstæður hópsins versni ekki. Þetta er hverjum og einum einstaklingi mikilvægt og samfélaginu í heild sömuleiðis, meðal annars fjárhagslega. Á síðasta ári sparaðist hjá borginni tæplega hálfur milljarður króna vegna góðs árangurs hvað fjárhagsaðstoð varðar.

Reykjavíkurmódelið byggir á samræmdu verklagi við móttöku og meðferð umsókna um fjárhagsaðstoð þar sem áhersla er lögð á inngrip snemma í ferlinu og að notendur finni styrkleika sína, meti starfsgetu og setji sér valdeflandi markmið. Um leið þarf að muna að um afar fjölbreyttan hóp er að ræða og að þarfirnar eru breytilegar.

Árangurinn að undanförnu er frábær. Hann hefur ekki náðst sjálfkrafa því ásamt betra atvinnuástandi í landinu skipta þar mestu fjölbreytt úrræði, manneskjulegt viðhorf og öflugir virkni- og þjónusturáðgjafar á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Enda var það ekki að ástæðulausu að virkniráðgjöfum var fjölgað á árunum eftir hrun. Það var gert til að ná betur utan um málaflokkinn og hjálpa fólki að komast aftur í virkni, öllum til gagns. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram á sömu braut enda öllum vonandi orðið ljóst að Reykjavíkurmódelið virkar.

> **Á síðasta ári sparaðist hjá borginni tæplega hálfur milljarður króna vegna góðs árangurs hvað fjárhagsaðstoð varðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hættulegir veðurfræðingar

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Öðru hverju hljóta veðurfræðingar umtalsverða frægð. Þegar sérstaklega hættulegar lægðir nálgast landið fellur það gjarnan í hlut einhvers veðurfræðingsins að gerast talsmaður óveðursins. Veðurfræðingurinn er í löngum viðtölum í upphafi fréttatíma á öllum stöðvum og er kallaður til í aukafréttir ef veðurofsinn nær umtalsverðum styrk. Þessi veðurfræðingur útskýrir fyrir hönd veðursins allar þær djöfullegu fyrirætlanir sem það hefur í hyggju. „Veðrið mitt ætlar að skemma trampólínin ykkar,“ segir hann við börnin. „Veðrið mitt ætlar að feykja gasgrillinu ykkar út af svölunum og inn um gluggann hjá nágrönnunum,“ segir hann við foreldrana. „Veðrið mitt ætlar að fella þig úti á miðri götu og mjaðmagrindarbrjóta þig,“ segir talsmaðurinn við eldri borgarana.

Ef margar hættulegar lægðir berast hingað á skömmum tíma, og sami veðurfræðingur gerist talsmaður þeirra allra, þá er hætt við því að veðurfræðingurinn verði smám saman samsamaður illviðrunum í hugum fólks. Það eitt að sjá mynd af þessum ólánsama veðurfræðingi getur sett af stað efnaskipti í heilanum sem framkalla ótta og kvíða. Tilfinningarnar taka völdin.

**Flókinn og einfaldur heili**

Mannsheilinn er nefnilega magnað og flókið líffæri. En heilinn er líka einfaldur þegar það hentar. Ef manneskja lendir í raunverulegu hættuástandi þá bregst heilinn við með því að einfalda slíka aðstöðu til mikilla muna. Þegar manni er ógnað með hnífi þá veltir hann ekki fyrir sér á þeirri stundu hvort árásarmanninum líði eitthvað illa, eða hvort rekja megi ofbeldishneigð hans til flókinna félagslegra þátta. Heilinn segir bara: „Flýja“ eða „Berjast!“.

Þessi einfalda forskrift heilans við slíkar aðstæður er ómetanleg í harðri lífsbaráttu villtra dýra, en getur leitt okkur á rökfræðilega refilstigu í daglegu lífi. Frumstæðustu hlutar heilans eiga nefnilega erfitt með að gera greinarmun á orsök og afleiðingu. Það er of flókið. Eðlisávísunin skilur miklu betur merki og viðvaranir. Hún talar beint inn í tilfinningar okkar og þess vegna finnum við oft ónot gagnvart hlutum sem á einhvern hátt tengjast því sem við skynjum sem hættu eða ógn; hvort sem það er rökrétt eða ekki.

**Skjótum sendiboðann**

Veðurfræðingarnir sem tala fyrir hönd hættulegs veðurs eru vitaskuld ekki persónulega ábyrgir fyrir illviðrinu, en heilinn í okkur gerir ekki alltaf þennan greinarmun. Einhver hluti af okkur lærir af reynslunni að tilteknir veðurfræðingar séu hættulegir. Þeir boða illviðri og þar með valda þeir illviðri.

Við þurfum ekki að leita langt til þess að finna kunnugleg dæmi um þessi áhrif. Alls staðar keppast menn við að fá að vera fyrstir til þess að segja góðar fréttir, en vilja síður vera að segja þær slæmu. Þetta er oft hlægilega áberandi í fyrirtækjakúltúr þar sem menn hlaupa hver um annan þveran til þess að bera forstjóranum góðar fréttir, en forðast það sem heitan eldinn að lenda í því hlutverki að segja henni frá einhverju sem miður fór. Gildir þá einu hvort boðberinn ber nokkra einustu ábyrgð á innihaldi fréttanna. Innst inni segir eðlisávísun okkar allra að enn eimi eitthvað eftir af þeim forna sið konunga að aflífa boðbera vondra tíðinda.

**Órökréttar hættur**

Heilinn les úr umhverfi sínu margs kyns vísbendingar og þar sem flest okkar búa blessunarlega við fremur fábreytilega og örugga hversdagstilveru þá sækjum við áhættumat okkar í fjölmiðla og afþreyingu. Eðli málsins samkvæmt er ætíð nóg af hörmungum og lífshættu í fjölmiðlum, og jafnvel nú, þegar allir vísar sýna að við lifum á friðsælasta skeiði mannkynssögunnar, er lítið mál að fylla blöð og fréttatíma af hörmungarfregnum.

Foreldrar eru til dæmis gjarnan afskaplega hræddir um að börnunum þeirra verði rænt—einkum í útlöndum, þótt það séu nánast engar líkur á að það gerist í raunveruleikanum. Það gerist hins vegar oft í bíómyndum og þar með skýtur rótum í okkur ástæðulaus ótti.

Frumstæður heili okkar ályktar líka sem svo að úr því fjallað er mikið um hryðjuverk í fjölmiðlum þá hljóti hryðjuverk að vera mikil ógn. Þó er það svo að jafnvel þeir sem voru svo ólánssamir að vera staddir í New York daginn sem árásin var gerð á Tvíburaturnana áttu 99,99% líkur á því að sleppa algjörlega óskaddaðir. Og þeir sem voru í París þegar árásirnar þar voru gerðar voru jafnvel ennþá ólíklegri til þess að skaðast. Raunverulega hættan er mun minni en sú sem við skynjum.

Mjög stór hluti af þeim fréttum sem fylla fréttatíma okkar af hörmungum tengjast Mið-Austurlöndum. Við fáum líka mikið af fréttum sem tengjast vandamálum innflytjenda frá þeim svæðum. Hinn frumstæði þáttur heilans fer því óhjákvæmilega að setja samasemmerki á milli fólks sem lítur einhvern veginn út og svo þeirra vandamála sem stöðugt er fjallað um.

**Ef manneskja lendir í raunverulegu hættuástandi þá bregst heilinn við með því að einfalda slíka aðstöðu til mikilla muna.**

**Slagsmál við Ýmishúsið**

Í fyrradag varð sá atburður að átök urðu vegna útburðar félags úr Ýmishúsinu. Lögreglumaðurinn skynsami, Biggi lögga, sagðist í DV í gær hafa komið að ótal útburðarmálum þar sem til átaka hefði komið milli Íslendinga en þetta væri hins vegar í fyrsta sinn sem það væri ljósmyndað í bak og fyrir. Og í gær birtist einmitt slík mynd á forsíðu þessa blaðs þar sem múslímskur karlmaður réðst á annan. Myndin var dramatísk og sönn, en samt orkar það tvímælis að veita henni það vægi sem gert var.

Atburðurinn var vissulega fréttnæmur en það er vandasamt að fjalla um hann þannig að sanngjarnt sé. Það sem sumir myndu kalla „þöggun“ gæti við nánari athugun reynst vera skynsamlegg tillitssemi við hóp sem býr við þann veruleika að vera eins og veðurfræðingurinn óheppni; sífellt tengdur við atburði sem eru gjörsamlega fyrir utan hans eigið áhrifavald. Vonandi hefur hinn þróaðri og rökréttari hluti heilans betur þegar fólk leggur mat á það sem gerðist við Ýmishúsið í fyrradag og aðrar fréttir sem sýna hina ýmsu hópa í neikvæðu ljósi.




# Þakkir eftir flugslys



Ólafur Ólafsson
fjárfestir

**Hvernig allir þessir þættir unnu saman þennan eftirmiðdag gerðu mig agndofa.**

Það var merkileg lífsreynsla að fylgjast með því öfluga kerfi sem fór í gang á bráðadeild Landspítalans þegar ég og félagar mínir vorum fluttir þangað eftir flugslys á dögunum.

Hópur lækna og hjúkrunarfólks beið okkar á bráðadeildinni og hófst handa um leið og við vorum færðir úr þyrlu Landhelgisgæslunnar sem flutti okkur af slysstað. Teymið skoðaði og greindi áverka hjá hverjum og einum á fumlausan hátt. Verkefnum var forgangsraðað, við teknir til rannsóknar, ástand okkar greint og við sendir í myndatökur, skanna eða aðrar þær rannsóknir sem nauðsynlegar voru.

Fagmennskan leyndi sé ekki, vinnubrögðin og viðmótið voru í senn róandi og traustvekjandi. Við vorum sannarlega í góðum höndum, það fundum við strax.

Allur fyrirtækjarekstur byggir á góðu starfsfólki, forgangsröðun verkefna og skilvirkum verkferlum. Ferlafræðina þekki ég vel af minni eigin reynslu af rekstri fyrirtækja minna. Verklagið á bráðavaktinni var til fyrirmyndar, hver einasti starfsmaður vissi hvert hans hlutverk var og vinnuferlarnir voru hnökralausir. Hvernig allir þessir þættir unnu saman þennan eftirmiðdag gerðu mig agndofa.

Fagmennskan á Landspítalanum er ekki bundin við bráðadeildina, lega á mismunandi deildum sjúkrahússins sannfærði mig um það. Aðbúnaðurinn og vinnubrögðin voru alls staðar til mikillar fyrirmyndar og starfsfólk Landspítalans bæði faglegt og sérlega alúðlegt.

Það er ómetanlegt að hafa aðgang að fagfólki sem bregst við af jafn mikilli festu og öryggi þegar hér verða óhöpp eða alvarleg slys. Við fundum fyrir fagmennsku viðbragðsaðila allt frá því við kölluðum á hjálp á slysstað. Af stað fór umfangsmikið útkall meðal björgunarsveita og tugir sjálfboðaliða stóðu upp frá sínum daglegu verkum tilbúnir til leitar og björgunar. Sjúkrabílar og lögregla héldu í átt að slysstað og þyrla Landhelgisgæslunnar fór í loftið.

Ég vil þakka öllum sem brugðust við þennan sunnudag í maí, ekki síst læknum og hjúkrunarfólki Landspítalans. Sitt sýnist hverjum um flugferðina, en sú umræða má samt ekki skyggja á það sem við getum sameinast um og verið þakklát fyrir; að búa við öryggi sem felst í heilbrigðisstarfsfólki á heimsmælikvarða.

Takk fyrir mig.



# Nokkrar spurningar og svör um málefni Suður-Kínahafs



**Zhang Weidong**
sendiherra Kína á Íslandi

Ég hef fundið fyrir því að marga á Íslandi þyrstir í meiri þekkingu um deiluna í Suður-Kínahafi og af hverju Kína viðurkennir ekki niðurstöðu í dómsmáli vegna þessarar deilu. Það er mér mikill gleði sem ég svara hér nokkrum spurningum til að stuðla að gagnkvæmum skilningi.

**Spurning 1 Hvernig stendur á þessum deilum?**
Eyjarnar á Suður-Kínahafi hafa verið kínverskt landsvæði frá örófi alda. Kínverjar voru fyrstir til að uppgötva þessar eyjar, gefa þeim nöfn, byggja þær upp og hafa yfir þeim lögsögu. Alþjóðasamfélagið hefur almennt viðurkennt eignarhald Kína yfir eyjum í Suður-Kínahafi og ekkert land hefur gert kröfu um annað eins og staðfestist í flestum þeim kortum og alfræðibókum sem gefin hafa verið út um allan heim. Fyrir 8. áratug síðustu aldar var ekkert deilt um þetta svæði og á því ríkti friður og stöðugleiki.

Rót deilunnar í Suður-Kínahafi má rekja til þess að upp frá 8. áratug síðustu aldar hófu ákveðin ríki innrás og ólöglegar landtökur á eyjum og rifum sem tilheyra Kína til að nýta sér náttúruauðlindir á svæðinu. Með þessu gjörbreyttu þau stefnu sinni gagnvart Suður-Kínahafi og reyndu með kröfum sínum um lögsögu að hafna forræði Kínverja yfir eyjunum. Því er ljóst að Kína er fórnarlamb í þessu máli. Þrátt fyrir það, og til að viðhalda stöðugleika og friði á svæðinu, hefur Kína alla tíð haldið aftur af sér og lagt sig í líma við að leysa deiluna með viðræðum og samráði.

**Spurning 2 Af hverju er niðurstaða dómsins ólögmæt?**
Þann 22. janúar 2013 höfðuðu Filippseyjar einhliða dómsmál gagnvart Kína fyrir Alþjóðlega hafréttardómstólnum. Kína hefur tekið það skýrt fram við ýmis tækifæri að þessi aðgerð Filippseyja sé andstæð alþjóðalögum. Kína sættir sig ekki við og tekur ekki þátt í dómsmálinu og mun aldrei viðurkenna hinn svokallaða úrskurð.

Að lágmarki fjórar forsendur þurfa að liggja fyrir þannig að hægt sé að fara með mál fyrir dóminn. Í fyrsta lagi skuli hann einungis vera notaður til að leysa deilur um túlkun og framkvæmd hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Málefni fullveldis er ekki þar á meðal og er því ekki lögbundið hlutverk dómstólsins. Í öðru lagi ef deilan inniheldur hafréttarlega lögsögu, sögulegar hafnir eða eignarhald og hernaðarlega aðgerð til að halda uppi lögum og reglu hefur viðkomandi ríki rétt til að lýsa því yfir að það sé ekki bundið af úrskurði dómsins. Slík undantekning hefur réttarleg áhrif á viðkomandi ríki. Í þriðja lagi, ef deiluaðilar velja að leysa viðkomandi deilumál sín á milli á annan hátt kemur gerðardómurinn ekki til framkvæmda. Í fjórða lagi, aðilar tengdir málinu skulu fyrst skiptast á skoðunum um aðferð til lausnar deilunni. Ef ekki skulu þeir eigi hafa frumkvæði að því að leggja málið fyrir dóm.

> **Með því að taka við málinu og fjalla um það er dómstóllinn kominn út fyrir valdsvið sitt og því í eðli sínu misnotkun á valdi.**

Það er augljóst, miðað við atburði sem hafa átt sér stað í Suður-Kínahafi í gegnum árin, að allar deilur snúast um lögsögu og réttindi yfir eyjum í Suður-Kínahafi og hafsvæðið í kringum þær. Með því að leggja málið fyrir dómstólinn hefur stjórn Filippseyja brotið alþjóðalög þar sem kröfur hennar hafa að gera með fullveldi yfir landsvæði og eru því í andstöðu við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í öðru lagi, jafnvel þótt við gefum okkur að einhverjar af kröfunum hafi að gera með túlkun og framkvæmd sáttmálans, myndu þær samt vera óaðskiljanlegur hluti af afmörkun landhelgi sem hefur verið undanskilin af hálfu Kína með yfirlýsingunni frá 2006 sem gefin var út ásamt 30 öðrum löndum og er því af leiðandi ekki tækt til skuldbindandi meðferðar. Í þriðja lagi, þar sem Kína og Filippseyjar hafa samþykkt að leysa deilur sínar í Suður-Kínahafi með viðræðum kemur það í veg fyrir að Filippseyjar geti einhliða sent málið fyrir dómstólinn. Í fjórða lagi hafa Filippseyingar brugðist þeirri skyldu sinni að skiptast á skoðunum við Kína um lausn ágreiningsins.

Samkvæmt ofansögðu er sú ákvörðun Filippseyja að senda málið einhliða fyrir dómstólinn ólögleg. Með því að taka við málinu og fjalla um það er dómstóllinn kominn út fyrir valdsvið sitt og því í eðli sínu misnotkun á valdi. Hinn svokallaði „úrskurður“ dómsins er því ekki bindandi.

**Spurning 3 Hver er afstaða Kína til málefna Suður-Kínahafs?**
Afstaða Kína til málefna Suður-Kínahafs hefur verið stöðug og skýr. Kína mun standa fast á fullveldi sínu og réttindum og hagsmunum í Suður-Kínahafi og er staðfast í því að leysa deiluna með friðsamlegum hætti með samráði og viðræðum við lönd sem eiga beinan hlut að máli á grunni sagnfræðilegra staðreynda og samkvæmt alþjóðalögum. Kína hefur jafnframt lagt fram tillögu um að deilan verði lögð til hliðar og farið verði saman í þróun svæðisins og hefur látið í ljós þá von að deilan megi leysast við þau lönd sem í hlut eiga þegar réttar aðstæður eru fyrir hendi. Kína styður frelsi til siglinga og flugumferðar yfir Suður-Kínahafi sem er ómetanlegt fyrir öll stærstu efnahagssvæði heimsins, þar á meðal Kína. Staðreyndin er sú að ekki eitt einasta atvik hefur átt sér stað hingað til sem hindrað hefur siglingar og flugumferð yfir Suður-Kínahafi. Kína vonast til að lönd utan svæðisins geti skapað hagstæð skilyrði og umhverfi fyrir friðsamlega lausn á deilunni en hræri ekki í til að dýpka gjána sem er á milli aðila og auka með því erfiðleika í deilunni.

Ég vona að ég hafi gefið ykkur gott yfirlit og vonast til að þið megið skilja og styðja tilraunir Kínverja til að leita friðsamlegrar lausnar á deilunni með samningum og samráði.

# Alþingi, ekki ríkisstjórnir, ráði þinglokum



**Ögmundur Jónasson**
þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Auðvitað má spyrja sig hvort það geti nokkru sinni skaðað að boða til kosninga og hvort kosningar fyrr fremur en síðar hljóti ekki jafnan að vera til góðs. Nokkuð er gefandi fyrir þessa nálgun og rímar hún prýðilega við minn þankagang.

En þessi lýðræðislega afstaða getur hæglega snúist upp í andhverfu sína, þannig að kosningar verði skipulagðar í samræmi við annarlega valdapólitíska hagsmuni. Stjórnmálafélag ályktaði í vikunni sem leið þess efnis að „óþolandi“ væri að ríkisstjórnin væri ekki búin að „setja niður dagsetningu fyrir kosningar í haust“ og var þess krafist að hún tilkynnti þegar í stað „ákvörðun sína“. Á þingi sagði síðan þingmaður úr stjórnarandstöðu að með því að vefengja að kosið verði í haust, væri grafið undan oddvitum ríkisstjórnarinnar sem verið hafi með yfirlýsingar í þessa veru.

**Hver á að ráða?**
Þetta tal vekur upp spurningar. Í sumum ríkjum er lengd kjörtímabils föst og óumbreytanleg. Dæmi þar um er Noregur. Þar er kjörtímabilið fjögur ár. Ef ekki eru forsendur fyrir meirihlutastjórn, verða menn að sætta sig við minnihlutastjórn, sem vissulega getur verið ágætur kostur. En lengd kjörtímabils ber að virða þar í landi.

Í öðrum ríkjum er það í valdi ríkjandi stjórnvalda hvenær þing er rofið og efnt til kosninga, innan tímamarka kjörtímabilsins. Dæmi þar um er Bretland og Danmörk. Þar er forsætisráðherra í sjálfsvald sett hvenær hann rýfur þing – innan fjögurra ára í Danmörku, fimm ára í Bretlandi – og boðar til kosninga. Það gerir hann þegar honum þykir það best henta pólitískum hagsmunum sínum.

> **Mörg þeirra sem ákafast krefjast þess að kjörtímabilið verði stytt, tala jafnframt fyrir nauðsyn prinsipfestu í stjórnmálalífinu. Fer þetta tvennt saman?**

Ísland er þarna á milli. Heimildin til að rjúfa þing er til staðar en hefðin er að þingið sitji þann tíma sem það var kosið til.

**Jákvætt lífsmark**
Aðstæður geta hins vegar skapast þar sem þessi hefð er rofin. Fram getur komið tillaga um vantraust og að efnt verði til kosninga hið bráðasta. Slík tillaga var borin upp í vor á Alþingi vegna Panamaskjalanna. Tillagan var felld en svo fór að forsætisráðherrann sagði af sér og brást þannig við mótmælum í þjóðfélaginu. Best hefði verið að ríkisstjórnin hefði öll farið. Þá hefðu kosningar verið sjálfgefnar. En hvað sem því líður, þá er það staðreynd að mótmæli utan og innan þings höfðu áhrif og er það í sjálfu sér ákveðinn pólitískur heilbrigðisvottur.

**Ríkisstjórn vill kaupa velvilja**
Nú fór hins vegar af stað atburðarás framan við og aftan við tjöldin. Ríkisstjórnin vildi kaupa sér meintan velvilja með því að flýta kosningum um tæpt ár og segist nú bundin af slíku loforði. En gagnvart hverjum? Og hvað veitir stjórnmálamönnum, hvort sem er í stjórnarmeirihluta eða stjórnarandstöðu á þingi, heimild til að makka með slíkt fyrir hönd þingmanna almennt? Hér gegnir allt öðru máli en eðlileg tillaga um vantraust og þingrof. Hér líka allt annað uppi á teningnum en var í ársbyrjun 2009, þegar þáverandi ríkisstjórn var orðin óstarfhæf og meirihluti var myndaður um nýtt stjórnarmynstur við mjög óvenjulegar aðstæður.

**Skjálfandi á beinum**
En nú er haldið inn á nýja slóð; að pólitískir stundarhagsmunir séu látnir ráða lengd kjörtímabils. Þetta er breska og danska aðferðin nema hvað hér er þessi gata gengin ómarkvisst og með skjálfandi hnjám. Mörg þeirra sem ákafast krefjast þess að kjörtímabilið verði stytt, tala jafnframt fyrir nauðsyn prinsipfestu í stjórnmálalífinu. Fer þetta tvennt saman? Þurfum við ekki að hugsa þetta og sakar nokkuð að ræða þetta?

**Ráðherrar ákveði ekki hvenær kosið er**
Ef til vill ætti að kjósa til skemmri tíma en nú er gert, það gæti meira að segja verið ágætt ráð. En þá yrði líka lengd kjörtímabilsins í samræmi við það en réðist ekki af hagsmunatengdum pólitískum duttlungum þeirra sem fara með valdið.

Með þessum línum vil ég hvetja til umræðu um þessi mál. Ég get ekki tekið undir með fyrrnefndu stjórnmálafélagi, sem krafðist þess að ráðherrar í ríkisstjórn ákveði þetta fyrir okkur!

Lágmark er að koma fram með tillögu á þingi sem fái þar almenna og opna umræðu og síðan verði gengið til atkvæða þar sem flokkslínur yrðu látnar lönd og leið. Þar með myndum við forða okkur frá dönskum og breskum valdstjórnarósið og þá vonandi einnig nýjum íslenskum sið sem við fyrstu sýn orkar tvímælis og verðskuldar í það minnsta málefnalega umræðu.

Mín meginniðurstaða er sú að Alþingi eigi að ráða, ekki ríkisstjórn!



# Nýr forseti



**Orri Vigfússon**
náttúruverndarsinni og athafnamaður

Í júní göngum við Íslendingar að kjörborði til að kjósa okkur nýjan forseta og hafa aldrei jafn mörg boðið sig fram til embættisins. Fjörugar umræður eiga sér stað um forsetaefnin og við spyrjum um þekkingu þeirra, reynslu og viðhorf og hvert og eitt okkar metur síðan hvaða kostir eru mikilvægastir í fari þjóðhöfðingja. Þar ber flestum saman um að þekking, festa og virðing fyrir sögu, menningu og náttúru landsins vegi þyngst. Íslenskur efnahagur hvílir að mestu leyti á nýtingu gjafa náttúrunnar, hvort sem er við matvælaframleiðslu, ferðamennsku eða virkjun orkuauðlinda. Sjálfbærni verður því að sitja í öndvegi til að spilla ekki landinu fyrir komandi kynslóðum. Mikilvægt er að forsetinn brýni okkur sjálf í þessum efnum og geti komið trúverðugri ímynd Íslands um sjálfbæra nýtingu náttúrunnar hér á landi á framfæri við alþjóðasamfélagið.

Íslenskir stjórnmálamenn eru ekki allir vel að sér í umhverfismálum og halda sig margir til hlés þegar rætt er um náttúruvernd og málefni umhverfisins; suma virðist skorta skilning í þessum efnum sbr. úrræðaleysi á helstu ferðamannastöðum landsins. Mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar er nú ferðaþjónusta og hreinleiki náttúru landsins er helsta söluvaran. Erlendir neytendur borga fyrir þá fullvissu að íslenskar vörur séu vistvænar afurðir og ferðamenn koma hingað vegna þess að íslensk náttúra hefur enn orð á sér fyrir að vera hrein og óspillt. Þetta þýðir á markaðsmáli að ímynd Íslands á heimsvísu einkennist af hreinleika og sjálfbærni. Falli blettur á þá ímynd verður erfitt að má hann brott.

Menn horfa til forsetans í þessum efnum, að hann haldi á lofti gildum sjálfbærni í umhverfismálum. Hafi sjálfstæði verið baráttumál á 19. öld og útfærsla landhelginnar á 20. öld, þá er náttúruvernd með sjálfbærni í huga keppikeflið á 21. öld, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim. Náttúruvernd og sjálfbærni eru í raun sameiginlegt markmið mannkynsins, óháð stjórnmálastefnum og trúarbrögðum.

Andri Snær Magnason forsetaframbjóðandi hefur þegar vakið verðskuldaða athygli á erlendri grund fyrir bækur sínar og sjónarmið í umhverfismálum. Á hann er hlustað meira en nokkurn annan Íslending á þessum vettvangi. Þekking hans, hugmyndafræði og trúverðugleiki marka honum skýran sess. Á forsetastóli yrði hann enn öflugri málsvari þeirra meginatriða sem ráða munu afkomu þjóða heimsins næstu áratugina – og aldirnar. Jafnframt hef ég persónulega reynslu af því að Andri Snær er heillandi mannasættir og hann mun móta forsetaembættið með þeim alþýðlega virðuleika sem þjóðin kallar eftir.

17
2017

VIÐ BJÓÐUM

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

MORGUNVERÐ GILDA Á VÖLDUM STÖÐUM ÚT JÚNÍ 2016




kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

ATH. MORGUNVERÐ GILDA Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT JÚNÍ 2016

**REYKJAVÍK**
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
Grafarvogur, Gylfaflöt 19, 112 Rvk.

**KÓPAVOGUR**
Dalvegi 22, 200 Kópavogur

**HAFNARFJÖRÐUR**
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

**GARÐABÆR**
Litlatúni 1, 210 Garðabær

**REYKJANESBÆR**
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær

**SELFOSS**
Hrísmýri 9, 800 Selfossi

**AKUREYRI**
Frostagötu 3a. 603 Akureyri

FRUMHERJI BÝÐUR „MORGUNVERÐ“
Á MILLI KLUKKAN 8-11 VIRKA MORGNA.
AÐALSKOÐUN FYRIR KR. 7.710.
GÆÐA KAFFI OG FRÍTT
WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*



# Ekkert hnjask og ekkert vesen

**Ísland getur tekið stórt skref í áttina að því að vinna sinn riðil í undankeppni EM 2017 með sigri á Skotlandi í Falkirk í kvöld. Landsliðsþjálfarinn leggur áherslu á það að íslenska liðið haldi hraða í spilinu í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta fær sitt erfiðasta verkefni í undankeppni EM 2017 þegar það mætir Skotlandi í Falkirk í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 18.00 að íslenskum tíma.

Liðin berjast um efsta sætið í riðli 1 en yfirlýst markmið íslenska liðsins er að vinna hann. Bæði Skotland og Ísland eru með fullt hús stiga í riðlinum; Skotar eftir fimm leiki og Íslendingar eftir fjóra.

Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson segir að æfingar síðustu daga hafi gengið vel og allir leikmenn íslenska liðsins séu klárir í bátana fyrir leikinn í kvöld.

### Höfum farið yfir marga hluti

„Við erum mjög ánægðir með æfingarnar, ekkert hnjask, ekkert vesen og taktísk innleiðing hefur gengið mjög vel. Við höfum náð að fara yfir marga hluti og það gengur vel að koma skilaboðunum til skila,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið í gær. En hvað ætlar hann að leggja áherslu á í leiknum í kvöld?

„Við munum halda áfram með það sem við höfum unnið í síðastliðið eitt og hálft ár. Við ætlum að loka á þeirra styrkleika. Vinstri vængurinn hjá þeim er mjög sterkur og við reynum að beina þeim frá honum eins og við getum. Hvað sóknina varðar höfum við lagt mesta áherslu á að halda ágætis hraða í leiknum og sækja í svæðin sem eru veik hjá þeim,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

### Spila góðan fótbolta

Skoska liðið er sterkt og hefur skorað hvorki fleiri né færri en 27 mörk í leikjunum fimm í undankeppninni. Það gera 5,4 mörk að meðaltali í leik sem er það mesta í undankeppninni. Aðalstjarna Skota er hin 25 ára gamla Kim Little, sóknarsinnaður miðjumaður sem hefur verið afar drjúg í undankeppninni.

> Ég er miklu frekar spenntur því þetta er virkilega skemmtilegt verkefni að takast á við.
>
> Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari

> Íslensku stelpurnar hafa skorað á 22 mínútna fresti í fyrstu fjórum leikjum sínum í riðlinum og þær hafa enn ekki fengið á sig mark.

Little, sem var á dögunum valin besti leikmaður heims af lesendum BBC, hefur skorað fimm mörk og gefið sjö stoðsendingar. Framherjinn Jane Ross er hins vegar markahæst í skoska liðinu í undankeppninni með átta mörk.

„Þær spila góðan fótbolta,“ sagði Freyr um skoska liðið sem er í 21. sæti á heimslista FIFA, einu sæti neðar en Ísland.

„Þær geta blandað saman hápressu og lágpressu þegar þær verjast, eru ákveðnar og með líkamlega sterka leikmenn. Þær eru reynslumiklar og klókar og hafa leikmenn sem geta gert mikið úr litlu í sókninni.“

Skotland er sterkasta liðið sem Ísland mætir í undankeppninni en íslensku stelpurnar hafa unnið sína fjóra leiki með markatölunni 17-0. Freyr hefur ekki áhyggjur af því að íslenska liðið eigi í vandræðum með aðlagast sterkari mótherjum.

### Skemmtilegt verkefni

„Ég held það verði ekkert vandamál fyrir okkur. Við spiluðum fjóra æfingaleiki á Algarve-mótinu í mars og þekkjum hvernig það er að spila á móti andstæðingum sem eru af svipuðum styrkleika og við,“ sagði Freyr en íslenska liðið endaði í 3. sæti á Algarve-mótinu.

Síðan þá hefur Ísland spilað einn landsleik, gegn Hvíta-Rússlandi í undankeppni EM. Hann vannst örugglega með fimm mörkum gegn engu. Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu í leiknum en hún er markahæst í íslenska liðinu í undankeppninni með sex mörk.

„Ég er miklu frekar spenntur því þetta er virkilega skemmtilegt verkefni að takast á við,“ sagði Freyr um leikinn í kvöld. „Leikmennirnir hlakka til að máta sig á móti þessu liði á þeirra heimavelli,“ bætti hann við að lokum. ingvithor@365.is



Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson og íslensku stelpurnar eru klár í leikinn mikilvæga á móti Skotlandi í undankeppni EM 2017. MYND/HILMAR ÞÓR

## 7 dagar í EM 2016

Úkraína var eina þjóðin sem var í sporum Íslands þegar Evrópumótið fór fram fyrir fjórum árum. Úkraínumennirnir voru einu nýliðarnir á EM 2012 og þó að þeir hafi ekki komist upp úr riðli sínum þá unnu þeir sinn fyrsta leik á EM. Úkraína vann þá 2-1 sigur á Svíum þar sem hinn að verða 34 ára gamli Andriy Shevchenko skoraði tvisvar. Frá því að EM varð fyrst að átta þjóða móti 1980 hafa aðeins þrír aðrir nýliðar unnið sinn fyrsta leik á EM, eða Noregur (2000 – 1-0 sigur á Spáni), Króatía (1996 – 1-0 sigur á Tyrklandi) og Írland (1988 – 1-0 sigur á Englandi).



### UNDIR Í 175 MÍNÚTUR Í SÍÐUSTU ÞREMUR LEIKJUM

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur heldur betur kynnst því að vera undir í síðustu þremur vináttuleikjum sínum á móti Noregi, Grikklandi og Danmörku. Allar þessar þrjár þjóðir eiga það sameiginlegt að hafa ekki komist á EM ólíkt íslenska liðinu. Íslensku strákarnir töpuðu 3-2 fyrir Norðmönnum í Ósló í fyrrakvöld þar sem liðið var undir í 84 mínútur í leiknum. Ísland hefur því alls verið undir í 175 mínútur (af 270) í þessum þremur leikjum og að sama skapi hafa strákarnir aðeins verið yfir í samtals 8 mínútur. Þær átta mínútur komu allar í endurkomusigrinum á móti Grikkjum. Ísland hefur alls verið undir í 217 mínútur á árinu 2016 en var aðeins undir í samtals 89 mínútur í 11 leikjum sínum á árinu 2015.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | Memorial Tournam. | Golfstöð |
| 01.05 | Opnunarhátíð Ameríkukeppninnar í fótbolta | Sport |
| 01.30 | Bandaríkin - Kólumbía | Sport |




SPORT | Föstudag kl. 01:30 - Bein útsending
Opnunarleikur Copa America
Bandaríkin mæta Kólumbíu í fyrsta leik mótsins


SPORT 2 | Laugardag kl. 02:00 - UFC
Luke Rockhold vs. Michael Bisping - Bein útsending
Rosalegur bardagi í hringnum



SPORT 2 | Úrslitakeppnin í NBA - Bein úts.
Golden State Warriors vs. Cleveland Cavaliers
2. leikur - Sunnudag kl. 00:00



SPORT | Pepsídeildin - Bein útsending
Leikir í 7. umferð
Sunnudag: Valur - Stjarnan kl. 16:50
Sunnudag: Breiðablik - FH kl. 19:30

Sportið um helgina




Fáðu þér áskrift á 365.is

365

*Endalaust net er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
3. JÚNÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# EINI KARLINN Í GÆSAPARTÍUM

**Heiðar Jónsson** snyrtir hefur oft vakið athygli fyrir skemmtilegar og skondnar umræður um hlutverk kynjanna, útlit og heilsu. Hann heldur vinsæl framkomunámskeið og er eini herrann sem fær að vera með í gæsapartíum. **FRAMHALD Á SÍÐU 2**



MYND/STEFÁN



**Heiðar er stoltur afi. Hér er hann með sonarsyni sínum sem hann hitti óvænt þegar myndin var tekin í Hafnarfirði. Stráksi, Sæmundur Heiðar, fagnaði afa.** MYND/STEFÁN

Heiðar er ekkert á þeim buxunum að hætta með námskeiðin þótt hann verði 68 ára í sumar. „Ég er orðinn ellilífeyrisþegi og get gert allt sem mig langar til. Ég er samt ekkert hættur að vinna," segir hann léttur í bragði. „Ég er til dæmis að gæsa verðandi brúðir um helgar. Það gengur út á að ég les ítarlega í skrift gæsarinnar með gamansömu ívafi en jafnframt huglægu. Síðan les ég allar vinkonurnar lauslega frá sjónarmiði gæsarinnar. Það er mikil kátína í þessari uppákomu. Ég kenni gæsinni líka að daðra við aðra menn en þann sem hún er að fara að eignast. Það má ekki tína niður daðrinu þótt gengið sé í það heilaga," segir Heiðar og bætir við að enginn megi þó taka þessu þannig að hann sé að skora á konur til framhjáhalds. „Þetta er frekar að konan sækist eftir hrósi, sönnun þess að hún líti vel út," segir hann. „Fólk setur orðið daður allt of mikið í samband við eitthvað kynferðislegt sem þarf alls ekki að vera."

## SOKKAR OG NÆRBUXUR

Heiðar hefur verið með námskeið í áratugi þar sem hann kennir fas og framkomu og hvernig maður eigi að bera sig við hin ýmsu tækifæri. Sömuleiðis hefur hann verið með kvennakvöld þar sem hann fræðir konur um undirfatnað sem hafa verið mjög vinsæl. Heiðar segir að flestallar íslenskar konur séu í vitlausri stærð af brjóstahöldum. „Ég fæ eina konu upp og sýni með því að toga í hlýrana að hún sé ekki í réttri stærð," útskýrir hann. Þegar Heiðar er spurður hvort konur verði ekki feimnar, svarar hann því neitandi. „Mér hefur einhvern veginn tekist að ná allri feimninni úr konum á þessum kvöldum. Ég hef að minnsta kosti aldrei verið laminn," segir hann hlæjandi. „Allt er þetta til gamans gert." Þegar hann er spurður hvort hann hafi skoðun á nærbuxum líka, svarar hann því játandi. „Þær eru auðvitað ofmetnar. Það er óþarfi að vera með klofbót bæði í nærbuxum og sokkabuxum."

Heiðar er ófeiminn að ræða hreinlætismál og ýmis önnur persónuleg málefni á námskeiðum sínum og konur hlusta á hann með aðdáun. Heiðar vakti til dæmis mikla athygli fyrir tæpum þrjátíu árum þegar hann sagði í viðtali að karlmenn ættu alltaf að fara fyrst úr sokkunum í návist konunnar. „Karlmaður á nærbuxum og sokkaleistunum er óskemmtilegur í útliti, svo vægt sé til orða tekið," sagði Heiðar á þeim tíma. Þessi setning heyrist oft enn í dag. Heiðar hefur haldið ófá námskeið bæði fyrir karla og konur. Hann hefur leiðbeint þingmönnum, sjónvarpsfólki, bankamönnum og flugfreyjum, svo eitthvað sé nefnt en sjálfur starfaði hann sem flugþjónn í tíu ár. Meðal annars kennir hann fólki hvernig á að bera sig að í atvinnuviðtali. Hann var meðal þeirra fyrstu hér á landi sem litgreindu fólk sem var mjög vinsælt fyrir nokkrum árum.

## RITSKOÐAR SIG

„Það er svolítið skrýtið að ýmislegt sem ég gat sagt fyrir 20-30 árum þarf ég að passa mig á núna. Þar kemur femínisminn sterkur inn. Fyrir 30 árum leyfðist manni að segja hluti við konur sem manni væri hent út fyrir í dag. Umræðan í þjóðfélaginu hefur breyst mikið. Ég þarf að ritskoða sjálfan mig í dag og þarf að passa mjög mikið upp á að segja ekkert sem getur útlagst sem einhvers konar lítillækkun fyrir konur. Þá verður allt brjálað."

Heiðar hefur jafnframt verið með námskeið í hugrænum fræðum með skyggnilýsingu á léttum nótum. „Ég hef líka verið með hópa fyrir Símenntun, fólk sem á við einhvers konar þroskahömlum að stríða. Það hefur verið sérlega skemmtilegt," segir hann.

## ENGIR HEIMSBORGARAR

Þegar Heiðar er spurður hvernig honum lítist á þingmenn í dag, svarar hann: „Ég er kominn á þann aldur að vilja halda í hefðir í klæðaburði. Á mínum uppeldisárum fór karlmaður ekki úr jakka í viðurvist eldri kvenna. Karlmenn sem vilja fá virðingu eiga að bera hálstau og vera vel klæddir. Við erum kannski komin of langt í frjálsræði á Alþingi. Umræða um gallabuxur hefur verið nokkur. Sumir telja að gallabuxur séu buxur með tvöföldum saum. Ég hallast að því að gallabuxur séu úr denim-efni. Fínar flauelsbuxur og blaser-jakki getur verið virðulegur klæðnaður. Annars eru Íslendingar almennt vel klæddir en stundum svolítið kauðalegir. Kannski vegna þess að það er svo stutt síðan við komum úr torfbæjunum. Það vantar á okkur heimsborgarstílinn." Heiðar bjó á Norður-Ítalíu í eitt ár og segir að mikill munur sé á því hvernig Ítalir beri sig miðað við okkur. „Þeir geta klæðst dýrum og fínum fötum en klæðast samt ekkert endilega vel. Hins vegar eru þeir agaðir í framkomu og hegðun sem kemur þeim vel," segir hann.

Talið berst að hegðun Íslendinga í kommentakerfum. „Ég er alltaf jafn undrandi þegar ég les sum ummæli á netinu. Ég hefði talið að Íslendingar væru hófsamt fólk en því miður er ekki svo. Það er sorglegt að sjá margt af því sem sagt er á netinu og það hjá vel menntaðri og frambærilegri þjóð. Maður er stundum feginn að það eru ekki margir utanlands sem skilja íslensku. Ég hef gaman af Facebook en fólk ætti aldrei að setja eitthvað á samfélagsmiðil sem það gæti ekki sagt við manneskju augliti til auglitis," segir Heiðar.

Hann hefur líka skoðun á forsetaframbjóðendum. „Mér líst vel á frambjóðendurna og vil benda þeim á að framkoma og klæðnaður mun skipta miklu máli þegar sjónvarpsumræður hefjast af fullri alvöru. Aðalatriðið er þó að fólk komi til dyranna eins og það er klætt."

## FJÖLSKYLDUMAÐUR OG EINFARI

Heiðar er stoltur afi tveggja barna. Hann á sautján ára dótturdóttur sem býr í Bandaríkjunum og fjögurra ára sonarson hér á landi sem hann hittir oft. „Stór hluti fjölskyldu minnar er fluttur vestur á Hellissand og þangað fer ég aðra hverja helgi. Ég er mikill fjölskyldumaður og nýt þess að vera með barnabörnunum. Svo fer ég oft á eyðibýli á Snæfellsnesi sem tilheyrir fjölskyldu minni. Við höfum verið að laga þar til. Annars er ég einfari. Finnst gott að fara á fáfarna staði og ganga þar um til að hlaða batteríin. Mér finnst sömuleiðis fínt að fara einn til útlanda og ganga þar um götur þar sem enginn þekkir mann. Annars er komin ný kynslóð í þessu landi sem hefur ekki hugmynd um hver ég er. Því hef ég fundið vel fyrir í gæsapartíunum."

Heiðar segist ekki kvíða því að eldast. „Aldur er bara einhver tala," segir hann. „Sem betur fer hef ég alltaf verið heilsuhraustur og hugsa vel um heilsuna. Ég er veikur fyrir sykri eins og flestir en reyni að forðast hann. Ég var að uppgötva nýjan morgunverð sem er stappaður banani og steikt egg. Ég hræri saman eggið, set banana saman við og steiki eins og lummu. Þetta er svaka gott. Annars hefur Helga Sigurðardóttir oft hjálpað mér í eldhúsinu þótt maður þurfi að skera aðeins niður sykurinn í uppskriftunum hennar."

## BALLETTDANSARI

Heiðar er forfallinn óperu- og ballettunnandi. Hann lærði ballett á yngri árum. „Ég byrjaði of seint í ballett. Var sveitapiltur og það var engin ballettkennsla í sveitinni. Það kom því aldrei til greina að ég yrði atvinnumaður. Ég kynntist ballerínum í gamla daga í gegnum fyrirsætustörfin. Þegar ég sagði frá áhuga mínum sögðu þær mér að kaupa sokkabuxur og mæta. Það vantaði alltaf karldansara. Helgi Tómasson var að flytja utan þegar ég byrjaði í ballett. Eldri ballerínur höfðu dansað með honum og andi hans sveif alltaf yfir vötnum. Hann var goðið. Ég fór tvisvar að sjá San Francisco ballettinn í Hörpu núna í vikunni og fannst það alveg einstök upplifun." **elin@365.is**



**Yngsta dóttir Heiðars, Olga, ásamt systurdóttur sinni, Viktoriu Láru Mitchell, sem býr í Bandaríkjunum. Hún er afburðanemandi í saxófón- og píanóleik og hefur verið boðinn styrkur frá mörgum af þekktustu tónlistarháskólum í heimalandinu sæki hún frekari nám til þeirra.**



**Heiðar á fundi með skemmtilegum konum í Svölunum, sem er góðgerðarfélag flugfreyja og -þjóna.**



**Heiðar er með framleiðslu á eigin herrailmvatni. Hér eru mennirnir sem hafa starfað með honum, Kjartan í Epal og Júlíus Steinar, sonur hans.**



**Fyrirsætan Heiðar og Guðmunda Hulda Jóhannesdóttir ballettdansari sitja fyrir í lopauglýsingu.**




**Heiðar var oft fyrirsæta fyrir íslenskan lopa á yngri árum.**




Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Kjóll,
5755,-
Love your Summer
LINDEX
we make fashion feel good



Íris Tara er ekki hrifin af því að hafa of mikið skraut svo að hún reynir að velja vel. „Ég elska kerti og plöntur en mér finnst plöntur gefa heimilinu mikið líf.“



Íris Tara á fallegt heimili. Hún er hrifin af HAY, Arne Jacobsen, Eames og er sérstaklega hrifin af vörunum frá Finnsdottir.



„Ég er búin að eigna mér hornið í sófanum, mér finnst svakalega notalegt að vefja mig inn í teppi og horfa á góða þáttaseríu, lesa uppáhaldsblöðin mín eða hanga á Pinterest þegar ég hef tíma.“



Síðustu kaup Írisar Töru eru þetta málverk sem hún fann í Góða hirðinum. Kollurinn góði sem hún erfði eftir ömmu sína sómir sér vel undir málverkinu.



Íris Tara segist hafa einfaldan smekk og finnst gaman að blanda saman nýju og gömlu.











# FALLEGT OG NOTALEGT HEIMILI

Uppáhaldsstaður **Írisar Töru Ágústsdóttur** á heimilinu er borðstofan. Þar situr öll fjölskyldan yfir kvöldmatnum og spjallar og fær hún að heyra skemmtilegar sögur og fyndin gullkorn á hverjum degi.

Heimili Írisar Töru Ágústsdóttur, pistlahöfundar og vefstjóra hjá Krómi og samfélagsmiðlara hjá WOW air, hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Hún segist loksins vera búin að finna sinn stíl en að það hafi tekið ágætis tíma. „Ég er að safna mér fyrir hinu og þessu en er orðin nokkuð sátt.“

Írisi Tara á nokkra hluti sem henni þykir vænt um. Sá sem kemst næst hjarta hennar er kollur sem hún erfði eftir ömmu sína. „Ég og amma vorum bestu vinkonur enda eyddi ég miklum tíma með henni. Kollurinn fékk því að bregða sér í allmörg hlutverk, meðal annars fékk hann að vera bátur og barbíhús. Ég er búin að setja gæru á kollinn til bráðabirgða þar sem áklæðið var orðið frekar lúið. Strákarnir mínir fá nú að taka við af mér og vonandi fær kollurinn góði að bregða sér í enn fleiri hlutverk á næstu árum.“

Hún er dugleg við að búa sér til og breyta húsgögnum og hlutum og segir að það þurfi ekki alltaf að kosta mikið að hafa fallegt í kringum sig. „Ég er hrifin af einföldum stíl en legg mikið upp úr því að hafa notalegt hjá mér. Mér finnst rosalega gaman að blanda saman nýju og gömlu. Mér finnst þó einnig gaman að safna fallegri og klassískri hönnun,“ segir hún og bætir við að nú sé hún að safna sér fyrir borðstofuborði frá NORR11 sem hún sé ástfangin af. „Borðplatan er skorin úr ekta viði svo hver og ein plata er einstök og engin tvö borð eins.“

Íris Tara leyfir lesendum að líta aðeins inn á fallegt heimili sitt.



Íris Tara hefur mikinn áhuga á innanhússhönnun og segist hún endalaust geta skoðað netið til að fá innblástur fyrir næstu breytingar á heimilinu. MYNDIR/HANNA

> Ég er hrifin af einföldum stíl en legg mikið upp úr því að hafa notalegt hjá mér.
>
> Íris Tara Ágústsdóttir

# CUBO

## *lúxus einingasófi*



### ÞÚ VELUR;

EININGAR OG RAÐAR SAMAN




ÁKLÆÐI EÐA LEÐUR



ÓTAL TEGUNDIR OG LITIR Í BOÐI

POLYFIBER EÐA FIÐURFYLLINGAR

COMFORT - CU




COMFORT - C2




### HUGMYNDIR AÐ UPPRÖÐUN EININGA




HÆGT AÐ RAÐA EININGUNUM SAMAN Á FLEIRI VEGU

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



Sigurlaug Sara í buxum frá Urban Outfitters sem hún notar bæði við strigaskó og hæla. Í bol frá Topshop og jakka frá Forever21. Úrið er Daniel Wellington úr sem hún fékk í jólagjöf frá mömmu sinni og hefur varla tekið af sér síðan. MYNDIR/STEFÁN

# VINKONURNAR ERU SJÚKLEGA NETTAR

Reykjavíkurdóttirin **Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir**, nemi á sviðshöfundabraut í LHÍ, starfar sem flugfreyja í sumar. Hún fer jafnframt á túr um Evrópu með RVKdætrum sem eru að gefa út disk.

SKOÐAÐ

## Í SKÁPINN

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég klæði mig eftir skapi. Mér finnst gaman að klæða mig upp en stundum nenni ég því ekki og það er líka bara kósí. Þægileg föt sem eru fín um leið fá alltaf rokkstig. Eins og til dæmis samfestingar. Svo er nýjasta æðið mitt og Þórdísar Bjarkar, vinkonu minnar, akrílneglur. Við fórum einu sinni þegar við vorum að spila með RVKdætrum í London á stofu þar sem enginn talaði ensku og var ekki hleypt út fyrr en við vorum komnar með sett á hendurnar. Núna fer ég hér heima til Elísu Bjargar og finnst ég alltaf geggjuð pæja.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Hér og þar. Mikið kaupi ég í útlöndum og kíki þá í búðir eins og Topshop, Urban Outfitters eða Monki. Annars elska ég „second hand“ búðir erlendis. Svo er ég mjög spennt fyrir því að Húrra Reykjavík opni kvendeild, ég held að hún verði þá mín „go to“ verslun hér heima.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég held ég sé rosalega mikið „meðalmoð“. Eyði ekki miklu hér heima en ef mig vantar þá leyfi ég mér alveg. En því skal haldið til haga að ég er námsmaður svo núna geri ég allt til þess að spara og verða mér úti um fínar flíkur á til dæmis fatamörkuðum eða „second hand“. Til dæmis stefni ég á að fara á fatamarkað núna um helgina hjá stelpum sem kalla sig Twitter-stelpur á Loft hostel og vonast til að finna eitthvað þar.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Sú flík sem ég nota hvað mest eru svörtu gallabuxurnar og leðurbuxurnar, rosa einfalt. Líka svört rúllukragapeysa, þykk og síð. Ég á nánast heima í þeirri peysu á veturna. Annars á ég nokkrar uppáhaldsflíkur sem eru í fínni kantinum og ég nota sjaldnar eins og svartan, síðan samfesting sem ég keypti á netinu, fleginn að framan og opinn í bakið. Jogginggalli frá Helicopter hentar líka vel á blúsuðum sunnudögum.

**Uppáhaldshönnuður?** Andri Hrafn Unnarsson vinur minn sem var að útskrifast úr fatahönnun í LHÍ.

**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Mig langar í ný sólgleraugu. Ég er með valkvíða hvort ég kaupi mér RayBan, Han Kjøbenhavn eða Komono gleraugu úr Húrra Reykjavík.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég er mikið fyrir samfestinga og nýjar yfirhafnir. Bæði eru samfestingar svo þægilegir en líka elska ég að kaupa nýja flotta, er komin með nokkra fína í safnið og nota þá alla alltaf jafn mikið. Yfirhafnir eru náttúrulega sú flík sem Íslendingar eru í nánast allan sólarhringinn út af veðri og gaman að eiga nokkrar mismunandi eftir skapi.

**Notar þú fylgihluti?** Ég er ánægð með Daniel Wellington úrið mitt, það er flott en það er líka nauðsynlegt í sumarvinnu minni sem flugfreyja hjá Icelandair.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Vinkonur mínar eru svo sjúklega nettar. Þær eru mínar tískufyrirmyndir.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég er að klára skólann í vikunni, fyrsta ár á sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands. Með skóla hef ég verið að vinna baksviðs í Borgarleikhúsinu en núna tekur við flugfreyjustarfið með Icelandair.

Það sem stendur upp úr er að við í Reykjarvíkurdætrum erum að gefa út diskinn okkar og svo förum við á túr um Evrópu, m.a. á Hróarskeldu og FiberFib á Spáni. Ég er líka að fara á Beyoncé með Þórdísi Björk, vinkonu minni, og get varla beðið eftir þeirri ferð en svo erum við Steiney Skúladóttir, vinkona mín, að vinna að verkefni saman í sumar líka svo það er meira en nóg að gera!



Þegar RVKdætur áttu frítíma milli hljóðprufu og giggs í London keypti Sigurlaug þennan bol og hálsmen á götuhorni. Saman kostaði þetta ca. 2 þúsund krónur.

Chicago Bulls jakki keyptur á Kensington Market í Toronto.

Samfestingur frá Vila.

Rúskinnsjakki keyptur í „second hand“ búð á Kensington Market í Toronto þar sem Sigurlaug segir frábært að versla.



# Sjávarútvegurinn

3. júní 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Vísir hf. | Samskip | Ekran | Harpa | Samtök iðnaðarins | Rannsóknarþjónustan Sýni |



MYND/JÓHANN WAAGE



Pétur segir aukinni menntun fylgja að fólk sé farið að horfa á sjávarútveginn í víðara samhengi og tengja hann við alls kyns tækni og nýsköpun.

# Þáttaskil að verða í greininni

Vísir hf. var stofnað í Grindavík árið 1965 en á rætur að rekja til útgerðar á Þingeyri sem var stofnuð árið 1930. Starfsemin var um tíma rekin á fjórum stöðum, einum á hverju landshorni, en fluttist alfarið til Grindavíkur 2014. Sameiningin var krefjandi en þykir hafa tekist vel og er notuð sem kennsluefni um vel heppnaða framkvæmd. Ýmsar tækninýjungar hafa verið innleiddar og framtíðin er björt.

Sjávarútvegsfyrirtækið Vísir hf. gerir út fimm línubáta og starfrækir tvær verksmiðjur; saltfiskvinnslu og frystihús þar sem bæði er unnin fersk og frosin vara. Skipin landa hvert um sig einu sinni í viku. Markmiðið er að þau komi með 100 tonn hvert sem skiptast til helminga hvort í sína verksmiðjuna. „Við höfum gengið mjög langt í því að útbúa verksmiðjurnar samkvæmt nýjustu tækni og nýjum áherslum markaðarins,“ segir framkvæmdastjórinn Pétur Hafsteinn Pálsson. „Við höfum tekið í notkun tvær sjálfvirkar skurðarvélar sem framleiða fimm hundruð bita á mínútu og eru álíka mikil bylting og flökunarvélarnar voru á sínum tíma. Því til viðbótar meta þær stærð hvers flaks og taka út frá því ákvörðun um hvernig best sé að skera það miðað við verð dagsins á hverjum bita flaksins en það eykur verðmætið umtalsvert,“ segir Pétur.

En þýðir það færra starfsfólk? „Nei við höfum tvöfaldað afköstin með því að fjölga starfsfólki um fimmtíu prósent og samhliða aukum við verðmæti flakanna um á bilinu fimm til tíu prósent,“ útskýrir Pétur. Hann segir að alltaf sé erfitt að keppa við tækniþróunina en Vísir sé með frábært starfsfólk sem fylgist vel með og taki þátt í framþróuninni. Vísir hf. byrjaði með eina verksmiðju í Grindavík árið 1965. „Um aldamótin 2000 fjárfestum við í fyrirtækjum og fiskihúsum á öllum landshornum og breikkuðum vörulínuna okkar. Ein verksmiðjan var í flöttum fiski, önnur í flökuðum saltfiski, þriðja í bitafiski og fjórða í heilaflavinnslu. Skipin reru í kringum landið og lönduðu í þeirri höfn sem passaði. Svo gerist það að vinnslutækninni fleygir fram og afköstin aukast. Svo kom að því að markaðsáherslur voru að breytast, efnahagshrunið kom í öllu sínu veldi og við höfðum ekki nægan fisk í það sem við vorum að gera á hverjum stað fyrir sig. Niðurstaðan varð sú að við yrðum að bregðast við og það var best gert með því að þjappa okkur saman í tvær verksmiðjur nálægt flugvelli, við höfuðstöðvarnar í Grindavík.

### Krefjandi verkefni

Pétur segir menn hafa gert sér strax grein fyrir því að aðgerðirnar yrðu erfiðastar fyrir starfsfólk. „Við settum okkur því það markmið að það myndi enginn missa vinnuna. Við buðum öllum að koma með okkur til Grindavíkur en vissum þó að það myndi ekki passa öllum, og þá sérstaklega ekki þeim sem áttu fjölskyldur á stöðunum. Við lögðum því talsvert á okkur til að finna kaupendur að eignunum sem við fórum frá sem gætu tekið við starfsfólki. Höfuðmarkmiðið var að fólk héldi ýmist sömu vinnu á nýjum stað eða fengi nýja vinnu á sama stað og erum við ánægð með hvernig til tókst. Þeir sem komu með okkur suður hafa aðlagast vel en það hefur verið okkar mesta gæfa hvað okkur hefur haldist vel á góðu starfsfólki bæði á sjó og í vinnslu. Við vildum því gera allt til að svo yrði áfram.“

Aðgerðir á borð við þessar eru alltaf erfiðar en Vísismenn lögðu mikið á sig til að láta breytingarnar ganga vel fyrir sig og raunar hafa aðgerðir fyrirtækisins á þessum tíma verið kenndar sem fyrirmyndaraðgerð í breytingastjórnun á háskólastigi hér á landi, enda þykja þær hafa heppnast afar vel.

Pétur segist nú farinn að sjá fyrir endann á breytingunum og að árangurinn sé að koma í ljós. „Við erum búin að auka afköstin úr 16.000 tonnum í fjórum verksmiðjum í 20.000 tonn í þessum tveimur. Við erum búin að stilla verksmiðjunum tvisvar upp á þessum tveimur árum með það fyrir augum að slípa starfsemina til. Nú teljum við okkur vera að komast á réttan stað og bindum miklar vonir við haustið. Við höfum verið að stilla framleiðsluna af með tilliti til markaðarins og erum að ná góðu jafnvægi. Sölumálin líta vel út og það gengur vel að veiða. Við reiknum með aukningu í þorskinum og erum full tilhlökkunar.“

### Þáttaskil og kynslóðaskipti

Fram undan eru spennandi tímar og enginn getur séð fyrir sér hvað gerist næst í tæknimálunum sem fleygir fram á miklum hraða. Pétur segir ákveðin þáttaskil og kynslóðaskipti að verða í greininni. „Ég tel mig nú kornungan mann en það er fólk að koma inn í greinina eftir háskólanám og veru erlendis á meðan það taldist mönnum af minni kynslóð helst til tekna að hafa verið lengi á sjó og í fiskvinnslu. Ég man að mamma klappaði öllum sem komu í kaffi, hvar sem þeir voru í sveit settir, á öxlina og spurði hvenær þeir ætluðu nú á sjóinn, eins og það væri hverjum manni nauðsynleg manndómsvígsla,“ segir Pétur og hlær.



Pétur býður alla velkomna um sjómannadagshelgina til að sjá hvernig tekist hefur til.

Hann segir aukinni menntun fylgja að fólk sé farið að horfa á sjávarútveginn í víðara samhengi og tengja hann við alls kyns tækni og nýsköpun. „Þetta er því að verða mjög spennandi atvinnugrein og verðmæta starfsmenn í sjávarútvegi er allt eins að finna í tölvugeiranum og verkfræði og úti á sjó.“

Pétur býður alla velkomna í heimsókn nú um sjómannadagshelgina. „Við verðum með opið milli 14 og 17 bæði laugardag og sunnudag og ég hvet alla sem hafa áhuga á tölvunarfræði, verkfræði og fiskvinnslu til að líta við og sjá hvernig hefur tekist til.“

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson


Hafið
hefur
kennt
okkur
50
1965-2015
VÍSIR
Hafið hefur kennt okkur auðmýkt gagnvart náttúru–
öflunum og ábyrgðartilfinningu gagnvart lífríkinu.
Hafið hefur kennt okkur að hagnýta tæknina af virðingu
fyrir fiskum og mönnum.
Starfsfólk Vísis þakkar fyrir fimmtíu ára sögu og hlakkar
til að standa áfram í stafni íslensks sjávarútvegs.
Sjómannadagurinn er einn af merkisdögum Íslands.
Vísir óskar hetjum hafsins til hamingju með daginn.
Visirhf.is

# Konur styrkja tengslanetið

Þrjú ár eru frá stofnun félagsins **Konur í sjávarútvegi**. Félagið er afar öflugt og vinnur að því að gera konur sýnilegri í greininni. Félagið lætur um þessar mundir vinna rannsókn á stöðu kvenna í sjávarútvegi. Mun fleiri konur starfa við sjávarútveg en flestir gera sér grein fyrir.

„Félagið er í raun hugmynd einnar konu, Hildar Sifjar Kristborgardóttur, sem safnaði í kringum sig konum sem hún þekkti í greininni. Síðan var hóað á kynningarfund vorið 2013 og þar mætti húsfyllir af konum sem var mun meira en nokkur átti von á,“ segir Freyja Önundardóttir, formaður Kvenna í sjávarútvegi og útgerðarstjóri Önundar ehf.

Tilgangur félagsins, að sögn Freyju, er að styrkja konur, gera þær sýnilegri í sjávarútvegi og gefa þeim færi á að mynda tengslanet bæði við aðrar konur en ekki síður karla í greininni. Hún segir að eftir fyrsta fundinn hafi fólk áttað sig á því að mun fleiri konur eru í greininni en áður var talið, en félagið er hugsað fyrir konur sem vinna við sjávarútveg auk tengdra og afleiddra greina.

**„Þetta er auðvitað dálítið karlaveldi en ég hef aldrei upplifað annað en að karlar séu mjög fegnir að fá konur inn í sjávarútveginn.**

### Standa fyrir rannsókn

„Eitt fyrsta verkefnið var að vinna að því að láta rannsaka stöðu kvenna í sjávarútvegi. Við höfum unnið mikla forvinnu og nú er komin af stað rannsókn sem Háskólinn á Akureyri og Gallup eru að vinna fyrir og með okkur.“

Starfið hefur verið mjög öflugt þessi þrjú ár. „Einu sinni í mánuði förum við í heimsóknir í fyrirtæki, fyrsta föstudag í mánuði hittast þær sem vilja á Bryggjunni Brugghúsi til að spjalla og svo er af og til morgunkaffi þar sem fyrirtæki býður til sín í óformlegt spjall að morgni dags,“ telur Freyja upp. Einnig er boðið upp á viðburði þar sem karlar eru velkomnir. Til dæmis um það er viðburður sem halda á fjórum sinnum á ári og kallast Sögur af sjó og landi. „Þá teflum við saman tveimur fyrirtækjum sem hafa átt farsælt samstarf en fyrirtækin sem riðu á vaðið voru Einhamar og Marel.“

Félagið fer einnig í tvær ferðir á ári. Annars vegar dagsferð og hins vegar lengri ferð að vori. „Við erum einmitt nýkomnar úr einni slíkri um Eyjafjörð og Tröllaskaga þar sem tæplega 50 konur voru með í för.“

### Góðu upplifun kvenna

Freyja segir upplifun kvenna af störfum tengdum sjávarútvegi yfirleitt mjög góða. „Þetta er auðvitað dálítið karlaveldi en ég hef aldrei upplifað annað en að karlar séu mjög fegnir að fá konur inn í sjávarútveginn. Enda hefur verið sýnt fram á það í ýmsum rannsóknum að fyrirtæki þar sem kynjajafnvægi ríkir eru vel rekin. Við konur komum með aðra sýn og aðrar hugmyndir en við stefnum öll að því sama,“ segir Freyja sem sjálf er fædd og uppalin í bransanum. „Foreldrar mínir keyptu stóran bát þegar ég var átta ára og gerðu hann út bæði frá Raufarhöfn, heimabæ pabba, og Vestmannaeyjum þar sem mamma er fædd. „Við bjuggum í Eyjum en vorum á Raufarhöfn á sumrin en eftir gos fluttum við til Raufarhafnar þar sem fyrirtækið hefur verið síðan,“ segir Freyja sem í dag rekur útgerðina Önund ásamt foreldrum sínum.


Freyja Önundardóttir segir þær konur sem hún þekkir hafa mjög góða reynslu af því að starfa í sjávarútvegi. MYND/ANTON BRINK

**Nánari upplýsingar um félagið má finna á www.kis.is**







Vinnslustöð Vestmannaeyja stendur fyrir byggingu nýs uppsjávarfrystihúss um þessar mundir. MYND/ARNAR RICHARDSSON

# Byggja glænýtt uppsjávarfrystihús í Vestmannaeyjum

Vinnslustöð Vestmannaeyja stendur fyrir byggingu nýs uppsjávarfrystihúss um þessar mundir. Framkvæmdir ganga vel og eru samkvæmt áætlun segir á vef fyrirtækisins www.vsv.is.

Eykt hf. byggingarverktakar hafa unnið við uppslátt á uppsjávarhúsi ásamt mótorhúsi og er uppsláttur langt kominn. Stærsta límtré sem framleitt hefur verið hjá Límtré Vírneti ehf. er komið á sinn stað en þess má geta að hver biti er 36 metrar að lengd og vegur um 6 tonn.

Mikil vinna er fram undan við uppsetningu á tækjum og búnaði við mótorhús og annast Kælismiðjan Frost uppsetningu. Tæki og búnaður eru byrjuð að berast og var ammoníakstankur hífður inn í liðinni viku. Þá var einnig klárað að steypa undir eimsvala og verða þeir hífðir á sinn stað á næstu dögum. Áfram er unnið við jarðvinnu við mjölskemmu og fimmta hráefnistank. Verkið er unnið af gröfuþjónustu Brinks. Skipalyftan vinnur við uppbyggingu á fjórða hráefnistanknum og er það verk að komast á góðan skrið.

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM75654

Hluti af sjávarútveginum

# Nýtt nám í haftengdri nýsköpun

Sterk tengsl við atvinnulífið einkenna nýtt diplómanám Háskólans í Reykjavík, haftengda nýsköpun, sem boðið verður upp á í Vestmannaeyjum í haust. Námið er unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Visku, símenntunarstöð Vestmannaeyja, og Þekkingarsetur Vestmannaeyja.

„Haftengd nýsköpun er heils árs staðarnám í Vestmannaeyjum þar sem nemendur fá grunn í viðskipta- og sjávarútvegsfræðum," segir Ásgeir Jónsson, umsjónarmaður hins nýja diplómanáms. „Að mínu mati felst helsti styrkur námsins í Eyjunum sjálfum, samfélaginu þar og nálægð við atvinnulífið og allar helstu stofnanir sem tengjast sjávarútvegi."

Tilurð námsins má rekja til metnaðar samfélagsins í Eyjum til að efla enn frekar háskólanám og staðarnám í bænum. Skipaður var starfshópur með fulltrúum frá menntamála- og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, bæjaryfirvöldum í Eyjum, Nýsköpunarmiðstöð, Samtökum iðnaðarins, Háskólanum í Reykjavík og fyrirtækjum í Eyjum. Háskólinn á Akureyri tók svo virkan þátt í að móta námið og er hluti þess kenndur þaðan.

„Diplómanámið varir heilt eitt ár, tvær fullar annir og sumarönn. Það stendur vel eitt og sér en veitir einnig grunn að frekara námi ef fólk kýs það," segir Ásgeir sem sjálfur er sjávarútvegsfræðingur og að ljúka master í matvæla- og auðlindafræði. „Það felast auðvitað verðmæti í því, ætli fólk sér að klára grunnnám útskrifast það einnig með diplóma í haftengdri nýsköpun."



Ásgeir Jónsson er umsjónarmaður námsins. Hann er sjávarútvegsfræðingur og að klára master í matvæla- og auðlindafræði. MYND/ANTON BRINK

### Tengsl við atvinnulífið

Námið er kennt í fjarnámi frá HR og HA en byggt upp sem staðarnám og aðhald við nemendur og stoðkennsla eftir því. „Námið er nokkuð þverfaglegt. Kúrsarnir eru blanda af ýmsum greinum á borð við markaðsfræði, blöndu af sjávarútvegstengdum greinum, viðskiptafræði og tæknilegri hlið greinarinnar sem er unnin í samstarfi við Marel. Þá kemur FabLab einnig að vöruþróun og nýsköpun í matvælum," lýsir Ásgeir og bendir á að námið verði nátengt atvinnulífinu í Vestmannaeyjum sem sé afar blómlegt.

„Við fáum fólk úr atvinnulífinu hér í Eyjum til að miðla af reynslu sinni og vinnum verkefni í samstarfi við fyrirtækin hafi fólk áhuga á því," segir Ásgeir. „Auk þess er Þekkingarsetur Vestmannaeyja í sama húsi þar sem flestar stofnanir sem tengjast sjávarútvegi hafa aðstöðu. Þar má nefna Hafró, Matís, Umhverfisstofnun og því mikil þekking til staðar."

### Mikil tækifæri

Ásgeir segir gríðarmikil tækifæri felast í sjávarútvegi á Íslandi. „Þetta er mjög fjölbreytt atvinnugrein sem fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir. Það hefur orðið mikil uppbygging í haftengdri nýsköpun undanfarin ár og Íslenski sjávarklasinn endurspeglar það vel. Klasinn sem var tíu til tólf fyrirtæki árið 2012 samanstendur nú af fimmtíu," segir hann og bendir á að

> **Við fáum fólk úr atvinnulífinu hér í Eyjum til að miðla af reynslu sinni og vinnum verkefni í samstarfi við fyrirtæki.**

sjávarútvegur snúist um meira en veiðar og vinnslu. „Það er blómlegur hliðariðnaður sem þrífst í kringum sjávarútveginn. Til dæmis er tæknigeirinn mjög vaxandi og svo eru ýmsar hliðarafurðir sem unnið er með eins og fæðubótarefni, lyf, tískuvörur og jafnvel listaverk."

### Mikil þekking í Eyjum

Ásgeir segist alls ekki líta á það sem hindrun að námið sé í Eyjum. „Hér er mikill drifkraftur bæði í atvinnulífinu og samfélaginu. Helsti kostur þess að vera með námið hér er sú dýnamík sem skapast þar sem mikil þekking er handan hornsins."

Til að fá inngöngu í námið þurfa nemendur að hafa stúdentspróf eða hafa útskrifast úr frumgreinanámi, en einnig er hægt að láta meta starfsreynslu í einhverjum tilvikum að sögn Ásgeirs. Umsóknarfrestur er til 5. júní.

**Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.ru.is/vd/haftengd-nyskopun**

TOYOTA LYFTARAR BT
IVECO




Toyota dísellyftarar á tilboðsverði!
2,5 tonna lyftigeta, 3,3 metra lyftihæð, lokað ökumannshús með miðstöð, innbyggð vigt og auka vökvaúttak.
Verð frá 3.790.000 kr.(án vsk.)
M.v. gengi EUR 141



Toyota dísellyftararnir eru fáanlegir með skiptingu í gólfi og einnig með hefðbundinni skiptingu.





KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Hjá okkur verður enginn fiskur útundan

## Með Drekanum frá Micro aukast gæðin

Kæli-og blóðgunardrekinn frá Micro tryggir góða kælingu og blóðgun og heldur aflanum ferskari.  Góð reynsla útgerðafyrirtækja af Drekanum eru bestu meðmælin.

"Það sem fékk mig til að skoða **Drekann** var að ég var í vandamálum með skolun á fiskinum á millidekki skipanna minna.

Ég skoðaði nokkur kerfi en komst að þeirri niðurstöðu að **Drekinn** væri rétta leiðin þar sem hann tók minna pláss miðað við afköst og einnig vegna þess að ég var mjög hrifinn af þeirri hugmynd að allur fiskur sem færi í hann er settur á kaf og fær ekki tækifæri á því að fljóta ofaná.

Ég tók **Dreka** til reynslu um borð í eitt línuskip hjá mér og lét reyna á hann við full afköst við veiðar og komst að þeirri niðurstöðu að **Drekinn** stóð vel undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.  Þegar að mínu mati var næg reynsla komin á notagildi **Drekans** fór af stað sú vinna að undirbúa **Dreka** í hin 3 skipin hjá mér og aðgerðarkerfi í kringum þá.

það skemmir alls ekki fyrir **Drekanum** að vinnubrögðin hjá Micro eru þannig að staðið hefur verið við allar tímasetningar og öll vinna er vel unnin,,

*Hrannar Jón Emilsson* , Útgerðarstjóri, Þorbjörn hf.

**Drekinn er nú þegar í notkun hjá: Útgerðir /skip:**

**Þorbjörn:** Valdimar og 3 til viðbótar í vinnslu  
**Skinney-Þinganes:** Steinunn - Vigur - Hvanney - Þinganes  
**Gjögur:** Áskell  
**Í Portland Main, USA:** Harmony  
**Í Cloucester Massachusetts, USA:** Mish Trish



Micro hefur í 20 ár annast smíði, viðgerðir og viðhald á tækjum og vélum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu.  
**Fagmennska fyrst og fremst.**

MICRO

**Micro-ryðfrí smíði ehf. • Suðurhraun 12b • 210 Garðabær • Sími 588 2314 • www.micro.is**

RYÐFRÍ SMÍÐI

# Vefur sem veitir breiða yfirsýn

Vefurinn Menntanet sjávarútvegsins var opnaður fyrir skemmstu en hann veitir breiða yfirsýn yfir efni tengt sjávarútvegi. Vefurinn er einn af burðarstólpum menntastefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi sem var kynnt á dögunum. Vonir standa til að hann gagnist sem flestum.



**Karen er einstaklega ánægð með hvernig til tókst og vonar eð efnið nýtist sem flestum.** MYND/STEFÁN

„Menntanet.is er vefsvæði sem veitir yfirlit yfir aðgengilegt fræðslu- og kynningarefni, námsleiðir og gagnlegar vefsíður innan sjávarútvegsins. Fimm manna ritstjórn skipuð aðilum úr atvinnulífinu og fulltrúum menntastofnana hefur yfirumsjón með vefnum sem er hýstur hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi,“ segir Karen Dröfn Kjartansdóttir, upplýsingafulltrúi samtakanna. „Markmiðið er að auðvelda námsmönnum, kennurum, fræðimönnum og þeim sem starfa í sjávarútvegi að nálgast vandað efni sem tengist greininni. Þá er vefurinn vettvangur fyrir útgefendur efnis til að koma því á framfæri til síns notendahóps með einföldum hætti,“ útskýrir Karen.

Aðspurð segir hún það hafa verið rætt innan Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hversu mikið væri til af góðu efni sem þyrfti að bæta aðgengi að. „Við óskuðum eftir styrk frá Félagi síldarútgerða og fengum nemendur úr fyrsta sigurliði Hnakkaþons, sem er keppni um hagnýtar lausnir í sjávarútvegi í Háskólanum í Reykjavík, til að vinna þetta með okkur. Þeir þróuðu meðal annars öfluga leitarvél sem gerir fólki kleift að leita að efni eftir ólíkum skilyrðum eins og menntunarstigi, efnisflokkum eða efnisorðum,“ upplýsir Karen.

Hún segir hugmyndina að skapa lifandi og skemmtilegan vettvang sem haldi vel utan um fjölbreytt efni. „Að okkar mati fæst líka góð yfirsýn yfir það sem er til sem auðveldar okkur að greina hvað þarf að styrkja og efla í framhaldinu.“

Karen segir sjávarútveginn spennandi og skemmtilega grein sem spannar óravítt svíð. Má þar nefna líffræði, hagfræði, veiðar, vinnslu, verkfræði, matvælahönnun og líftækni svo fátt eitt sé nefnt. Mikill uppgangur er að hennar sögn í greininni og æ fleiri sækja menntun í sjávarútvegsfræðum. „Á það jafnt við um karla sem konur sem er afar ánægjulegt í ljósi þess að greinin hefur hingað til að mestu leyti verið skipuð körlum.“

Hún segir mikilvægt að laða að ungt og hæfileikaríkt fólk með vönduðu efni. „Við vildum ekki hafa efnið á vefnum einsleitt heldur draga fram ótal birtingarmyndir og hugmyndir úr greininni sem finna má út um allan veraldarvef. Ég er einstaklega ánægð með hvernig til tókst og vona að efnið nýtist sem flestum. Helsta áskorunin er svo að halda vefnum við en ég vonast til þess að með öflugri ritstjórn nái hann að vaxa og dafna í takt við nýja tíma. Það eru fáar þjóðir sem standa okkur framar í nýsköpun, ábyrgri nýtingu og arðsemi og við höfum sannarlega efni á að miðla því.“






**Síldarplan á Siglufirði.** NORDIC PHOTOS/GETTY

## KLONDIKE ATLANTSHAFSINS

Þegar síldveiðar Íslendinga náðu sem hæstum hæðum um miðja síðustu öld var síldarútflutningur frá Siglufirði yfir 20 prósent af öllum útflutningi landsins. Ævintýrið hófst þegar Norðmenn hófu síldveiðar við Ísland 1903 og mokveiddu. Íslendingar höfðu ekki veitt síld að neinu ráði og síld var ekki algeng á borðum. Norsku veiðarnar leiddu til þess Íslendingar tóku við sér við útgerð og síldarvinnslu og farið var að salta og bræða síld á Siglufirði af miklum móð. Siglufjörður varð á nokkrum árum frægasti síldarbær í heimi með viðurnefnið Klondike Atlantshafsins, þar sem hálfgerð gullgrafarastemming ríkti. Á einungis 40 árum fór íbúafjöldinn yfir þrjú þúsund manns. Til þorpsins streymdi verkafólk í tugþúsundatali og söltunarstöðvar spruttu upp hvar sem þeim var komið við. Þegar mest var var síld söltuð á 23 plönum og brædd í fjórum verksmiðjum. Í landlegum lágu hundruð síldarskipa ýmissa þjóða við bryggju, og fólksmergðin á götum bæjarins minnti á erlendar stórborgir. Veiðarnar sveifluðust þó til og frá og stundum veiddist engin síld mörg sumur í röð. Árið 1969 hvarf síldin vegna ofveiði Íslendinga, Norðmanna og Sovétmanna og gullöld síldarævintýrisins lauk. Á Siglufirði eru þessari sögu gerð skil á Síldarminjasafni Íslands og víða um bæinn má sjá minjar frá „gullæðinu“. **www.sild.is**

SJÓMENN OG FISKVINNSLUFÓLK TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

# PÖKKUNARLAUSNIR

ALLT Á EINUM STAÐ **FYRIR ATVINNUMENN OG HEIMILI**










vörumerking

LÍMMIÐAR • PLASTKORT
AÐGÖNGUMIÐAR OG
MARGT FLEIRA...





- Kassar og öskjur
- Arkir og pokar
- Bakkar og filmur
- Aðgöngumiðar
- Límmiðar
- Plastkort
- Pökkunarvélar
- Hnífar og brýni
- Einnota vörur o.fl.

Skoðaðu vörulistann okkar á **www.samhentir.is**

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

PRENTUN.IS




**Strandsiglingunum Samskipa hefur verið vel tekið frá fyrsta degi.**

# Brúin til Evrópu – Ný siglingaleið

Þáttaskil urðu í sjóflutningum til og frá landinu vorið 2013 þegar Samskip kynntu nýja siglingaleið frá Vestfjörðum og Norðurlandi til Bretlands og meginlands Evrópu með viðkomu í Færeyjum. Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa, greinir hér frá.

„Með þessari nýju siglingaleið vorum við að svara mikilli þörf landsbyggðarinnar, ekki síst frá Vestfjörðum og Norðurlandi, með sjávarafurðir inn á helstu markaði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu,“ segir segir Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa.

Þessi nýja siglingaleið markaði nýtt upphaf strandsiglinga hérlendis en um er að ræða hringleið frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðarfjarðar, áður en haldið er til Kollafjarðar í Færeyjum, þaðan áfram til Immingham í Englandi, Rotterdam í Hollandi og loks aftur til Reykjavíkur.

Strandsiglingum Samskipa var vel tekið frá fyrsta degi enda var töluverð þörf á beinum siglingum frá Vestfjörðum og Norðurlandi, m.a. með sjávarafurðir á markaði bæði í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Í umfjöllun Fréttablaðsins um þessa nýjung Samskipa, þann 22. febrúar 2013, kom fram að sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum og Norðurlandi væri á einu máli um að siglingarnar styrktu samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á þeim svæðum sem komust í beint og milliliðalaust samband við markaðssvæði sín í Bretlandi og meginlandi Evrópu.

### Eftirspurnin kallaði á annað skip

Það varð nokkuð fljótt ljóst að eitt skip annaði varla eftirspurn eftir strandsiglingunum. „Við fundum fyrir síaukinni eftirspurn eftir flutningum til og frá landinu og víðtækari þjónustu vegna uppbyggingar víðar um land,“ segir Pálmar. „Það varð til þess að við bættum við fjórða skipinu í siglingar til og frá landinu og það skip sinnir einnig ströndinni. Nú koma því tvö skip í viku til landsins frá Evrópu í hverri viku og vikulega fer eitt skipa okkar á ströndina.

Með þessu kerfi höfum við brugðist við vaxandi eftirspurn, bæði flutningum til og frá landinu og ekki síður landsbyggðinni sem nú hefur beinan aðgang að umfangsmiklu flutninganeti okkar um þvera og endilanga Evrópu,“ segir Pálmar og bætir við að núverandi flutningskerfi gefi möguleika á sveigjanleika í starfsemi félagsins þannig að Samskip eigi auðveldara með að bregðast við breyttum aðstæðum, s.s. vegna uppbyggingar og framkvæmda á landsbyggðinni.“

Gott dæmi um sveigjanleika kerfisins, að sögn Pálmars, er þegar Samskip bættu Húsavík við sem föstum viðkomustað. Þá var verið að mæta aukinni flutningsþörf þangað vegna framkvæmda á iðnaðarsvæðinu á Bakka, jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum og tengdra framkvæmda. Samhliða siglingunum til Húsavíkur og auknum umsvifum á svæðinu tóku Landflutningar-Samskip á síðasta ári í notkun nýja 600 m² vöruafgreiðslu á hafnarsvæðinu á Húsavík þar sem boðið er upp á vöruhýsingu og margvíslega þjónustu fyrir viðskiptavini Samskipa og Landflutninga.

„Vegna þessa sveigjanleika sem kerfið býður upp á eiga Samskip auðvelt með að laga þjónustu sína að þörfum atvinnulífsins og bæta við nýjum viðkomustöðum ef aukin umsvif kalla á það.“




**Flutningakerfi Samskipa er víðfeðmt.**



**Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa.**

Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri Fisk Seafood á Sauðárkróki, segir að siglingar Samskipa til Sauðárkróks sé styrkur fyrir hans fyrirtæki og önnur útflutningsfyrirtæki á landsbyggðinni. „Það er töluvert hagræði fólgið í strandsiglingunum fyrir landsbyggðina því nú þurfa fyrirtækin síður að flytja sjávarafurðir og aðrar útflutningsvörur landleiðina til útflutnings frá Reykjavík með tilheyrandi kostnaði.“

### Þjónusta við sjávarútveginn

Örar siglingar, stuttur flutningstími og tenging við öflugt flutningskerfi Samskipa í Evrópu henta fiskútflytjendum mjög vel. Samskip hafa að undanförnu byggt upp á athafnasvæði sínu myndarlega aðstöðu fyrir umsýslu með fisk sem hlotið hefur nafnið Svala. Um er að ræða 900 m² húsnæði með vinnslusvæði og nýjum 300 m² kæli fyrir saltfisk sem er nánast tvöföldun á saltfiskkælum fyrirtækisins. Að sögn Pálmars var aðstaðan hönnuð í samvinnu við viðskiptavini Samskipa. „Við getum nú boðið þeim víðtækari þjónustu en áður. Meðal annars með því að innrétta fullbúið skoðunarherbergi í Svölu, þar sem viðskiptavinir okkar geta skoðað gæði vörunnar og ástand fisksins áður en hann er fluttur úr landi en fyrir utan Svölu er 4.000 m² vinnusvæði sem hentar vel til að fylla frysti- og kæligáma af útflutningsvöru.“

### Umhverfisvænt og hagkvæmt

Strandsiglingarnar eru umhverfisvænn kostur sem samfélagið nýtur góðs af og hagkvæmur fyrir viðskiptavini Samskipa. „Strandsiglingarnar draga verulega úr umferð þunglestaða vöruflutningabíla um landið. Það leiðir af sér töluverðan olíusparnað, minni mengun og dregur töluvert úr álagi á vegum. Siglingarnar hafa líka sparað framleiðslufyrirtækjunum töluverðan kostnað vegna aksturs með fisk og aðrar útflutningsvörur til Reykjavíkur,“ segir Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa.

---

Samkvæmt siglingaætlun Samskipa með strönd landsins koma skipin aðra vikuna til Ísafjarðar, Akureyrar, Húsavíkur og Reyðarfjarðar en hina vikuna hafa skipin viðdvöl á Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Með þessu skipulagi er hægt að þjóna fimm höfnum á landsbyggðinni, þar af tveimur vikulega.

---

**Kostir strandsiglinga fyrir inn- og útflytjendur, umhverfið og samfélagið eru ótvíræðir**

- Útflutningur beint af landsbyggðinni til Bretlands, Færeyja og meginlands Evrópu með tengingum um heim allan.
- Innflutningur beint frá Bretlandi og meginlandinu til Reykjavíkur, Ísafjarðar, Sauðárkróks, Akureyrar, Húsavíkur og Reyðarfjarðar.
- Innanlandsflutningur frá Reykjavík til þessara fimm hafna á landsbyggðinni.
- Innanlandsflutningur milli hafnanna fimm eða frá þeim til Reykjavíkur.
- Umhverfisvænni flutningar, mun minni eldsneytisnotkun og minni útblástur gróðurhúsalofttegunda.
- Mun minna álag á vega- og gatnakerfinu.




Allir Íslendingar vita að framlag þeirra sem sækja sjóinn er ómissandi fyrir land og þjóð. Þess vegna á sjómannadagurinn sérstakan sess í hjörtum okkar.

Við óskum sjómönnum nær og fjær til hamingju með daginn og þökkum um leið áhöfnum á skipum Samskipa sérstaklega fyrir þeirra hlut í áreiðanlegum sjóflutningum til og frá landinu.

Gleðilegan sjómannadag!

ENNEMM / SÍA / NM75287

www.samskip.is

SAMSKIP

Saman náum við árangri

# Fjörugur sjómannadagur um allt land

**Sjómannadagurinn** verður haldinn hátíðlegur víða um land næsta sunnudag. Mörg bæjarfélög halda tveggja til þriggja daga hátíðir í tengslum við daginn og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fólk á öllum aldri. Helstu dagskrárliðir nokkurra sveitarfélaga eru kynntir hér.

### Sjóarinn síkáti

Bæjarhátíðin Sjóarinn síkáti verður haldin dagana 3.-5. júní í Grindavík. Hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ár og er dagskráin því óvenju fjölbreytt og glæsileg. Barnadagskráin verður í öndvegi þar sem m.a. verður boðið upp á Sirkus Íslands, Einar Mikael töframann, Villa og Góa, Gunna og Felix, brúðubílinn og fjölda skemmtilegra leiktækja fyrir börnin. Keppnin Sterkasti maður á Íslandi verður á sínum stað og er metþátttaka í ár. Páll Óskar kemur fram á Bryggjuballi ásamt Jóni Jónssyni og Friðriki Dór, Ingó Veðurguð sér um brekkusöng auk þess sem haldið verður sérstakt Pallaball í íþróttahúsinu. Rokktónleikar verða einnig í íþróttahúsinu þar sem boðið verður upp á framsækið rokk sem átti blómaskeið sitt á áttunda áratugnum. Síðast en ekki síst verður boðið upp á fiskasafn með lifandi sjávardýrum en safnið sló svo sannarlega í gegn á síðasta ári.

### Hátíð hafsins

Hátíð hafsins í Reykjavík stendur yfir um helgina og er haldin á hafnarsvæðinu sem nær frá Hörpu að húsnæði HB Granda. Mjög fjölbreytt dagskrá er í boði alla helgina fyrir fólk á öllum aldri. Boðið verður upp á fiskismakk og furðufiskasýningu við Grandagarð, varðskipið Óðinn býður gesti velkomna um borð og boðið verður upp á þrautabrautir fyrir yngstu kynslóðina. Forlagið heldur fjölskylduskemmtun á laugardeginum og stórt útisvið verður á Grandagarði á laugardeginum með fjölda leik- og söngatriða. Harpa verður með fjölbreytta dagskrá báða dagana og vegleg fjölskylduhátíð verður haldin við HB Granda þar sem m.a. Sprengjugengið, Latibær, Sirkus Íslands og BMX Brós koma fram.

### Hafnarfjörður

Tveggja daga hátíðahöld verða við Flensborgarhöfn í tilefni sjómannadagsins, dagana 4.-5. júní. Svæðið verður opnað kl. 11.00 báða dagana og er opið til kl. 17.00. Boðið verður upp á fjölbreytt skemmtiatriði og afþreyingu, m.a. þrautabraut í sjó, opnar vinnustofur og listasmiðjur, ljósmyndasýningu, tónlistaratriði og útileiksvæði. Siglingaklúbburinn Þytur býður gestum upp á árabáta, kajaka, skútusiglingar og sýningu á bátslíkönum. Á sjálfan sjómannadaginn verður m.a. boðið upp á skemmtisiglingu í boði bæjarins, kappróður, listflug og söngskóla auk þess sem Gunni og Felix mæta á svæðið.

### Akureyri

Hátíðarhöldin hefjast á föstudagskvöldinu með haftónaferð Húna II en þar munu Álftagerðisbræðurnir Óskar Pétursson og Pétur Pétursson syngja um borð. Dagskráin heldur áfram við Hofsbryggu daginn eftir þar sem siglingaklúbburinn Nökkvi og skútueigendur verða með dagskrá. Á sunnudeginum verður svo fjölbreytt dagskrá á Hofs-, Torfunefs- og Höepfnersbryggju þar sem m.a. bifhjólaklúbburinn Tían mætir, boðið verður upp á fjölbreytt tónlistar- og dansatriði, hoppukastala og ókeypis grillaðar pylsur.

### Vestamannaeyjar

Að venju verður dagskrá sjómannadagshelgarinnar glæsileg í Vestmannaeyjum. Formleg dagskrá hófst í gær, fimmtudag, og stendur yfir fram á sunnudag. Árni Johnsen og félagar hans í Akóges riðu á vaðið með tónleikum í gærkvöld. Í dag, föstudag, verða tónleikarnir Skonrokk Tyrkja-Guddu haldnir í Höllinni þar sem gömul rokklög verða á efnisskránni. Á laugardag og sunnudag verður margt um að vera í bænum. Haldið verður kvennahlaup, boðið upp á dorgkeppni og lífleg dagskrá verður á Vigtartorgi á laugardeginum. Hátíðardagskrá verður á Stakkó á sunnudag þar sem verður fjöldi skemmtilegra viðburða.

**Frekari upplýsingar og nánari dagskrá má finna á vefsíðum viðkomandi bæjarfélaga.**



Koddaslagurinn á Akureyri er alltaf jafn vinsæll. MYND/ÞORGEIR BALDURSSON



Furðufiskar og aðrir fiskar eru til sýnis á Grandanum í Reykjavík. MYND/VILHELM



Skemmtilegar þrautir í Vestmannaeyjum. MYND/ÓSKAR

# Hátíð hafsins í Hörpu

Nú á fimmta afmælisári Hörpu hafa yfir 6 milljónir manna heimsótt húsið en þá er árlegur heimsóknafjöldi kominn yfir 1,7 milljónir. Hátíð hafsins fer fram nú um helgina, 4. og 5. júní, en þá verður ýmislegt á boðstólum í Hörpu.

Mikill metnaður hefur verið lagður í að bjóða eigendum Hörpu heim á hátíðisdögum en síðustu ár hafa gestir geta gengið að opinni dagskrá um helgi Hátíðar hafsins, 17. júní, Menningarnótt og á aðventunni. Bátastrætó mun ganga milli Hörpu og Granda á sjómannadag líkt og í fyrra og er þá tilvalið fyrir gesti að leggja í bílakjallara Hörpu og sækja hátíðarhöldin þaðan.

Reynir Jónasson stendur fyrir harmonikkuhádegi við Smurstöðina og tríóið Harmóníur flytur lög frá síldarárunum. Hin árlega skrúðganga frá Hörpu út að Granda verður leidd af skátunum við undirleik Skólahljómsveitar Austurbæjar. Síðastliðin ár hafa Skoppa og Skrítla veitt Maxímús Músíkúsi félagsskap á göngunni en í ár mun Píla Pína músastelpa leiða músavin sinn meðfram höfninni. Áður en gangan heldur af stað mun Píla Pína syngja lög við ljóð eftir Kristján frá Djúpalæk. Maxímús hefur eignast nýtt hátíðarleikfang og mun gefa börnunum Hörpurellur. Origami Ísland kennir fígúrubrot í fallegan Hörpupappír og Jón Víðis sýnir töfrabrögð. Að kveldi sjómannadagsins verður helgin römmuð inn með balli í Hörpu en hljóðfæraleikarar úr Félagi harmonikkuunnenda í Reykjavík leika fyrir dansi. Dagskráin er opin öllum, börnum jafnt sem fullorðnum. Nánari dagskrá er að finna á harpa.is/sea.

Afmælisári Hörpu verður fagnað á Menningarnótt með enn glæsilegri hátíðahöldum en fyrri ár. Harpa mun þá meðal annars kynna nýja vörulínu, segja frá haustdagskránni og rifja upp sögu hússins. Nýafstaðnar sýningar San Francisco ballettsins í Hörpu ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð voru einnig stór áfangi og liður í hátíðarhöldunum.



Maxímús tekur þátt í hátíðarhöldunum.



Fagnað með Hörpu-rellu um helgina.



Píla Pína tekur nokkur lög.

**» Nánari dagskrá er að finna á harpa.is/sea**



## SAGAN SÖGÐ MEÐ LÍKÖNUM

Bátasafn Gríms Karlssonar var opnað í Duus-safnahúsum í Reykjanesbæ árið 2002 og hefur síðan verið eitt helsta aðdráttaraflið í fjölbreyttri safnaflóru Suðurnesja. Á bátasafninu má m.a. skoða rúmlega 100 stór líkön af bátum og skipum úr flota landsmanna en Grímur hefur smíðað á þriðja hundrað bátslíkön.

Grímur er fyrrverandi skipstjóri og aflakló úr Njarðvík og hóf að smíða bátslíkönin þegar hann hætti sjómennsku.

Bátslíkönin þykja einstök fyrir margra hluta sakir og um leið sýningarsalur Duus-safnahússins sem hýsir þau. Segja má að bátslíkönin reki þróun báta og skipa hér á landi frá árinu 1860, eða frá skútum 19. aldarinnar til varðskipa nútímans. Í bland við ljósmyndir og aðra muni í salnum rekur sýningin því að mörgu leyti sögu sjávarútvegs hér á landi á þessu tímabili.

Bátslíkön Gríms þykja einsdæmi, þótt ekki væri nema fyrir þær sakir að sami maðurinn hafi smíðað svo mörg báts- og skipsmódel sem sýna söguna með jafn skýrum hætti og þau gera.

Auk einstakra bátslíkana er Grímur líka hafsjór af fróðleik um báta- og skipasögu þjóðarinnar, sögu útgerðarinnar á Íslandi og störf sjómanna. Grímur Karlsson var sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu 2009.

optimar KAPP Iceland
SENDUM OKKAR BESTU KVEÐJUR TIL SJÓMANNA Á SJÓMANNADAGINN
STARFSFÓLK OPTIMAR KAPP EHF.
OPTIMAR KAPP EHF
MIÐHRAUNI 2. 210 GARÐABÆ
587-1300 WWW.OPTIMAR.IS

# Bandaríkin fá íslenskan fisk í áskrift

Instafish.com er netverslun með íslenskan fisk í Bandaríkjunum. Fólk skráir sig í áskrift og fær sendingu mánaðarlega heim að dyrum. Á bak við Instafish standa þrír Íslendingar sem vinna nú að því að koma fyrirtækinu á koppinn. Fyrsta sendingin fer af stað í lok sumars.

„Fólk er farið að kaupa matvæli á vefnum í miklum mæli og síðustu tvö ár hafa slíkir innkaupahættir vaxið út fyrir allar spár. Matur í áskrift hefur vaxið hvað mest,“ segi Vignir Lýðsson, framkvæmdastjóri Instafish.com, nýrrar vefverslunar með íslenskan fisk í Bandaríkjunum. Fjármögnun Instafish er komin vel á veg að sögn Vignis og er áætlað að fyrsta pöntun verði afgreidd í lok sumars. Áskrifendur munu fá sendingu heim að dyrum mánaðarlega.

„Við ætlum að bjóða upp á 4 kg af frosnum fiski í boxi, laxi eða þorski, humri eða öðru sem er í boði á markaðnum hverju sinni. Þá verður eitt aðalbox, Paleobox, sem í verður lax eða þorskur. Við miðum fyrst og fremst við einstaklinga en veitingahús munu einnig geta pantað. Það er ekkert hlaupið að því að nálgast hágæða fisk í Bandaríkjunum,“ segir Vignir og pöntunum rignir inn.



„Við ætlum að bjóða upp á 4 kg af frosnum fiski í boxi, laxi eða þorski, humri eða öðru sem er í boði á markaðnum hverju sinni. Þá verður eitt aðalbox, Paleobox, sem í verður lax eða þorskur.“

„Við erum þegar farin að skrá pantanir. Við höfum meðal annars fengið fjölmargar fyrirspurnir frá Íslendingum búsettum í Bandaríkjunum sem vilja fá sína ýsu og sinn þorsk sem þeir fá ekki í Bandaríkjunum. Ísland er þekkt vörumerki í Bandaríkjunum fyrir hreinleika og fjölmargir ferðamenn sem sækja Ísland heim eru Bandaríkjamenn. Sem áskrifandi hjá Instafish er verið að kaupa íslenskan fisk, beint af sjómanni. Við erum eini milliliðurinn og erum með upprunavottorð og upplýsingar um það hver veiddi fiskinn. Það er mikil vakning í Bandaríkjunum í því að neyta fæðu sem er sjálfbær og það er ekki stunduð rányrkja á íslenskum miðum,“ segir Vignir.

Instafish verður með aðstöðu í Portland í Maine-ríki og í Hafnarfirði en auk Vignis standa hjónin Ingi Björn Sigurðsson og Tinna Birgisdóttir að Instafish.

„Tinna er framleiðslustjóri hjá Opal Sjávarfangi sem er með reykhús og vinnslu í Hafnarfirði. Þar fer vinnsla Instafish fram en allur fiskur er skorinn og honum vakúmpakkað í skammtastærðir. Í Portland erum við með frystigeymslu og þar verða pantanirnar tíndar í kassa og sendar á áfangastað. Ingi og Tinna verða staðsett á Íslandi og ég í Portland en við sjáum fyrir okkur talsverða starfsemi á báðum stöðum,“ segir Vignir og er bjartsýnn á framhaldið.

„Við erum mjög bjartsýn og sjáum tækifæri í þessu. Það er hlutfallslega lítið flutt af íslenskum fiski til Bandaríkjanna en dollarinn er sterkur um þessar mundir. Netverslun með mat fer vaxandi.


**Vignir Lýðsson segir ekki auðvelt að nálgast hágæða fisk í Bandaríkjunum en hjá Instafish verður hægt að vera í áskrift að mánaðarlegum fisksendingum frá Íslandi.** MYND/INSTAFISH.COM

Við höfðum fylgst með bandarísku netfyrirtæki, Butchers Box, sem snýst um kjöt í áskrift. Það hefur slegið í gegn og er með þúsundir áskrifenda. Þetta er vel hægt með fisk líka,“ segir Vignir. heida@365.is





harpa.is
HarpaReykjavik
HB GRANDI
HÁTÍÐ HAFSINS

*Laugardagur 4. júní*

**12:00–14:00** Ljúffeng fiskisúpa **Smurstöðvarinnar** á hátíðarverði.
**12:30–14:00** Harmonikkuhádegi í Hörpu — **Reynir Jónasson** leikur lög tengd hafinu.
**13:00–17:00** **Reykjavík Sailors** ferja hátíðargesti með Gullfossi til og frá Hörpu að Víkinni sjóminjasafni.
**14:00–16:00** **Origami Ísland** kennir fígúrubrot tengd hafinu.
**14:30 & 15:30** **Tríóið Harmóníur** syngur lög tengd hafinu og aðra sígilda slagara.

*Sunnudagur 5. júní*

**12:00–14:00** Ljúffeng fiskisúpa **Smurstöðvarinnar** á hátíðarverði.
**12:30–14:00** Harmonikkuhádegi í Hörpu — **Reynir Jónasson** leikur lög tengd hafinu.
**12:30–13:00** **Píla Pína músastelpa** syngur fyrir börnin í anddyri Hörpu. **Maxímús Músíkús** heilsar börnunum og gefur rellur og blöðrur.
**13:00–13:30** **Skátarnir leiða skrúðgöngu** frá Hörpu út að Granda við undirleik Skólahljómsveitar Austurbæjar. Mýsnar tvær, **Maxi** og **Píla**, trítla með.
**13:00–17:00** **Reykjavík Sailors** ferja hátíðargesti með Gullfossi til og frá Hörpu að Víkinni sjóminjasafni.
**14:00–16:00** **Origami Ísland** kennir fígúrubrot tengd hafinu.
**15:00** **Jón Víðis** sýnir töfrabrögð.
**20:00–22:00** **Sjómannadagsball í Eyri** með útsýni að höfninni — Hljóðfæraleikarar úr **Félagi harmonikkuunnenda** í Reykjavík leika fyrir dansi. Fullorðnir og börn velkomin.

Brandenburg | SÍA




Ekran þjónar öllum stóreldhúsum með dagleg aðföng með því að bjóða heildarlausn þar sem vöruúrval er breitt, verð hagkvæmt og afgreiðsla traust, að sögn Jóns Inga Einarssonar framkvæmdastjóra. MYND/ANTON BRINK

# Ekran býður trausta og góða þjónustu fyrir stóreldhús og skip

Ekran er þjónustufyrirtæki sem hefur umsjón með dreifingu matvæla í skip, hótel, veitingastaði, mötuneyti og stofnanir. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á trausta og áreiðanlega þjónustu. Sérhæft starfsfólk vinnur hratt og örugglega, enda er þjónustan sett í öndvegi hjá Ekrunni.

Jón Ingi Einarsson framkvæmdastjóri segir að Ekran sé hluti af einni stærstu heildverslun landsins. „Við bjóðum upp á heildarlausn fyrir alla okkar viðskiptavini, m.ö.o. allar vörur sem notaðar eru í eldhúsum eigum við, hvort sem um ræðir lagervöru, frystivöru, kælivöru eða ferskvöru, inn í því er meðal annars allar mjólkurvörur, kjöt, fiskur, ávextir og grænmeti og fleira. Kostur í skip er stór og mikilvægur þáttur í okkar starfsemi. Við afgreiðum matvæli í allar gerðir af skipum í öllum höfnum landsins, hvort sem þau eru íslensk eða erlend,“ segir Jón Ingi og bætir því við að Ekran vinni með um 200 mismunandi birgjum bæði innanlands og utan. „Félagið dreifir um 40 mismunandi fæðuflokkum sem samanstanda af tæplega 5.000 mismunandi vörum svo þetta er mjög víðfeðm starfsemi,“ segir hann. „Markmið okkar er ávallt að tryggja viðskiptavinum örugga og góða þjónustu.

Við leggjum mikið upp úr persónulegum samskiptum við viðskiptavini okkar. Yfirleitt er þetta unnið þannig að viðskiptavinir senda okkur pantanir með tölvupósti, það er form sem er mjög þægilegt fyrir viðskiptavininn en þar er tilgreint hverju menn óska eftir, hvar og klukkan hvað á að afhenda vöruna. Áreiðanleiki og traust skipta öllu máli þannig að það er mikilvægt að við séum mættir með vöruna við skipið á hárréttum tíma með allar þær vörur sem óskað var eftir. Þetta er ferli þar sem allt þarf að ganga upp,“ segir Jón Ingi. „Enginn vill að eitthvað vanti upp á kostinn úti á sjó,“ bætir hann við.

Ekran hefur starfað frá árinu 1999 og hefur vaxið og dafnað síðan. Jón Ingi bendir á að mikill tímasparnaður og þægindi felist í því að kaupa allar matvörur á einum stað auk betri kjara fyrir viðskiptavininn. „Ekran er með heildarlausn á stóreldhúsamarkaði,“ segir hann. „Með aukinni komu erlendra skemmtiferðaskipa hafa umsvifin aukist og mikill vöxtur er í greininni yfir sumartímann. Þess utan hefur Ekran kynnt íslenskar matvörur fyrir gesti á skemmtiferðaskipum.“

Viðskiptavinir Ekrunnar eru um 1.500 um allt land. Vöruúrvalið hæfir öllum eldhúsum, litlum sem stórum. Starfsmenn vinna náið með viðskiptavinum að finna lausnir sem henta hverjum og einum. Tíu sölufulltrúar og níu þjónustufulltrúar starfa við sölu og þjónustu til viðskiptavina.

> **Við afgreiðum matvæli í allar gerðir af skipum í öllum höfnum landsins, hvort sem þau eru íslensk eða erlend. Ekran vinnur með um 200 mismunandi birgjum bæði innan lands og utan.**
>
> *Jón Ingi Einarsson*

Ekran hefur starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Akureyri. „Frá Akureyri þjónustum við Norður- og Austurland en frá Reykjavík þjónustum við Suðurog Vesturland. Við eigum því auðvelt með að þjónusta skip í öllum höfnum landsins,“ segir Jón Ingi. „Það skiptir mjög miklu máli fyrir skipin að allar tímasetningar standi. Matreiðslumenn um borð í skipunum geta ekki staðið í því að taka á móti vörum allan liðlangan daginn. Við leggjum því mikla áherslu á að afgreiða vörur á réttum tíma. Traust og áreiðanleiki skiptir öllu máli í þessu starfi,“ segir hann.

Ekran þjónar öllum stóreldhúsum með dagleg aðföng þeirra með því að bjóða heildarlausn þar sem breitt vöruúrval, hagkvæmt verð, traust afgreiðsla, sérþekking og persónuleg þjónusta eru í fyrirrúmi. Starf Ekrunnar miðar að því að stuðla að árangri viðskiptavina með því að einfalda aðfangakeðju þeirra.

Hægt er að skoða fjölbreytt vöruúrvalið á heimsíðunni www.ekran.is.

**Starfsstöðvar Ekrunnar eru í Klettagörðum 19 Reykjavík, og Óseyri 3 Akureyri sími 530 8500 og tölvupóstfang er soludeild@ekran.is**

# GÓÐUR KOSTUR

## FRÁ EKRUNNI



*Allt í eldhús fagmannsins*

Sími 530 8500 | soludeild@ekran.is | ekran.is

Fáðu fréttir af nýjum vörum og tilboðum á Facebook undir **Ekran** og **Ekran - Ship Supplies**

Ekran

Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn

SJÓMANNAHEILSA

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi

Útvegsmenn, sjómenn og landvinnslufólk kynnið ykkur ýmsan fróðleik um heilbrigðismál á heimasíðunni okkar

www.sjomannaheilsa.is



Doktor Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS.
MYND/ANTON BRINK

# Aflinn betur nýttur

Áralangar rannsóknir rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceprotein á fiskprótíni hafa skilað sér í nýlegri vörulínu sem fengið hefur góðar viðtökur.

Starfsfólk rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceprotein á Sauðárkróki hefur lengi unnið að rannsóknum á fiskprótíni með það að markmiði að auka nýtingu á aflanum. Fyrir nokkrum mánuðum kom á markað vörulínan Amínó sem samanstendur af þremur nýjum vörum úr fiskprótíni sem er þróað og unnið hjá Iceprotein en PROTIS framleiðir. Fiskprótínið er unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu,“ segir dr. Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS.

Framleiðsla PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn hafa stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum.“

Hólmfríður hlaut Hvatningarverðlaun sjávarútvegsins sem veitt voru á ársráðstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi árið 2016 í apríl síðastliðnum. Ástæðan er sögð vera sú að Hólmfríður er öflugur frumkvöðull sem skapi tækifæri í heimabyggð. „Ég vona að þessi verðlaun séu ekki einungis hvatning fyrir okkur hjá Iceprotein að halda áfram rannsóknum og þróun í samstarfi við FISK Seafood í þágu bættrar nýtingar og umgengni við íslenska fiskistofna heldur komi einnig til með að hvetja önnur sjávarútvegsfyrirtæki til að auka samstarf við frumkvöðla. Nýsköpun leiðir af sér betri gæði við veiðar og vinnslu, bætta ímynd, fjölbreyttari afsetningaleiðir og meiri verðmætasköpun innan fyrirtækjanna,“ segir Hólmfríður.



Starfsfólk rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceprotein á Sauðárkróki hefur lengi unnið að rannsóknum á fiskprótíni með það að markmiði að auka nýtingu á aflanum.

Amínó vörulínan kom á markað í febrúar síðastliðnum og samanstendur hún af þremur vörum eins og er; 100%, Létt og Liðir. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Næstu skref fela í sér að auka sannprófanir á heilsubætandi eiginleikum prótínsins og sæbjúgnaextraktsins sem notað er í vörurnar og fá fleiri gæðavottanir á framleiðsluferlana. Einnig að þróa fleiri vörutegundir fyrir aðra markhópa undir Amínó vörulínunni. Einnig langar okkur til að þróa nýjar vörur. Við hlutum nýverið styrk ásamt Háskólanum á Akureyti og Arctic Ingredients til að þróa fiskisósu úr þorskhryggjum, sem miðar að því að þróa aðrar framleiðsluaðferðir til að minnka salt í sósunni þannig að hún verði heilsusamlegri.“


Utanborðsmótorar



Utanborðsmótorarnir frá Yamaha eru þekktir fyrir einstök gæði og endingu. Þeir koma í mörgum útfærslum, tvígengis og fjórgengis, allt frá 2,5 upp í 350 hestöfl. Allir eru þeir hlaðnir bestu fáanlegu Yamaha tækni.
**Yamaha á örugglega rétta mótorinn fyrir þig.**

YAMAHA Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

NÝTT OG BETRA APP

FBL
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ

HB GRANDI

# Einn af bakhjörlum íslensks sjávarútvegs

Fjöldi fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins þjónustar íslenskan sjávarútveg um land allt. Fyrirtækin eru ólík að stærð og gerð og framleiða fjölbreyttar vörur og þjónusta með ýmsu móti. Á undanförnum árum hafa fjölmargar skemmtilegar nýjungar litið dagsins ljós.

Innan Samtaka iðnaðarins (SI) eru rúmlega 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda sem eru mjög ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Fjölbreyttur hópur fyrirtækja samtakanna þjónustar sjávarútveg með einum eða öðrum hætti og hefur gert í áratugi að sögn þeirra Bryndísar Skúladóttur, forstöðumanns framleiðslu- og matvælasviðs, Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur, viðskiptastjóra á framleiðslu- og matvælasviði, og Ragnheiðar Héðinsdóttur, forstöðumanns matvælasviðs.

„Þar má m.a. nefna framleiðendur margvíslegra tækja, véla og búnaðar sem sjá bæði fiskiskipum og fiskvinnslum fyrir meira og minna öllum þeim búnaði sem þau þurfa á að halda. Þá eru fjölmörg fyrirtæki sem sérhæfa sig í að hanna, viðhalda og smíða báta og svo eru önnur sem sérhæfa sig í þróun og framleiðslu umbúða utan um þær fjölmörgu vörur sem tengdar eru sjávarútvegi," segir Bryndís.

## Aðkoma fjölda fyrirtækja

Ragnheiður bendir á að íslensk fyrirtæki séu einnig brautryðjendur í framleiðslu á veiðarfærum og fatnaði fyrir sjómenn og landvinnslufólk sem er framleiddur hjá íslenskum textílfyrirtækjum. „Síðast en ekki síst þá sér íslenskur matvælaiðnaður útgerðinni fyrir fjölbreyttum kosti. Þar fyrir utan er fjöldi fyrirtækja í málmiðnaði og rafiðnaði sem þjónustar sjávarútveg og fiskiðnað með viðhaldi véla og búnaðar."

Það er því ljóst að öflugur sjávarútvegur skiptir miklu máli fyrir flestar atvinnugreinar hér á landi að sögn Jóhönnu Klöru. „Það eru ekki mörg lönd sem reiða sig jafn mikið á sjávarútveg og við. Það sem meira er, þá hefur þessi öflugi heimamarkaður orðið til þess að íslensk fyrirtæki geta náð fótfestu á alþjóðamarkaði og náin tengsl fyrirtækja við sjávarútveginn auðveldar vöruþróun og prófun við raunverulegar aðstæður. Útgerðin er auk þess mjög áhugasöm um hönnun og þróun nýrrar tækni og það hefur skipt sköpum fyrir uppbygginguna í kringum greinina."

## Nýtt og spennandi

Undanfarin 5-10 ár hafa ný fyrirtæki og ungar atvinnugreinar þjónað sjávarútvegi í meira mæli. „Þar má nefna fyrirtæki sem bjóða ýmiss konar hugbúnaðarlausnir en sum þeirra hafa það að markmiði að auka verðmæti afurða og koma í veg fyrir sóun. Einnig hefur sjálfvirkni færst í vöxt í íslenskri fiskvinnslu þar sem íslenskir róbótar koma við sögu. Þá er vaxandi áhugi á að vinna verðmætar vörur úr hráefni sem áður var hent, en fullnýting afurða er t.d. verkefni sumra líftæknifyrirtækja."

Undanfarin ár hefur áhersla á umhverfisvænar lausnir einnig aukist. „Þar koma hugbúnaðarfyrirtækin sterk inn en einnig eru hefðbundnar vörur að þróast á þennan hátt, til dæmis kælibúnaður sem notar minni orku en áður, vinnslulínur sem nýta aflann betur og minna hráefni er fargað auk þess sem veiðarfæri eru hönnuð til að nota minni orku. Með því að innleiða lausnir fjölda fyrirtækja þá hefur sjávarútvegurinn tekist að minnka orkunotkun sína umtalsvert og þar með losun gróðurhúsalofttegunda."

Þær nefna einnig áhugaverðar tilraunir með að nota íslenskt eldsneyti á skip, bæði rafmagn og metanól. „Íslendingar standa framarlega á þessu sviði og verður spennandi að sjá hverju fram vindur í þeim tilraunum."

## Reynslu og þekkingu deilt

Þær segja SI vera vettvang fyrirtækja til að deila reynslu og þekkingu. Þannig greiði samtökin fyrir aukinni framleiðni og búi til jarðveg til að auðvelda nýjum tæknilausnum að fæðast. „Við vinnum auk þess að ýmsum hagsmunamálum fyrirtækja varðandi löggjöf og framkvæmd hennar. Þannig höfum við sem dæmi talað fyrir einfaldari löggjöf um eftirlit og leyfisveitingar en það fer oft mikill tími fyrirtækja í samskipti við opinberar stofnanir. Það er til dæmis hægt að lagfæra slíka hluti án þess að gæði opinberrar þjónustu minnki."



**Bryndís Skúladóttir (t.v.), forstöðumaður framleiðslu- og matvælasviðs SI, og Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs SI. Á myndina vantar Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur, viðskiptastjóra á framleiðslu- og matvælasviði SI.** MYND/HANNA

Slipp og hoj!





Hér á Slippbarnum og Kaffislipp slær hjarta okkar í takt við handtökin á höfninni og við elskum ekkert meira en full lungu af fersku sjávarlofti. Þess vegna er Hátíð hafsins líka uppáhalds viðburðurinn okkar á árinu og ekki skemmir fyrir að Kaffislippur heldur upp á eins árs afmæli sitt um helgina!

**Í ÁR TÖKUM VIÐ ÞÁTT Í HÁTÍÐAHÖLDUNUM MEÐ ÞVÍ AÐ BJÓÐA UPP Á:**
Fiskisúpu Slippbarsins **laugardaginn 4. júní** milli kl. 15 og 17
Afmælisköku Kaffislipps **sunnudaginn 5. júní** milli kl. 15 og 17

Kíktu til okkar, fylltu magann af góðgæti, eyrun af harmónikutónlist Margrétar Arnardóttur og við gefum þér stórt faðmlag – eða að minnsta kosti fimmu.



KAFFISLIPPUR DELÍ



Icelandair hótel Reykjavík Marina | Mýrargata 2-12 | 560 8000 | kaffislippur.is | slippbarinn.is



Ráðgjafar hjá Sýni hafa sérfræðiþekkingu bæði sem ráðgjafar og úttektaraðilar. MYND/ERNIR

# Sérsniðin ráðgjöf og námskeið

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. býður upp á alhliða ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurframleiðendur. Boðið er upp á örverumælingar, efnagreiningar auk ýmiss konar ráðgjafar, fræðslu og úttekta.

Hjá Sýni er lögð áhersla á að veita heildarlausnir fyrir fyrirtæki sem tengjast gæðamálum, úttektum, vöruþróun, meðferð matvæla, bættum ferlum og nýtingu, prófunum og umbúðamerkingum. „Í Matvælaskólanum hjá Sýni er svo boðið upp ýmis námskeið fyrir einstaklinga og hópa tengd matargerð og hollustu.“

Ráðgjöf og verkefnastjórnun Rannsóknarþjónustan Sýni býður upp á ráðgjöf og úttektir sem tengjast starfsemi matvæla- og fóðurfyrirtækja. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og gæði. „Sýni hefur verið í fararbroddi við að tengja saman starfsemi á mismunandi stigum matvælakeðjunnar. Hjá okkur starfar faglært fólk með háskólapróf í matvælafræði, efnafræði, sjávarútvegsfræði og verkefnastjórnun og er fyrirtækið í dag einn stærsti einkarekni vinnustaður fyrir háskólamenntað fagfólk í matvælaiðnaði. Í ráðgjöfinni sameinast svo þekkingin allri þeirri reynslu sem byggst hefur upp í fyrirtækinu á þeim 23 árum sem það hefur starfað,“ segir Valgerður Ásta Guðmundsdóttir, ráðgjafi og matvælafræðingur hjá Sýni.

„Við leggjum mikla áherslu á að gæðakerfi eða sú aðstoð sem við veitum hverju sinni sé unnin í samstarfi við starfsfólk fyrirtækisins. Við erum ekki með nein tilbúin gæðakerfi, þau eru öll unnin í fyrirtækjunum sjálfum og aðlöguð hverju þeirra fyrir sig.“

Ráðgjafarvinna krefst mikillar hæfni í verkefnastjórnun og mannlegum samskiptum og hafa ráðgjafar Sýnis náð góðum árangri í að fá fólk til að vinna saman og leysa verkefni og „vandamál“ sem ein heild. „Meðal annars bjóðum við upp á ráðgjöf í umbúðamerkingum og tökum að okkur að reikna út eða mæla næringargildi. Til þess notum við viðurkenndan gagnagrunn,“ útskýrir Valgerður Ásta.

## Matvælaskólinn hjá Sýni

Hjá Sýni eru haldin námskeið sem tengjast starfsemi fyrirtækja í matvælaiðnaði og sjávarútvegi. Námskeiðin fara oftast fram inni í fyrirtækjunum sjálfum og segir Valgerður Ásta mikla áherslu lagða á að þau séu í samráði við viðkomandi starfsmenn. „Við förum fyrir námskeið í heimsókn og skoðum aðstæður, hvað er vel gert og hvað betur má fara og tökum það svo fyrir á námskeiðunum. Þannig eru námskeiðin aðlöguð hverju fyrirtæki. Við erum mjög sveigjanleg og getum aðlagað námskeiðin, bæði hvað varðar tímalengd, tímasetningu og tungumál, en við erum í samstarfi við fyrirtæki sem bjóða upp á þýðingar- og túlkaþjónustu. Við gerum einnig þjálfunar- og fræðsluáætlanir til lengri tíma til að gera fræðsluna markvissari og starfsmenn hæfari.“

> **„Við leggjum mikla áherslu á að gæðakerfi eða sú aðstoð sem við veitum hverju sinni sé unnin í samstarfi við starfsfólk fyrirtækisins. Við erum ekki með nein tilbúin gæðakerfi, þau eru öll unnin í fyrirtækjunum sjálfum og aðlöguð hverju þeirra fyrir sig.**
>
> *Valgerður Ásta Guðmundsdóttir*

Auk þess eru haldin námskeið fyrir blandaða hópa úr ýmsum greinum sem auglýst eru á heimasíðunni www.syni.is.

## Úttektir og prófanir

Að sögn Ástu hafa kröfur til matvælafyrirtækja um úttektir og vottun samkvæmt ýmsum stöðlum svo sem BRC, IFS, MSC, ISO 22000 verið að aukast. Sömu sögu er að segja um birgjaúttektir og úttektir sem framkvæmdar eru af þriðja aðila. Ráðgjafar hjá Sýni hafa sérfræðiþekkingu á því sviði bæði sem ráðgjafar og úttektaraðilar.

Sýni starfrækir einu einkareknu prófunarstofuna á þessu sviði sem fengið hefur faggildingu samkvæmt IST EN ISO/IEC 17025 staðlinum fyrir algengustu efna- og örveruprófanir.






# ÞETTA Á EKKI AÐ VERA AUÐVELT. EN ÞAÐ ER ÞESS VIRÐI.

Það eru margir þættir sem stuðla að því að einstaklingar og lið ná að skipa sér í fremstu röð. Kjarkur, dugur og þor eru þar á meðal. Það hjálpar líka alltaf að taka Lýsi.




LYSI

LEYNIVOPN ÞJÓÐARINNAR

LEYNIVOPN.IS

# GEYSI STÓR FYLKING OG MYNDARLEG

Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagur í júní ár hvert, nema ef hvítasunnu ber upp á þann dag, þá er hann næsti sunnudagur þar á eftir. Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur 6. júní árið 1938. Í grein Alþýðublaðsins segir að fyrsti sjómannadagurinn hafi verið glæsilegur hátíðisdagur og að Forstöðunefnd sjómannadagsins hafi tekist prýðilega að skipuleggja starfsemina. Allt hafi farið fram eins og ákveðið hafði verið. Blaðamaður Alþýðublaðsins tekur fram í greininni að það hafi verið „óviðkunnanlegt að verzlanir í Austurstræti og Bankastræti, sem m.a. lifa á sjómannastéttinni, skyldu ekki fagna fylkingum þeirra með fánum, er þær gengu austur Austurstræti."

Í greininni kemur fram að við Stýrimannaskólann hafi sjómönnum verið raðað í fylkingar undir fána samtaka sinna.



**Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í Reykjavík frá því 1938. Árið 1987 var dagurinn lögskipaður frídagur sjómanna.** MYND/STEFÁN

„Fremstir komu skipstjórar, síðan stýrimenn, vélstjórar, hásetar, loftskeytamenn, matsveinar og veitingaþjónar o.s.frv. Var þetta geysi stór fylking og myndarleg, djarflegir menn og hraustlegir flestir, og þó nokkrir hrumir sjómenn og bognir. Þetta varð einhver stærsta hópganga, sem fram hefur farið í Reykjavík, og einhver hin bezt skipulagða."

**Heimild:** Wikipedia og timarit.is.






## Fiskibollur í súpuna

**Innihald**
Hvítur fiskur
salt
hvítur pipar, mulinn
maíssterkja
vatn

Í fiskibollurnar er hægt að nota hvers konar hvítan fisk. Roð- og beinhreinsa hann vel og saxa hann mjög fínt niður og stappa. Einnig er hægt að nota matvinnsluvél. Saltið og piprið farsið eftir smekk. Mokið farsinu upp í eina kúlu í höndunum og skellið henni aftur og aftur niður í borðið mörgum sinnum. Þetta á að gera bollurnar stinnari. Leysið matskeið af maíssterkju upp í örlitlu vatni og bætið út í farsið og hnoðið vel. Bleytið hendurnar og mótið bollur. Gott er að gera eina litla fyrst og skella í sjóðandi vatn. Þegar hún flýtur upp er hún tilbúin og hægt að smakka hvort vanti meira salt eða pipar. Einnig er hægt að nota önnur krydd eða nota ferskar kryddjurtir og graslauk í farsið.

**Nánari leiðbeiningar eru á www.thishungrykitten.com**



**Grímur hefur málað yfir hundrað líkön.**

## Bátasýning í Grundarfirði

Bátasafn Gríms Karlsson hefur verið mörgum til yndisauka í Duushúsum í Reykjanesbæ. Um helgina verða skipslíkön eftir Grím til sýnis á netaverkstæði Guðmundar Runólfssonar í Grundarfirði. Meðal skipslíkana eru bátar frá Grundarfirði og Stykkishólmi. Sjá má einnig líkön af fyrstu skipunum sem stunduðu síldveiðar á opnu hafi við Íslandsstrendur. Með bátunum fylgir saga þeirra.

Grímur hefur málað meira en 100 líkön af bátum og skipum úr flota landsmanna. Grímur er fyrrverandi skipstjóri úr Njarðvík og hóf smíðarnar þegar hann hætti til sjós. Hægt er að rekja þróun báta á Íslandi frá árinu 1860 en með upplýsingum um hvert skip er hægt að rekja sögu sjávarúrvegs á Íslandi. Líkönin eru listasmíði og nostrað við hvern hlut.


30 ára afmæli Cosmo
30%
afsláttur
af öllum vörum
1.- 5. júní
COSMO
Kringlunni


Þetta lasagna ættu allir að prófa.


Matur á pinna höfðar til flestra barna.


Hér er á ferðinni snakk af hollari gerðinni.





K-BRÚN
Opið 11:30 - 18:00
Íslensk hönnun Sundlaugarvegi Sími: 517 3640







# ÁVEXTIR OG GRÆNMETI Í AÐALHLUTVERKI

**Eva Laufey Hermannsdóttir** og aðstoðarkokkar hennar í Það er leikur að elda lögðu áherslu á ávexti og grænmeti í þætti gærdagsins.

Matargleði
Evu Laufeyjar Hermannsdóttur



### FULLKOMIÐ MILLIMÁL, GRÆNMETI OG HUMMUS

Gulrætur
Agúrka
Rauð paprika
Selleri

Skolið grænmetið mjög vel og skerið í jafn stóra bita, raðið á disk eða fallegt fat og berið fram með gómsætu hummus.

**Hummus með paprikukryddi**

200 g forsoðnar kjúklingabaunir
2 msk. tahini (sesamsmjör)
safi úr einni sítrónu
2 hvítlauksrif
½ tsk. paprikukrydd
½ tsk. cumin-krydd
½ tsk. sjávarsalt
Ólífuolía, magn eftir smekk

Setjið öll hráefnin í matvinnsluvél og maukið þar til blandan er orðin slétt. Skreytið gjarnan með paprikukryddi, smá sítrónusafa og ólífuolíu.

**Mexíkóskt grænmetislasagna**

Ólífuolía
1 laukur
2 gulrætur
1 stilkur sellerí
2 hvítlauksrif
1 rauð paprika
1 græn paprika
½ kúrbítur
150 g spergilkál
1 dós niðursoðnir tómatar með basilíku
1 krukka salsasósa
Salt og pipar
Handfylli kóríander
1 tsk. paprikukrydd
1 tsk. cumin-krydd
Tortillakökur
Rifinn mozzarella
Parmesan

Skerið grænmetið mjög smátt og pressið hvítlauksrifin, steikið upp úr ólífuolíu í 2-3 mínútur. Bætið tómötum og salsasósu saman við og hrærið. Kryddið til með salti, pipar, cumin- og paprikukryddi. Saxið niður ferskan kóríander og sáldrið yfir í lokin.

Leyfið grænmetisblöndunni að malla á pönnunni í ca. 10 mínútur við vægan hita. Ef ykkur finnst hún of þykk má gjarnan bæta 1-2 dl af soðnu vatni saman við.

Á meðan grænmetið mallar er gott að útbúa hvítu sósuna.

**Ljúffeng ostasósa**

4 msk. kotasæla
4 msk. sýrður rjómi
70 g rifinn parmesan
Salt og pipar
½ tsk. rifið múskat

Blandið öllu saman í skál og kryddið til með salti, pipar og múskati. Setjið grænmetisblöndu í botninn á eldföstu móti, því næst tortillakökur, aftur grænmetisblönduna og hvítu sósuna. Endurtakið leikinn tvisvar til þrisvar, það fer eftir stærð formsins. Dreifið vel af mozzarella og nýrifnum parmesanosti yfir. Bakið í ofni við 180°C í 30-35 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrúnn.

Berið fram með fersku salati og nachos-flögum.

### KÚRBÍTS- OG GULRÓTARMÚFFUR

**Hollari útgáfan af bollakökum sem allir krakkar elska**

1 bolli rifnar gulrætur (2½ dl)
1 bolli rifinn kúrbítur (2½ dl)
2 dl hveiti
½ dl ólífuolía
3 msk. nýmjólk
2 eggjahvítur
2 tsk. lyftiduft
100 g mozzarella-ostur
Salt og nýmalaður pipar

Rífið niður gulrætur og kúrbít með rifjárni.Blandið öllum hráefnum saman í skál og hrærið vel í deiginu. Skiptið deiginu niður í bollakökuform og bakið við 200°C í 20-22 mínútur. Berið fram með góðu salati eða smjöri og osti.



# *Lífsstíll* SÖLVA

**Hvað borðar þú í morgunmat?**

Það er mjög misjafnt. Ef ég er heima þá elda ég oftast hafragraut. Annars er það ristað brauð á Kaffitári eða chiagrautur í Systrasamlaginu.

**Uppskrift að góðri helgi?**

Að slaka á í góðum félagsskap og helst koma sjálfum sér á óvart allavegana einu sinni.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?**

Ég er algjör alæta á tónlist en frá því ég var gutti hef ég alltaf hlustað á rapp og hætti því aldrei.

**Hvað ertu að lesa?**

Ég er í of mikilli vinnutörn til að ná að einbeita mér yfir bókum, þannig að það sem ég les helst þessa dagana eru dagblöð og tímarit.

**Hvernig verður sumarfríið?**

Ég er búinn að skipuleggja hluta þess. Ég fer á eitthvert flakk og mun svo reyna að ferðast eins mikið og ég get um Ísland.

**Uppáhaldsmaturinn þinn?**

Ég elska indverskan mat og alvöru taílenskan mat. Stundum er ég í stuði fyrir lambakjöt og svo allt þar á milli.

**Eitthvað að gerast um helgina?**

Kvikmyndin mín, Jökullinn logar, verður frumsýnd í dag en ég hef unnið að henni síðastliðin tvö ár.

**Einhver sérstök verkefni fram undan hjá þér í ár?**

Framhaldið í lífi mínu er fullkomlega óráðið.

**SÖLVI TRYGGVASON FJÖLMIÐLAMAÐUR HEFUR STARFAÐ VIÐ ÝMIS VERKEFNI Í FJÖLMIÐLUM HÉRLENDIS UNDANFARIN ÁR. SÍÐASTLIÐIÐ ÁR HEFUR ÞÓ KVIKMYNDIN JÖKULLINN LOGAR ÁTT HUG HANS ALLAN EN HÚN FJALLAR UM ÆVINTÝRALEGT FERÐALAG ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐSINS Í FÓTBOLTA Á EVRÓPUMÓTIÐ Í SUMAR. MYNDIN VERÐUR FRUMSÝND Í SMÁRABÍÓI Í DAG KL. 15.30 OG ER AUK ÞESS SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI OG BORGARBÍÓI Á AKUREYRI.**

# Hlaupið í Viðey



Kvennahlaup ÍSÍ verður haldið í Viðey í sjöunda sinn laugardaginn 4. júní. Dásamlegt þykir að hlaupa í Viðey, hlaupaleiðin er mjúk undir fæti og þægileg. Náttúran og fuglalífið skartar sínu fegursta í júní og margs að njóta á leiðinni. Kvennahlaup ÍSÍ er orðið fastur liður í lífi margra kvenna sem bíða spenntar eftir þessum skemmtilega degi. Kvennahlaupið er holl hreyfing og um leið kjörið tækifæri til að upplifa samkennd og ánægjulega samveru kynslóðanna. Eins og undanfarin ár verður hlaupið í Garðabæ og Mosfellsbæ ásamt yfir 100 stöðum hérlendis og erlendis.

Hlaupið verður ræst frá Viðeyjarstofu kl. 10.30 og það verður um tvær hlaupaleiðir að velja, 3 km og 7 km.

Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka kl. 10.15.





# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Auris sol. Árgerð 2015, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.221917.



M.BENZ C 55 AMG. Árgerð 2005, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Hp363. Ásett 3490.- Rnr.221876.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



FIAT Joint e31. Árgerð 2005, ekinn 44 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.105386.

**Vantar bíla á skrá og staðinn. Skráum þér að kostnaðarlausu bílinn þinn. Kannaðu málið með sölufulltrúum okkar...**



FORD Transit arf pluecamp með tvöföldu á aftan. Árgerð 2006, ekinn 51 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 6.690.000. Rnr.262238.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**MIKIÐ EKINN!??....NEI!**
'06 TOYOTA COROLLA, EK 78Þ, BENSÍN, SJÁLFSK. HLIÐARGREITT EINTAK. ÁSETT 980 ÞÚS. #470804. S: 580 8900



**GL-IMRANDI GÓÐUR!!!**
'07 M.BENZ GL450 4MATIC. EK 188Þ, 7 MANNA & DVD, BESTA VERÐIÐ!!! ÁSETT 3.880 ÞÚS. #451384. S: 580 8900



**FERÐA JASKURINN!!!**
'06 SUBARU FORESTER. EK 248Þ, SJÁLFSK...DRÁTTARKRÓKUR & 2 DEKKJAGANGAR. TILBOÐ 799Þ, 100% FJÁRMÖGNUN. #470809. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



**GULLMOLI 275HÖ AWD**
MAZDA Speed 6 275hö awd. Árg. 2006, ek. 85 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.214010. Bíllinn er á staðnum Núpalind 1 5885300 Netbílar

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**

**Erum ekki RISASALA**
**Óskum eftir hjólhýsum, húsbílum og jeppum á staðinn. Tæki ekki sýnd nema í viðurvist sölumanns.**
**Mikil eftirspurn!**

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

Netbifreiðasalan



**DÍSEL SPARIBAUKUR**
VW Fox basicline. Árgerð 2006, ekinn 167 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 590 þ. TILBOÐ 450 þ. staðgreitt Rnr.103611. S: 577-4400



**FLOTTUR SMÁBÍLL**
TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2012, ekinn 104 Þ.KM, bensín, 1300 cc, 6 gírar. Verð 1.780 þ. TILBOÐ 1.650 þ. kr staðgreitt Rnr.103607. S: 577-4400

**Netbifreiðasalan**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**netbifreidasalan.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu


567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



NISSAN Qashqai. Árgerð 2015, ekinn aðeins 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.211473.



MERCEDES-BENZ E 250 avantgarde cdi. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Sumartilboð 5.990.000. Umboðsbíll og 1 eigandi Rnr.210779.



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgerð 2008, ekinn 192 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 8.900.000. Mjög falleg og vel með farinn Rnr.330620.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**



**MAZDA**

**3 h/b t**
Nýskráður 5/2008, ekinn 105 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.450.000**



**TOYOTA**

**Land Cruiser 120 VX**
Nýskráður 5/2003, ekinn 150 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 1.990.000**



## BÍLL DAGSINS

**Tilboð kr. 3.390.000**

**PEUGEOT 2008 ACTIVE**
Nýskráður 5/2016, sýningarbíll frá umboði, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð kr. 3.790.000**



**RENAULT**

**Megane Sport Tourer**
Nýskráður 6/2012, ekinn 66 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 2.350.000**



**RENAULT**

**Laguna**
Nýskráður 8/2004, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



**HONDA**

**Accord Elegance - dísil**
Nýskráður 7/2013, ekinn 64 þús.km., dísel, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 3.490.000**



**HONDA**

**Civic Elegance**
Nýskráður 10/2015, ekinn 4 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Tilboð kr. 3.550.000**



**PEUGEOT**

**5008**
Nýskráður 6/2011, ekinn 93 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



**NISSAN**

**Qashqai**
Nýskráður 5/2012, ekinn 119 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli**
**kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Bílar til sölu



**FLOTTUR FJÖLSKYLDU BÍLL Í TOPP STANDI.**
Chevrolet Lacetti 2010 módel. Næsta skoðun 2018 Bensín Sjálfskipting Framhjóladrif Álfelgur. Er á nýjum heilsársdekkjum. Verð. 1.1500.000kr Uppl. í s. 847-8813



Skoda Octavia 2011. Sjálfskiptur. Keyrður 181 þ.km. Ný tímareim. Tilboð 1.800.000 kr. sími: 6162597



Honda Insight Hybrid 2011. Sjálfsk. Ek. 100km. Tilboð 1.800.000. S. 6162597



Honda CR-V Elegance Árg 2013, ek. 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli. Verð 4.950.000 engin skipti. Uppl. í s. 898 1485

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ 690 ÞÚS**
VW POLO 2005 (nýrra útlitið) ek.127 þús, tímakeðja, ný skoðaður 17, góður bíll ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955

## 1-2 milljónir



**STATION MEÐ KRÓK KEYRÐUR 90 ÞÚS**
FORD FOCUS TREND STATION árg 2008 ek.90 þús, beinskiptur,dráttarkrókur,ný dekk, sk.17 lýtur mjög vel út, ásett verð 1490 þús TILBOÐ 1290 þús skoða skipti á ódýrari lánamöguleikar í boði S.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Fellihýsi



**ROCKWOOD PREMIER 277HW**
Flottasta fellihýsið á Íslandi. 2011. Álfelgur - Breið dekk - Bökunarofn - Örbylgjuofn - Eldavél - Ísskápur - Vaskur - Geislaspilari - Útvarp - Hátalar inni og úti - Heitt vatn - Kalt vatn - Loftkæling - Rafmagnstengi 110 og 230V - Reyklaust - Salerni - Rafdrifinn upphalari - Markísa - Útdraganleg hlið - Bíll getur hlaðið - Innisturta - Útieldhús - Útigrill - Útisturta - 2xAffallstankar - Mjög vel með farið - Hiti í dýnum. Verð kr. 2.300.000.- s. 893-2468




## Bátar







# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja




Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Húsaviðhald




## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**EIKAR SÓFABORÐ**
Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817




## til sölu




## skemmtanir



# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3ja herberja 93fm íbúð í 110 RVK. Laus. Reglusemi og reykleysi skilyrði. S. 762 4550

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**RÆSTINGAR**
Ræstingaþjónustan auglýsir laus störf við morgunræstingar á höfuðborgarsvæðinu sem geta hentað samhentu pari. Hreint sakavottorð og íslensku- eða enskukunnátta skilyrði fyrir ráðningu.
**Umsóknir berist á rth@rth.is eða í síma 821-5051 á skrifstofutíma.**

**CLEANING JOBS**
Ræstingaþjónustan offers cleaning jobs in the morning in the great Reykjavik area, ideal for couples. Clean criminal record and good Icelandic or English language skills are necessary.
**Apply by email at rth@rth.is or by phone at 821-5051 during office hours.**

**STARFSFÓLK ÓSKAST TIL AFGREIÐSLUSTARFA SEM FYRST.**
Íslenskukunnátta skilyrði og reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Okkur vantar starfsfólk í bæði fullt starf og hlutastarf. Einnig kemur helgarvinna til greina. Allar nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 894 1002

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**
Duglegur og lagtækur starfsmaður óskast fyrir vélsmiðju í sumarafleysingar. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is ásamt símanúmeri og upplýsingar merkt:"Vélaverkstæði"**

**AUKAVINNA**
Starfsfólk óskast á næturvaktir aðrahvora helgi í sjoppu við Laugaveg. Uppl. sendist á: atvinna234@gmail.com

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Hvetjum þá sem hafa gaman af útiveru og vinna vel í hóp til að senda inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
hafa áhrif á börn.

## fasteignir

Kaupstaður FASTEIGNA



Einar Harðarsson
Lögg. fasteignasali
s: 662 5599
einar@kaupstadur.net



Helgi Snorrason
Sölumaður fyrirtækja.
Nemi til Lögg. fasteignasala
s: 615 2426
helgi@kaupstadur.net

# Bakarí á Hellu




Höfum fengið í sölu öflugt bakarí á Hellu. Bakaríið er í 275 fm húsnæði við Þingskála 4 en á efri hæð hússins er 250 fm íbúð, samtals um 525 fm. Verslun og kaffihús er í verslunarmiðstöð við aðalveginn. Bakaríið hefur góða markaðsstöðu á Suðurlandi með 8-15 manns í vinnu og hefur verið í góðum rekstri og verið rekið af sama aðila í 25-30 ár.
Allar nánari upplýsingar veitir Einar G. Harðarson lfs einar@kaustadurfasteigna.is s. 662 5599 eða Helgi Snorrason nemi til löggildingar fasteignasala helgi@kaupstadurfasteigna.is s. 615 2426 .

**Kaupstadur.net • kaupstadur.com • s. 54 60 600 • Ármúli 8, 108 Reykjavík**

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

## atvinna

# Sölumaður framtíðarstarf

*Óskum eftir að ráða sölumann með framtíðarráðningu í huga.*
•
*Einnig óskum við eftir að ráða starfsmann í söludeild í tiltektir á vörum í verslanir.*

***Vinsamlega hafið samband í síma: Sófus gsm: 863 1938 eða sendið okkur póst á: sofus@ali.is***

Ali

# Bílstjóri m/ meirapróf

*...við leitum að bílstjóra með meirapróf í afleysingar í sumar í vörudreifingu fyrirtækisins.*

*Ekki er verra að viðkomandi hafi einhverja reynslu við útkeyrslu og umsjón bíla. Góð þjónustulund, reglusemi, stundvísi og frumkvæði.*

***Vinsamlega hafið samband í síma: Sófus gsm: 863 1938 eða sendið okkur póst á: sofus@ali.is***

Ali

*Síld og fiskur ehf - Ali - Dalshrauni 9b - 220 Hafnarfirði*

# Ertu að leita að talent?



lind@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hverafold 49-49A

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 18. maí 2016 og borgarráð Reykjavíkur þann 26. maí 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Foldahverfis suður 1. og 2. áfanga vegna lóðarinnar nr. 49-49a við Hverafold. Í breytingunni felst að skilmálum fyrir einbýlishús verði breytt í skilmála fyrir parhús og að heimilt sé að taka í notkun þegar gerð sökkulrými. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1.** hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, **frá 3. júní 2016 til og með 18. júlí 2016**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 18. júlí 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 3. júní 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

**Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is**

# Tiltekt





Við tökum til og bjóðum
valdar vörur á stórlækkuðu verði.

Lokahelgin!

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR**

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Í dag og á morgun laugardag

## Merkisatburðir

**1098** Fyrsta krossferðin: Antíokkía fellur í hendur krossfara eftir 8 mánaða umsátur.
**1746** Húsagatilskipunin gefin út. Þar var kveðið á um réttindi og skyldur húsbænda og hjúa og einnig ákvæði um uppeldi barna.
**1844** Síðustu tveir geirfuglarnir sem vitað er um eru veiddir í Eldey.
**1848** Peter Duus kaupir verslunina í Keflavík af Martin Smith á 3.700 ríkisdali.
**1926** Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs tónskálds heldur tónleika í Iðnó í Reykjavík og eru þeir sagðir mesti listviðburður í sögu landsins.
**1937** Flugfélag Akureyrar er stofnað, það varð síðar Flugfélag Íslands, hið þriðja með því nafni. Það sameinaðist síðar Loftleiðum og myndar Flugleiðir.
**1946** Fimm farast og fimmtíu manns missa heimili sín í miklum eldsvoða á Ísafirði.
**1951** Fyrsta óperan uppfærð í Þjóðleikhúsinu: Rigoletto eftir Verdi.
**1955** Ein fyrsta ísbúð á landinu er opnuð: Dairy Queen við Hjarðarhaga í Reykjavík.
**1983** Víkingasveit lögreglunnar í Reykjavík er komið á fót með 12 sérþjálfuðum mönnum.



**1989 Jóhannes Páll 2. páfi kemur til Íslands og syngur meðal annars messu við Landakotskirkju. Þúsundir sækja þá messu.**
**2006** Svartfjallaland lýsir yfir sjálfstæði.



Alliance Française stendur fyrir skemmtilegu námskeiði fyrir börn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Alliance Française með námskeið fyrir börn

**Alliance Française heldur skemmtilegt fiskprentunarnámskeið fyrir börn í tengslum við Hátíð hafsins. Listakonan Josée Conan kemur til með að kenna börnunum á námskeiðinu, en hún notast við gyotaku-tækni, en gyotaku er japanska og táknar fiskafar.**

„Fólki er boðið að koma með börn sín á skemmtilegt námskeið í fiskiprenti þar sem listakonan Josée Conan kemur til með að kenna börnunum,“ Florent Gast, einn af skipuleggjendum fiskprentunarnámskeiðsins sem Alliance Française stendur fyrir á morgun, laugardag.

„Þetta er virkilega spennandi, myndlistakonan Josée Conan vinnur mjög frumleg og skemmtileg verk þar sem hún vinnur með ferskt sjávarfang og vatnsliti,“ segir Florent Gast.

Listsýning í Alliance Française í tengslum við Hátíð hafsins og sjómannadaginn 2016 var opnuð í gær og fékk góðar viðtökur, en námskeiðið verður haldið í sama húsnæði og er mikil tilhlökkun fyrir helginni.

„Josée Conan notast við gyotakutækni sem er í grunninn einföld en gyotaku er japanska og táknar fiskafar,“ segir Florent.

> **Josée Conan notast við gyotaku-tækni sem er í grunninn einföld en gyotaku er japanska og táknar fiskafar**

Tæknin spratt upp þegar japanskir sjómenn á 19. öld vildu færa keisaranum risafisk sem þeir veiddu. Ferðin hefði tekið of langan tíma og þá datt einum þeirra í hug að væta fiskinn með bleki úr kolkrabba, leggja hrísppappír yfir og búa þannig til eftirmynd fisksins úr farinu eftir hann.

„En það er ekki bara sjálf tæknin sem höfðar hvað mest til listakonunnar Josée Conan. Hún tekur á móti sjómönnunum þegar þeir koma til lands, með saltan sjó í fötunum og angan af hafi, höfuðið uppfullt af viðburðum dagsins og glímunni við hafdjúpin. Josée litar nýveiddan fiskinn, hún þrýstir honum á pappír og lýkur verkinu með penslum og með því birtir hún okkur sál fisksins í vatnslitamyndum sem geyma í sér hafið sjálft,“ segir Florent. Börnin læra þó ekki einungis að prenta fiskaför heldur fá þau einnig góða sögustund um hafið ásamt matarstund í lok námskeiðsins.

„Fiskarnir eru hafðir í matinn. En það eru engir litir með eiturefnum notaðir og þess vegna er öldungis óhætt að neyta fisksins. En boðið verður upp á fiskisúpu í lok námskeiðsins sem er virkilega góð,“ segir Flórent og hvetur sem flesta til að láta þetta ekki fram hjá sér fara.

**gudrunjona@frettabladid.is**



Útför
**Stefaníu Ágústsdóttur**
Ásum,
sem lést 21. maí, verður gerð frá Stóra-Núpskirkju föstudaginn 10. júní kl. 14.00.

Þökkum starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi einstaka umhyggju að leiðarlokum og biðjum þá sem vilja minnast hennar að láta stofnunina njóta.

**Ágúst Guðmundsson**
**Halla Guðmundsdóttir**
**Stefán Guðmundsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Katrín Sæmundsdóttir**
frá Stóru-Mörk,
andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 1. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hilmar Eysteinsson**



Okkar ástkæri
**Lárus Stefánsson Beck**
lést á heimili sínu í Þýskalandi þann 14. maí síðastliðinn.
Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. júní kl. 13.

**Stefán Kristjánsson, Atli Hrafn Lárusson, Stefanía Ösp Lárusdóttir, Arnar Smári Lárusson, Birta Karen Lárusdóttir, Sóley Anna Lárusdóttir**

ÞETTA GERÐIST: 3. JÚNÍ 1844

## Síðustu geirfuglarnir drepnir



Síðustu tveir geirfuglar í heimi voru drepnir í Eldey 3. júní árið 1844. Geirfuglinn var algengur víða á Norður-Atlantshafi fram á 16. öld. Hann gat orðið 70 sentímetra hár og vó um fimm kíló. Hann var ófleygur en góður sundfugl sem nærðist einkum á fiski. Geirfuglinn var vinsæl bráð sjómanna, enda var hann stór og kjötmikill og auðveldur viðureignar.

Geirfuglinn var einnig veiddur vegna fjaðranna sem voru notaðar í fatnað. Þegar fór að fækka verulega í stofninum fóru safnarar og náttúrugripasöfn að borga vel fyrir fuglinn og markaði það endalok tegundarinnar.

Lengst lifði geirfuglinn við Ísland. Einhverjum sögum fer af því að til fugla hafi sést eftir árið 1844, allt fram á sjötta áratug 19. aldar, en óvíst er um áreiðanleika þeirra sagna. Á Náttúrufræðistofnun Íslands er að finna einn uppstoppaðan geirfugl. Hann var keyptur á uppboði á Sotheby's í Lundúnum árið 1971. Aðeins 80 uppstoppaðir fuglar eru til í heiminum.

## A2
62.000 KR.



## H6



66.000 KR.

# 20%
## SUMAR-TILBOÐ

## Beolit 15



85.000 KR.

## A1



39.900 KR.

# HLJÓMFAGURT
## HVAR SEM ÞÚ ERT

Þú kaupir Beoplay bluetooth hátalara
**og færð 20% afslátt af Bang & Olufsen heyrnartólum.**

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

B&O PLAY

# SPORTS

# 20% AFSLÁTTUR

sportsdirect_iceland /SportsDirectIsland

SPORTS DIRECT.COM

Skógarlind 2

**Opnunartími**
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*



Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



S DIRECT .COM

NÝ SENDING Í HVERRI VIKU

# AF ÖLLU

GILDIR FÖSTUDAG 3. JÚNÍ TIL SUNNUDAGS 5. JÚNÍ
GILDIR EKKI MEÐ TILBOÐUM

FÁÐU TREYJUNA ENDURGREIDDA
Í FORMI INNEIGNARNÓTU EF ÍSLAND VINNUR.

SKRÁÐU KASSAKVITTUNINA ÞÍNA Á SPORTSDIRECT.COM/EUROS
FYRIR 9.JÚLÍ NÆST KOMANDI
GILDIR EINUNGIS FYRIR UEFA STUÐNINGSMANNA FATNAÐ



MEGA VALUE

UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

2.990 KR.



MEGA VALUE

UEFA STUÐNINGSMANNA TREYJUR. FULLORÐNIR

2.990 KR.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Hæg breytileg átt eða hafgola í dag og léttskýjað, en allvíða líkur á þokulofti við sjávarsíðuna. Hiti 14 til 21 stig til landsins, en mun svalara í þokunni.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 14° | 17° |
| ↘3 | ↗8 | →4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 19° | 16° | 12° |
| ↖3 | ↖5 | ↗4 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 12° | 16° |
| ↖6 | ↙4 | ↘1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 14° | 10° |
| ↙5 | ↖5 | ↑6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ögn
6. frá
8. saur
9. fax
11. tveir eins
12. bæ
14. drykkjarílát
16. fæddi
17. erta
18. blástur
20. persónufornafn
21. einsöngur

**LÓÐRÉTT**
1. afkvæmi húsdýrs
3. pot
4. peningar
5. svelg
7. litur
10. andmæli
13. móða
15. réttur
16. bergmála
19. ætíð



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. moli, 6. af, 8. tað, 9. mön, 11. uu, 12. bless, 14. bikar, 16. ól, 17. ýfa, 18. más, 20. ég, 21. aría.

**LÓÐRÉTT:** 1. lamb, 3. ot, 4. lausafé, 5. iðu, 7. fölblár, 10. nei, 13. ský, 15. ragú, 16. óma, 19. sí.

### Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (2.410) átti leik gegn Einari Hjalta Jenssyni (2.370) í annarri umferð Íslandsmótsins í skák í Tónlistarskóla Seltjarnarness.



**Hvítur á leik**
**35. Hxf7! Kxf7 36. Bc4+ Ke7 37. Bxa2 Hxc3 38. a6 Ha3 39. Bb3!** (Þennan leik varð hvítur að vera búinn að finna þegar hann lék 35. Hxf7.) **39. … c4 40. Bc2 Ha1+ 41. Kf2 1-0.** Aðeins tvær jafnteflisskákir í 12 skákum á mótinu! **www.skak.is** Fjórða umferð kl. 15 í dag.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

